HILDUR, TINNA OG ÞORGERÐUR

Könnuðu kosti jarðhita til orkuvinnslu

nám bílar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

6000 SNÚNINGAR

Umhverfisvænn ofursportbíll frá Toyota

Sérblað um nýja bíla

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Farsímalagerinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. febrúar 2007 — 51. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Yndisleg sýning fyrir unga anda

Páll Baldvin Baldvinsson gagnrýnir brúðusýninguna Pétur og úlfinn.

MENNING 23

Stóriðjunni ofaukið

„Fái stóriðjujarðvöðlarnir til þess umboð þjóðarinnar í kosningunum fram undan að vaða um landið eins og Gunnar Birgisson um Heiðmörk, munu áhrif þess ekki einskorðast við eitt kjörtímabil," segir Ólafur Hannibalsson.

Í DAG 16

Eftirsóttur leikari

Gísli Örn Garðarsson tekur að sér burðarhlutverk hjá breska þjóðleikhúsinu.

FÓLK 30

Ekki á leið heim

Handknattleikskappinn Þórir Ólafsson ætlar að finna sér nýtt lið erlendis og er ekki á leið heim.

ÍRÞÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



ÉL OG VINDUR - Í dag verður austan eða norðaustan stormur syðst og suðaustan til annars 8-15 m/s. Snjó- eða slydduél víða um land, einkum þegar kemur fram á daginn.

VEÐUR 4

Tólf þúsund skulda meðlag upp á fimmtán milljarða

Samtals 11.948 einstaklingar skulduðu samtals 14,9 milljarða króna í meðlög og dráttarvexti í lok síðasta árs. Elsti skuldarinn er 85 ára en sá yngsti 17 ára. Í hópi meðlagsskuldara eru 506 konur.

FJÁRMÁL Tæplega 12 þúsund einstaklingar skulduðu nær 15 milljarða í meðlög og vanskilavexti, með rúmlega 21 þúsund börnum í lok síðasta árs, samkvæmt því er fram kemur í nýútkominni ársskýrslu Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Af þessum hópi voru 11.442 karlmenn og 506 konur. Körlum í vanskilum fækkaði um 158 á milli ára en konum fjölgaði um fjórtán.

„Það kerfi sem er við lýði í dag tryggir öllum mánaðarlegar meðlagsgreiðslur í gegnum Tryggingastofnun og umboðsmenn tryggginganna," segir Hilmar Björgvinsson, forstjóri Innheimtustofnunar. „Þeir sem eru með börn fá því alltaf greitt meðlag, sem nú nemur 18.284 krónum á mánuði, inn á reikning án tillits til þess hvort tekst að innheimta hjá skuldaranum eða ekki. Það er sú trygging sem þjóðfélagið veitir. Vanskil fólks safnast oft upp á jafnvel tugum ára og menn geta verið hér í viðskiptum í 20-30 ár. Áætluð velta Innheimtustofnunar á þessu ári er um það bil þrír milljarðar."

Í ársskýrslunni kemur meðal annars fram að á síðasta ári náðist bestur árangur í innheimtu af útborguðum meðlögum ársins eða 83,6 prósent á móti 63,3 prósentum árið 1988. Næstbestur varð árangurinn á þessu tímabili árið 2005, en þá tókst að innheimta 78,1 prósent.

Elsti karlinn sem skuldaði meðlög á síðasta ári var 85 ára en sá yngsti 17 ára. Elsta konan sem skuldaði var sjötug en tvær yngstu rúmlega tvítugar.

Flestir karlkyns skuldarar voru fæddir 1966, samtals 510. Í hópi kvenna voru flestar sem skulduðu meðlög fæddar 1967, eða 30 talsins.

Í skýrslunni kemur enn fremur fram að hópur meðlagsgreiðenda sem skilgreindur er sem „skuldarar í erfiðleikum" skuldar samtals rúma 11 milljarða. Í hópnum eru 3.896 einstaklingar sem greiða með 8.095 börnum. - jss

SKULDARAR Í ERFIÐLEIKUM

2006	Fjöldi
Gjaldþrota	121
Með skiptalok	820
Árangurslaust fjárnám	1.900
Óstaðsett í hús/heimilislaus	460
Eru/hafa verið í fangelsi	565
Látnir með skuld	30

ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA Börn í 3. bekk Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi voru önnum kafin í gær við að sauma öskupoka fyrir öskudaginn. Sigrún Baldvinsdóttir handavinnukennari leiðbeindi börnunum og kynntust þau bæði vélsaumi og handsaumi um leið og þau viðhéldu þjóðlegum sið. Börnin heita Sædís, Arndís, Arnór, Kristín Ingibjörg, Tómas, Þór og Máni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Deutsche Bank í slagnum:

Þrjár leiðir færar í evruskráningu

VIÐSKIPTI Deutsche Bank hefur verið orðaður við uppgjör evruhlutabréfa í lok hvers viðskiptadags í Kauphöllinni.

Bankinn sem tekur að sér verkið hefur af því nokkrar tekjur en einnig kostnað.

Sérstök samráðsnefnd fer yfir kostina sem í boði eru en nokkur félög í Kauphöllinni stefna á að færa bréf sín yfir í evrur á árinu.

Þrjár leiðir eru sagðar færar, að Seðlabanki Íslands eða innlendur viðskiptabanki taki að sér verkið, farið verði í gegn um dönsku verðbréfaskráninguna, eða að erlendur viðskiptabanki, svo sem Deutsche Bank annist uppgjörið. - óká / Sjá Markaðinn

Finna má ósamræmi í orðum forsvarsmanna Baugs í réttarsal í Baugsmálinu:

Ber ekki saman um Miramar

BAUGSMÁL Ósamræmi var í framburði núverandi og fyrrverandi forsvarsmanns Baugs um stofnun fyrirtækis á Bahama-eyjum, þegar þeir gáfu skýrslu sem sakborningar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í Baugsmálinu.

Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, bar fyrir dómi í gær að hann hefði, ásamt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs Group, og Jóni Gerald Sullenberger, framkvæmdastjóra Nordica í Bandaríkjunum, farið til Bahama-eyja árið 1997 og stofnað Miramar. Fyrirtækið hafi átt að sinna fasteigna- og landakaupum, en aldrei hafið starfsemi. Það hafi svo verið lagt niður tveimur árum seinna.

Jón Ásgeir sagði söguna á talsvert annan hátt í héraðsdómi í síðustu viku, en þar hélt hann því fram að félagið Miramar hefði aldrei verið stofnað, það væri ekki annað en „hugarburður" lögreglu.

Settur ríkissaksóknari í málinu heldur því fram að til hafi staðið að færa eignarhald Fjárfestingafélagsins Gaums, fjölskyldufyrirtækis Jóns Ásgeirs, í skemmtibátnum Thee Viking, til Miramar.

-bj / sjá síðu 10

Garðkúlur á braut
þeim er hægt að snúa á móti sól eða undan vindi

Garðskálar á braut
hægt að opna yfir pallinum hvar sem er, 3 einingar raðast hver undir aðra

JÓN BERGSSON EHF.
Kletthálsi 15 110 Rvk S: 588 8886
www.JonBergsson.is

SHARP Pioneer VEGGSJÓNVÖRP Glæsilegt úrval!
www.ormsson.is
SAMSUNG LOEWE. ORMSSON
ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salaverði Kópavogi

499 kr/pk.
Hornafjarðarhumar 500 gr.

SPURNING DAGSINS

Þórarinn, ætlar þú að fá þér Bubba Ipod?

Ég á þegar Bubba á Ipod en það er alveg ljóst að ég verð líka að hafa Bubba-Ipod.

Bubbi Morthens og Apple IMC ætla að selja Bubba-Ipoda. Ágóðinn af sölunni rennur til unglingageðdeildar SÁÁ. Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ og Bubba-aðdáandi, vill eignast einn slíkan.

Yfirstjórn Bandaríkjahers býr sig undir hugsanleg átök:

Skipuleggur árásir á Íran

BANDARÍKIN Yfirstjórn Bandaríkjahers í Flórída hefur gert áætlanir um hvernig staðið skuli að loftárásum á Íran, yrði ákvörðun tekin um að ráðast á landið. Bandaríkjastjórn ítrekar þó að engin áform séu uppi að svo stöddu um árásir á Íran.

Fréttastofa breska útvarpsins BBC skýrði frá þessu í gær og vitnar þar til ónafngreindra embættismanna í Bandaríkjunum.

Samkvæmt áætlunum yfirstjórnar hersins er meiningin að loftárásir verði gerðar annars vegar á allar helstu bækistöðvar íranska hersins og hins vegar kjarnorkuver og aðra staði sem tengjast kjarnorkuvinnslu.

Meðal annars gera áætlanirnar ráð fyrir því að notaðar verði neðanjarðarsprengjur, sem grafa sig niður í jörðina áður en þær springa, til þess að eyðileggja kjarnorkuverið í Natanz sem er á 25 metra dýpi.

Í gær rann út sá frestur, sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna veitti Írönum til þess að hætta að auðga úran.

HERÆFINGAR Meðan Bandaríkjaher skipuleggur hugsanlegar árásir á Íran eru haldnar heræfingar í landi skotmarkanna.

Íranar urðu ekki við þeim kröfum og mega því búast við hertum efnahagslegum refsiaðgerðum af hálfu Öryggisráðsins.

Írönsk stjórnvöld hafa látið sér fátt finnast um hótanir Vesturlanda. Í vikunni efndu þau til hernaðaræfinga í Íran sem um 60 þúsund hermenn taka þátt í. - gb

Valgerður til Úganda:

Fundar með ráðamönnum

STJÓRNMÁL Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra hélt til Úganda í gær. Ráðherrrann mun hitta ráðamenn í landinu og kynna sér starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Auk þess mun Valgerður heimsækja flóttamannabúðir í Paderhéraði í Norður-Úganda, en íslensk stjórnvöld styðja skólamáltíðaverkefni þar á vegum Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP).

Frá Úganda heldur utanríkisráðherra til Jóhannesarborgar og Höfðaborgar í Suður-Afríku þar sem hún fer fyrir viðskiptasendinefnd á vegum Útflutningsráðs.- ifv

Samtök ferðaþjónustunnar:

Leggjast gegn nýjum Kjalvegi

SAMGÖNGUMÁL Stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar leggst gegn tillögum um að Norðurvegur byggi heilsársveg yfir Kjöl.

Í tilkynningu frá samtökunum segir að vegurinn verði lagður yfir ósnortið land í stað þess að nýta núverandi vegarstæði, að hann skeri í sundur göngu- og reiðleiðir norðan Hofsjökuls og svipti hálendið sérkennum sínum.

Samtökin vilja árétta sérstaklega að náið samráð verði haft við þau þegar kemur að útfærslu vega sem tengjast fjölsóttum ferðamannastöðum. - ifv

HARALDUR V Fimmtíu konungum og öðru tiginbornu fólki er boðið í veisluna.

Noregskonungur sjötugur:

Hátíðahöld í marga daga

NOREGUR, AP Hátíðahöld í tilefni af sjötugsafmæli Haralds V Noregskonungs hefjast í Ósló í dag, en þau munu ná hámarki með veislu um helgina. Í hana er boðið meira en 50 konungum, drottningum, öðru tiginbornu fólki og kjörnum þjóðhöfðingjum. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, verður á meðal gesta.

Sjötugsafmæli konungs er í dag, miðvikudag. Hann er þriðji konungur Noregs frá því norska konungdæmið var endurreist árið 1905 og tók við krúnunni af föður sínum, Ólafi V, árið 1991. - aa

Skólameistari sætir ákúrum kennara

Fyrirhuguð sameining Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands mætir andstöðu innan Iðnskólans. Skólameistari er sagður ganga fram af offorsi og vera erfiður í umgengni. Hann segir persónulega óvild í sinn garð lita málið.

MENNTAMÁL Mikil óánægja er á meðal hóps kennara Iðnskólans í Reykjavík vegna framgöngu Baldurs Gíslasonar skólameistara í tengslum við fyrirhugaða sameiningu Iðnskólans og Fjöltækniskóla Íslands. Andrúmsloftinu innan skólans er lýst sem rafmögnuðu vegna stöðugra deilna; kennarar óttist um réttindi sín en þori ekki að hafa sig í frammi vegna þess að skólameistari missi ítrekað stjórn á skapi sínu.

Baldur Gíslason skólameistari segir það alrangt að mikill urgur sé í skólanum og fjölmenn könnun hafi leitt í ljós að 40 prósent kennara séu hlynntir sameiningu en 50 prósent á móti. „Allar aðrar kannanir bið ég fólk að taka ekki mark á. Sérstaklega könnun sem gerð var á fámennum aðalfundi kennarafélags skólans og haldið hefur verið á lofti.“ Hér vísar Baldur til könnunar sem gerð var á aðalfundi kennarafélags skólans þar sem áætlunum um sameiningu var mótmælt og stór hluti fundarmanna greiddu atkvæði á móti.

Kennarar innan skólans gagnrýna að hugmyndir um sameininguna voru ekki kynntar í skólanefnd, sem er æðsta stjórnvald skólans, fyrr en þær voru á lokastigi. Baldur staðfestir að ekki hafi verið haft samráð við skólanefnd og það hafi verið ákvörðun hans og Jóns Stefánssonar, skólameistara Fjöltækniskólans, að hafa þennan háttinn á. „Það er ekki á valdsviði nefndarinnar að taka ákvörðun um þetta og við kynntum hugmyndirnar ekki heldur fyrir öðrum samstarfsmönnum.“ Baldur segir að vel megi gagnrýna þessa ákvörðun en hann og Jón hafi metið það svo að heilladrýgst væri að halda þessum áformum leyndum á meðan þeir mótuðu hugmyndirnar um sameininguna.

DÚKLAGNING Í IÐNSKÓLANUM Sumir kennarar skólans óttast að hefðbundið iðnnám muni verða vanrækt ef skólinn sameinast Fjöltækniskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

BALDUR GÍSLASON Skólameistari Iðnskólans í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Inntur eftir því að oft sjóði upp úr í samskiptum hans og kennara skólans, og hann eigi erfitt með að hemja skap sitt, segist Baldur kannast við. „Ég kannast alveg við það að það fýkur í mig þegar mér er misboðið. En ég geng ekki fram af ósanngirni.“

Baldur segir að sameining skólanna sé mikið framfaraspor fyrir iðn- og starfsmenntun í landinu en kannast við ótta kennara um að viss hluti nemenda muni síður leita þar menntunar í nýrri umgjörð. „Þó að rekstri skólans sé breytt erum við bundnir af námskrá og þjónustusamningur okkar við menntamálaráðuneytið skyldar okkur til að halda áfram með það nám sem skólinn hefur boðið upp á til þessa.“ svavar@frettabladid.is

ÞJÓÐHÁTÍÐARLUNDURINN Mikið rask er eftir hina umdeildu framkvæmd.

Skógræktarfélag Reykjavíkur:

Kærir jarðraskið í Heiðmörk

UMHVERFISMÁL Stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur hefur samþykkt drög að kæru á hendur Kópavogsbæ og verktakafyrirtækinu Klæðningu fyrir jarðrask og spjöll í Heiðmörk vegna lagningar vatnsleiðslu. Að teknu tilliti til ábendinga á fundi félagsins var gengið frá kærunni í gær og hún send lögreglu til meðferðar.

Lögreglurannsókn, sem væntanlega hefst með tilkomu kærunnar, mun líklega leiða í ljós hvað varð af trjánum og hvort einhver hagnaðist af hvarfi þeirra. Talið er að 100 til 300 tré hafi verið fjarlægð úr Heiðmörk þegar verktakar á vegum Kópavogsbæjar grófu þar fyrir og lögðu vatnsleiðslu. - shá

FÆREYJAR

Togari strandar

Verksmiðjutogarinn Atlantic Navigator strandaði út af Kunoyarnesi í Færeyjum í gærkvöld. Það tókst að ná honum aftur á flot skömmu eftir miðnætti. Skipið var dregið til hafnar í Ánunum, bæjar skammt frá strandstað.

NOREGUR

Lært af Sömum

Samar í Norður-Noregi hafa fundið fyrir áhrifum loftslagsbreytinga í áratugi. Vísindamenn ætla nú að kanna viðbrögð þeirra við breytingunum svo hægt verði að læra af þeim. Vísindamennirnir segja margt hægt að læra af hvernig Samar hafi skynjað breytingar og lagað sig að þeim.

BÍLL DAGSINS

VOLKSWAGEN GOLF 1.6

Nýskr. 10.05 - Beinskiptur - Ekinn 22 þús. km. - Allt að 100% lán.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Karlmaður á fertugsaldri situr í gæsluvarðhaldi fyrir eiturlyfjasmygl:

Metmagn af kókaíni í sendibíl

LÖGREGLUMÁL Karlmaður um fertugt sem nú situr í gæsluvarðhaldi gerði tilraun til að smygla inn mesta magni af kókaíni sem reynt hefur verið að smygla til landsins á einu bretti. Um var að ræða tæp fjögur kíló af kókaíni og lítilræði af amfetamíni falið í Mercedes Benz Sprinter sendibíl sem fluttur var inn frá Cuxhaven í Þýskalandi.

Tollgæslan í Reykjavík fann efnin 11. nóvember síðastliðinn vandlega falin í bílnum sem hafði verið fluttur til landsins með Samskipum og stóð í Sundahöfn. Bíllinn var sóttur í byrjun febrúar og maðurinn handtekinn 9. sama mánaðar. Hann var skráður sem viðtakandi bílsins. Daginn eftir var maðurinn í Héraðsdómi Reykjavíkur úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald. Hann áfrýjaði til Hæstaréttar, sem staðfesti úrskurðinn. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur maðurinn áður setið í fangelsi erlendis fyrir fíkniefnabrot.

KÓKAÍN Í VÖRSLU LÖGREGLU Fjögur kíló kókaíns fundust í bíl mannsins auk amfetamíns.

Tveir aðrir hafa verið yfirheyrðir í málinu, sá síðari í gær, en þeim var sleppt að lokinni yfirheyrslu. Greining á styrkleika fíkniefnanna liggur enn ekki fyrir. Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir rannsókn málsins halda áfram af fullum krafti.

Rétt rúm vika er síðan tvær miðaldra íslenskar konur voru handteknar með tæp 700 grömm af kókaíni falin innvortis og innan klæða þegar þær komu saman með flugi frá Amsterdam.

Samkvæmt samantekt SÁÁ á götuverði kókaíns var verð á grammi af kókaíni tæplega 14 þúsund krónur og gæti andvirði kókaínsins í sendibílnum numið 50 milljónum króna að minnsta kosti. EF efnið er sterkt kann að vera hægt að drýgja það tvö- eða þrefalt og gæti því söluverðmætið hæglega orðið allt að 150 milljónir króna. - jss/þsj

Fjölskyldan hjá SPRON

Allt að 68.672 kr.

endurgreiðsla á einstakling



Vilt þú slást í hópinn og eiga kost á endurgreiðslu að ári?

Skilvísir viðskiptavinir fjölskylduþjónustu SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2006. Endurgreiðslan nam allt að 68.672 krónum á einstakling í fjölskylduþjónustunni.

Þetta er aðeins hluti af ávinningnum af því að vera í fjölskylduþjónustu SPRON – og það besta er að þjónustan kostar ekkert.

ARGUS 07-0060

Endurgreiðsla ársins 2006 samanstendur af:

- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar eða víxla
- 50% af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- 5% af öllum tryggingaiðgjöldum hjá Verði Íslandstryggingu

Skráðu fjölskylduna á **spron.is**
og þú gætir tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.

spron

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

GENGIÐ 20.02.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	66,11	66,43
Sterlingspund	128,86	129,48
Evra	86,91	87,39
Dönsk króna	11,655	11,723
Norsk króna	10,810	10,874
Sænsk króna	9,393	9,449
Japanskt jen	0,5499	0,5531
SDR	99,12	99,72

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 119,0058

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Von á aðgerðaáætlun á vefnum einkamal.is í kjölfar tálbeitumáls:

Segir aukna ritskoðun nauðsyn

SAMFÉLAGSMÁL Nauðsynlegt þykir að efla ritskoðun á efni sem sett er inn á samskiptavefi á borð við einkamal.is. Þetta segir Rúna Sif Harðardóttir, þjónustustjóri D3, sem annast umsjón vefsíðunnar einkamál.is.

Tveir fimmtán ára drengir viðurkenndu í gær í þættinum Bítið, að hafa lokkað til sín eldri karlmenn með svokallaðri tálbeituaðferð. Drengirnir þóttust vera fjórtán ára stúlkur og höfðu þeir fé af körlunum í skiptum fyrir myndir. Drengirnir skipulögðu því næst stefnumót og tóku þá myndir af mönnunum. Slík uppátæki þykja varasöm og eftir að viðtalið birtist sendi verkefnið SAFT, sem barist hefur fyrir öruggari netnotkun barna og unglinga, frá sér fréttatilkynningu þar sem harmað var að almenningur tæki lögin í sínar hendur með þessum hætti.

VARASÖM UPPÁTÆKI Þjónustustjóri D3 fer yfir auglýsingar á einkamal.is daglega til að taka út óæskilegar auglýsingar, svo sem frá börnum.

Rúna segir slæmt til þess að vita að svona samskipti fari fram í gegnum einkamal.is. „Sjálf fer ég yfir vefinn einu sinni á dag til að athuga hvort þar sé eitthvað misjafnt á ferðinni, það er meiri skoðun en viðgengst á svipuðum vefjum. Ég kemst samt ekki yfir allt enda um 110 þúsund notendur sem stunda vefinn," segir Rúna.

Þau svör fengust hjá Höddu Hreiðarsdóttur, vefstjóra Vísis, sem einkamal.is eru hluti af, að aðgerðaráætlun væri í vinnslu um einkamal.is. Von væri á niðurstöðum innan tíðar. Hún tók undir orð Rúnu um að þörf gæti verið á að fara betur yfir þau innlegg sem sett eru á vefsíðuna. - kdk

Stal ósamsettu fjórhjóli:

Sagðist hafa fundið hjólið

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn á mánudag eftir að hafa stolið ósamsettu fjórhjóli og dekkjum sem með því fylgdu þar sem það stóð fyrir utan verslun í Reykjavík. Fjórhjólið, sem var glænýtt, fannst skömmu síðar á verkstæði annars staðar í borginni þar sem maðurinn var að eiga við það. Maðurinn sagðist hafa fundið hjólið fyrir utan verkstæðið. Lögregla tók þau orð mannsins ekki trúanleg.

Þá fannst jeppakerra á verkstæðinu sem grunur leikur á að maðurinn hafi einnig stolið. - þsj

LEIGUBÍLAR BSR Bilunin í símkerfinu varði í fjörutíu mínútur.

Þetta númer er lokað:

Grunsamlega róleg vakt á BSR

SAMGÖNGUR „Það urðu allir sælir og glaðir þegar þeir fengu loksins bíl," segir Guðmundur Börkur Thorarensen, framkvæmdastjóri Bifreiðastöðvar Reykjavíkur.

Þeir sem hringdu í stöðina til að fá leigubíl um klukkan tíu í gærmorgun fengu ekki bíl þar sem aðeins barst tilkynning um að númer stöðvarinnar væri lokað. Guðmundur segir þó af og frá að gleymst hafi að borga símreikninga heldur hafi komið upp bilun sem varði í um 40 mínútur.

Mistökin komu ekki í ljós fyrr en bílstjórum fór að þykja vaktin grunsamlega róleg. „Ég vona að allir hafi fengið bíl að lokum," segir Guðmundur brattari eftir að málum var kippt í liðinn. - kdk

Tréverkshúsið á Bíldudal:

Skemmdist mikið í eldi

LÖGREGLUMÁL Eldur kom upp í Tréverkshúsinu á Bíldudal um hádegisbilið í gær. Allt tiltækt lið frá Brunavörnum Vesturbyggðar var kallað út til að slökkva eldinn sem gekk erfiðlega þar sem hann hafði borist hratt um allt húsið.

Eldsupptök eru ókunn en að sögn lögreglunnar verða tæknimenn sendir til Bíldudals á morgun til að rannsaka eldsupptök. Engin starfsemi hefur verið í húsinu frá því um jól. Ekki er vitað um hversu mikið tjón er að ræða vegna brunans en lögreglan segir að allt sem brunnið gat hafi orðið eldinum að bráð. - ifv

Matarverð þegar byrjað að lækka

Framleiðendur byrja að verðmerkja matvöru samkvæmt nýju reglunum í dag og næstu daga koma þessar vörur í verslanir. Vörur getur vantað næstu daga þar sem í mörgum tilfellum er lítið til á lager.

MATVÖRUVERÐ Undirbúningur fyrir matarskattslækkunina 1. mars er í fullum gangi hjá framleiðendum, heildsölum og kaupmönnum. Framleiðendur, sem þurfa að láta forpakka og formerkja vöru, byrja á morgun að verðmerkja samkvæmt nýju reglunum þannig að vörur verði rétt verðmerktar í verslunum þegar virðisaukaskattur lækkar og vörugjöld verða afnumin fimmtudaginn 1. mars.

Sigurður Þ. Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að endurmerkja verði vörur, skrifa nýja hillumiða og ganga frá prósentulækkun í kassakerfi. Þetta síðarnefnda sé ekki flókið en meira mál sé að skipta út hillumiðum og það verði gert að morgni 1. mars. „Forpakkaðar vörur fara að lækka í verði á morgun," segir hann.

Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri MS, segir að þegar sé byrjað að verðmerkja ost samkvæmt nýju reglunum. „Þessar breytingar eiga að skila sér að fullu 1. mars og við tókum forskot á sæluna, ef svo má segja. Ostur hefur nokkurra mánaða geymsluþol og þess vegna byrjuðum við snemma í febrúar að verðmerkja samkvæmt nýju reglunum," segir hann.

NÝTT VERÐ Á LEIÐ Í BÚÐIR Ostur hefur nokkurra mánaða geymsluþol og þess vegna var byrjað snemma í febrúar að verðmerkja samkvæmt nýju reglunum. Hér sést starfsmaður MS stafla osti með nýju verðmerkingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MATARVERÐ

Munur fyrir og eftir skattalækkunina 1. mars

	Fyrir	Eftir
Nýmjólk 1 l	85	80
Brauðostur 1 kg	1.018	955
Nautahakk 1 kg	1.100	1.032
Samlokubrauð	250	235
Tómatar 1 kg	400	375
Bananar 1 kg	180	169
Gosflaska 2 l	250	198
Ávaxtasafi 1 l	150	120
Kaffi 500 g	400	357
Sætt kex	200	159

Heimild: ASÍ

Starfsmenn Kaupáss eru á fullu að undirbúa breytingarnar. „Þetta er mikið verk sem þarf að undirbúa," segir Kristinn Skúlason, rekstrarstjóri Krónunnar. „Við höfum fækkað pöntunum og reynum að fá vörur með nýjum virðisaukaskatti sem næst mánaðamótum."

Októ Einarsson, framkvæmdastjóri hjá Danól, segir að vörugjöld lækki strax og ný vara komi í hús eftir 1. mars. „Það er matsatriði hvort við lækkum þær vörur sem við eigum á lager eða höldum verðinu óbreyttu. Ef lagerinn er lítill þá lækkum við en ef við eigum mikið af vörum á lager þá reynum við að selja vörurnar fyrstu vikurnar í mars," segir hann.

Ekki er ljóst hvernig tollalækkun á innfluttum kjötvörum kemur út. „Ég held að heildsalar séu farnir að haga innkaupum sínum öðruvísi en áður því að við höfum orðið varir við vöntun á einstaka vöru sem ber toll," segir Friðrik Ármann Guðmundsson, kaupmaður í Melabúðinni, og telur að verðlækkun vegna tollalækkunar hafi lengri aðdraganda.

Böðvar Jónsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, telur ólíklegt að breytingar verði gerðar á áfengisgjaldi fyrir 1. mars.

ghs@frettabladid.is

Frjálslyndi flokkurinn:

Kristinn H. í annað sæti

STJÓRNMÁL Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður ákvað í gær að þiggja annað sæti á framboðslista Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar í maí.

Kristinn sagði að sér hefðu staðið margir kostir til boða. „Aðalástæðan fyrir því að ég valdi Norðvesturkjördæmi er að þar hef ég starfað að undanförnu, því ákvað ég að fara þar fram þótt það væri í annað sæti," segir Kristinn en Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslyndra, er í fyrsta sæti kjördæmisins.

Kristinn gekk formlega í raðir Frjálslynda flokksins í fyrradag. - kdk

Íranir um auðgun úrans:

Til í að hætta ef aðrir hætta

ÍRAN, AP Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti segir að Íranar geti vel hugsað sér að hætta auðgun úrans til þess að viðræður geti hafist, en þá verða líka Bandaríkjamenn og aðrir sem biðja um slíkar viðræður að gera slíkt hið sama og hætta að auðga úran.

MAHMOUD AHMADINEJAD

„Við viljum viðræður, en það verða að vera sanngjarnar viðræður. Það þýðir að báðir aðilar mæti til viðræðna með sömu skilyrðum," sagði hann.

Í dag rennur út sá frestur sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gaf Írönum til þess að hætta auðgun úrans, að öðrum kosti megi þeir reikna með frekari refsiaðgerðum. - gb

Photoshop ljósmyndun

Námskeið fyrir þá sem komnir eru nokkuð af stað í meðferð stafrænna ljósmynda. Farið verður í grunnatriði skráarbreytinga í ljósmyndun og vinnslu úr hráum myndum (RAW) beint úr vél í gegnum Photoshop.
Megináherslur eru á lagfæringar lita og ljóshita, grunnatriði myndvinnslu á mismunandi hátt. Unnið er með skapandi hugsun, myndbyggingu og þátttakendum leiðbeint í að virkja eigin sköpun til að skapa áhugaverðar ljósmyndir.

Lengd 30 std. Verð kr. 29.000,-
Kennsla hefst 26. feb og lýkur 14. mars,
kennt er mán og mið kl. 18 - 21.30.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

LÉTTIR TIL Á MORGUN

Sé horft heildrænt á veðrið næstu daga eru horfur á að smám saman rofi til á landinu sunnanverðu. Á morgun ætti að verða bjart suðvestanlands en á föstudag má búast við éljum allvíða. Hins vegar lítur út fyrir að helgin verði síðan björt sunnan til á landinu. Reyndar með frosti en vind lægir er nær dregur helgi og því gæti þetta orðið prýðis helgarveður.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Austan 8-13 m/s með slydduéljum eftir hádegi. Hiti 0-3 stig.

um hádegi »



» á morgun



15-20 m/s sunnan til annars 5-13 m/s

» föstudagur



5-10 m/s en hvassara suðaustan til.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	1°C	snjóél	London	10°C	skúrir	Alicante	12°C skúrir
Þórshöfn	8°C	léttskýjað	París	8°C	skúrir	Mallorca	18°C heiðskírt1
Osló	-14°C	alskýjað	Frankfurt	9°C	hálfskýjað	Algarve	19°C léttskýjað
Stokkhólmur	-8°C	alskýjað	Friedrichshafen	10°C	hálfskýjað	Krít	18°C léttskýjað
Gautaborg	-3°C	alskýjað	Berlín	3°C	léttskýjað	Las Palmas	20°C heiðskírt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Engin hert fita!

Í mjólkur- og rjómaísblöndum frá Emmessís er engin hert fita. Það er aðeins eitt af mörgu sem skapar þessum ís afdráttarlausa sérstöðu meðal íslenskra ístegunda.

Njóttu lífsins – fáðu þér Emmessís!

ARGUS 07-0143

KJÖRKASSINN

Fékkst þú þér bollu á bolludaginn?

JÁ	75,3%
NEI	24,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er eðlilegt að stjórnvöld bregðist við klámráðstefnunni?

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Borgarmeirihlutinn ánægður með hlut Reykjavíkur í samgönguáætlun:

Gatnamót fresta jarðgöngum

SAMGÖNGUMÁL „Mikil ánægja er innan meirihlutans með forgangsröðun á höfuðborgarsvæðinu. Meira kemur í hlut Reykvíkinga en hefur verið um langt árabil," segir Óskar Bergsson, formaður framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar, inntur eftir því hvort samgönguáætlun Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra sé ásættanleg í augum borgarstjórnar.

Óskar segir öll helstu áhersluatriði borgaryfirvalda komin á dagskrá. Dagur B. Eggertsson, oddviti minnihlutans í borgarstjórn, segir á heimasíðu sinni að samgönguáætlun líti algerlega fram hjá óskum og forgangsröðun sveitarfélaganna og sé „sem blaut tuska framan í borgarstjóra". Þar tiltekur hann frestun stokks í Mýrargötu og að til Öskjuhlíðarganga fáist aðeins undirbúningsfé á tímabilinu. „Gagnrýni minnihlutans hittir þá sjálfa fyrir því staðan í skipulagsmálum er ekki lengra komin vegna vandræðagangs þeirra", segir Óskar. Hann segir það ástæðuna fyrir því að stokkur við Mýrargötu er ekki á dagskrá fyrr en 2011-2014. „Við vinnum þetta í takt við það skipulag sem er tilbúið á hverjum tíma."

TÖLVUMYND Svona gæti Mýrargatan og slippsvæðið litið út eftir breytingar.

Óskar segir að Öskjuhlíðargöngin séu eina framkvæmdin sem meðvitað er færð aftur fyrir því mislæg gatnamót á Kringlumýrarbraut og Miklubraut dragi úr þörfinni á göngunum. Ekki náðist í Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson borgarstjóra. - shá

Vindhraði 50 m/s í Öræfum:

Bíllinn fauk út af veginum

LÖGREGLUMÁL Fólksbíll fauk út af veginum nálægt Sandfelli í Öræfum klukkan rúmlega þrjú í gær. Mikið rok var á svæðinu í gærdag. Vindhraði fór upp í fimmtíu metra á sekúndu og lenti bíllinn í sviptivindum að sögn lögreglunnar á Höfn í Hafnarfirði. Rúðurnar í bílnum brotnuðu í atganginum og bíllinn laskaðist töluvert.

Björgunarsveitin fór á vettvang og aðstoðaði ökumann og tvo farþega sem voru í bílnum; þeir sluppu ómeiddir frá óhappinu. Að sögn lögreglunnar er að svo stöddu ekki vitað hversu mikið bíllinn skemmdist. - ifv

Neyddi aðra þeirra til vændis:

Dani misnotaði dætur sínar

KAUPMANNAHÖFN, AP Tæplega fimmtugur Dani sem játaði að hafa misnotað tvær ungar dætur sínar og neytt aðra þeirra til vændis var dæmdur í tíu ára fangelsi í gær. Stúlkurnar eru níu og tólf ára gamlar.

Misnotkun á eldri dótturinni hófst árið 1996 þegar hún var aðeins tveggja ára. Einnig seldi hann aðgang að henni í gegnum auglýsingar í dagblöðum. Fjórtán hafa verið sakfelldir fyrir að misnota stúlkuna. Yngri stúlkuna misnotaði maðurinn árin 2003 og 2004. Móðirin var sakfelld fyrir að hafa hvatt til og stundum horft á misnotkun föðurins. - sdg

ÚTIVIST

Ný heimasíða hestsins

Ný heimasíða Félags eigenda íslenskra hesta erlendsis (FEIF) var opnuð á ársfundi félagsins sem haldinn var í Glasgow í Skotlandi um síðustu helgi. Í félaginu eru 56 þúsund meðlimir frá átján löndum. Slóðin á síðuna er http://www.feif.org/.

ATVINNUMÁL

Laxaseiðum eytt

Laxaseiðum og laxahrognum var fargað í Laxeldisstöðinni á Laxeyri í gær eftir að nýrnaveiki kom upp í þeim. Bakterían sem veldur nýrnaveikinni lifir í íslenskri náttúru og koma nokkur tilfelli upp af henni á hverju ári.

BÍLAR Í BRUSSEL Evrópusambandið samþykkir aðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umhverfisráðherrar ESB:

Draga verulega úr útblæstri

EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP Umhverfisráðherrar Evrópusambandsríkjanna samþykktu í gær að aðildarríkjunum verði gert að draga úr útblæstri koltvísýrings um 20 prósent til ársins 2020. Enn fremur eru þeir reiðubúnir að draga úr útblæstrinum um 30 prósent ef önnur iðnríki gera slíkt hið sama.

Aðildarríkin 27 eiga þó enn eftir að koma sér saman um til hvaða aðgerða hvert þeirra verði að grípa til þess að ná þessu markmiði. Reiknað er með að sum ríkin taki á sig þyngri byrðar í þessum efnum en önnur. - gb

Heilsuverndarstöð verður breytt í hótel

Þorsteinn Steingrímsson keypti húsið á meira en 1.070 milljónir. Forstöðumaður Húsafriðunarnefndar segir að Þorsteinn þurfi leyfi til að breyta friðuðum hlutum hússins. Erna Hauksdóttir segir að í Reykjavík sé ekki lúxushótel.

SKIPULAGSMÁL Athafnamaðurinn Þorsteinn Steingrímsson hefur keypt Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg. Markús Már Árnason, eigandi verktakafyrirtækisins Mark-Hús sem átti húsið, staðfestir að Þorsteinn hafi keypt það fyrir um mánuði síðan.

Jón Guðmundsson hjá Fasteignamarkaðnum, sem seldi Heilsuverndarstöðina fyrir Mark-Hús, segir að kaupandinn ætli að opna hótel í húsinu. Uppsett verð á húsinu var 1.100 milljónir en hvorki Markús né Jón vilja segja á hvað húsið var selt á endanum. Aðspurður segir Markús þó að kaupverðið sé hærra en 1.070 milljónir. Hann keypti húsið af Reykjavíkurborg og íslenska ríkinu á 980 milljónir króna.

Að sögn Jóns mun kaupandinn þurfa að breyta Heilsuverndarstöðinni töluvert ef hann ætlar að reka þar hótel. Ytra borð byggingarinnar og þrjú anddyri hennar eru friðuð að sögn Magnúsar Skúlasonar, forstöðumanns Húsafriðunarnefndar. Magnús segir að Þorsteinn muni þurfa sérstakt leyfi Húsafriðunarnefndar til að breyta friðuðum hlutum hússins.

Þorsteinn eignast einnig fimmtán hundruð fermetra byggingarrétt á milli Heilsuverndarstöðvarinnar og Domus Medica. Magnús segir að hann muni einnig þurfa leyfi nefndarinnar til að byggja á þeim reit.

HEILSUVERNDARSTÖÐIN VIÐ BARÓNSSTÍG Nýr eigandi Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg ætlar að breyta henni í hótel segir Jón Guðmundsson hjá Fasteignamarkaðnum.

Að mati Magnúsar er það sorglegt að ekki hafi verið hægt að nota húsið undir heilbrigðisþjónustu áfram því það sé fyrsta sérhannaða heilsugæsluhúsið sem byggt var á Íslandi.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að erfitt sé að meta hvers konar hóteli þörf er á í Reykjavík um þessar mundir. Hún segir að mörg ný þriggja og fjögurra stjörnu hótel muni opna í borginni á árinu en að hér sé ekkert fimm stjörnu lúxushótel. „Það hefur stundum verið sagt að það þurfi fimm stjörnu hótel hér í Reykjavík en það þyrfti mikla markaðssetningu til að ná til þess hóps sem notar slík hótel ef hann er þá til hér á landi," segir Erna.

Kaupsamningnum á milli Þorsteins Steingrímssonar og Mark-Húss hefur enn ekki verið þinglýst og því er ekki hægt að greina frá nákvæmu kaupverði að svo stöddu.

Ekki náðist í Þorstein Steingrímsson í gær vegna málsins.

ingifreyr@frettabladid.is

HEILSUVERNDARSTÖÐ REYKJAVÍKUR

Arkitektar: Einar Sveinsson og Gunnar Ólafsson.
Byggingarár: 1950 til 1955.
Sérstaða: Fyrsta húsið sem var sérhannað sem heilsugæslustöð á Íslandi.
Gildi: „Þetta er ein af einkennisbyggingum Reykjavíkur. Ásamt Melaskólanum er þetta merkasta bygging Einars Sveinssonar arkitekts. Hún setur mikinn svip á umhverfi sitt og hefur menningarsögulegt gildi út frá starfsemi sinni og einnig listasögulegt gildi. Það er dálítið ógæfulegt hvernig hefur farið fyrir húsinu." Pétur H. Ármannsson arkitekt.

Ekki gert ráð fyrir margvíslegum kostnaði við framkvæmd þjóðlendulaga:

28 milljónir króna í gjafsóknir

ÞJÓÐLENDUMÁL Þegar þjóðlendulögin voru sett árið 1998 var ekki gert ráð fyrir því í að ríkið þyrfti að greiða lögmannskostnað þeirra sem gættu hagsmuna landeigenda. Þessi kostnaður var 28 milljónir króna árið 2006.

Jafnramt var ekki gert ráð fyrir því að ríkið þyrfti að greiða kostnað við leit að gögnum sem snerta framkvæmd þjóðlendulaganna, við gerð og prentun korta, aðalmeðferð mála og kynningu í fjölmiðlun á þjóðlendukröfum ríkisins.

Þetta kemur fram í svari Ragnheiðar Árnadóttur, aðstoðarmanns Geirs H. Haarde forsætisráðherra, vegna kostnaður ríkisins af framkvæmd þjóðlendulaga árin 1998 til 2005: hann var 447,2 milljónir króna. Í greinargerð með þjóðlendulögunum kemur fram að reikna megi með 8,8 milljóna kostnaðar vegna framkvæmdar laganna. Ragnheiður segir að einungis hafi verið hægt að gera grófa útreikninga um kostnaðinn við framkvæmd laganna því umfang þjóðlendumála hafi verið óljóst.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra sagði á fundi Skotveiðifélags Íslands í síðustu viku að sú breyting sem hann hefur beitt sér fyrir á framkvæmd þjóðlendulaganna snúist um að óbyggðanefnd hefji rannsókn á tilteknum svæðum áður en ríkið geri kröfu um að jarðir á svæðinu verði gerðar að þjóðlendum.

Með þessari breytingu telur ráðherrann að minni gagnrýni verði sett fram á lögin því kröfurnar verði raunhæfari og reikna má með kostnaður vegna framkvæmdar laganna minnki. - ifv

ÁRNI MATHIESEN Fjármálaráðherra sagði á fundinum hjá Skotveiðifélagi Íslandsí síðustu viku að kröfugerðarlýsingar ríkisins í framkvæmd þjóðlendulaganna hafi hingað til gengið út á það að skjóta fyrst og spyrja svo.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

www.toyota.is

Aukahlutaútsala

Allir vita að það eru aukahlutirnir sem eru aðalmálið.



ÍSLENSKA SÍA.IS TOY 36339 02/07

Toyota aukahlutir - fullkomnaðu útlitið og öryggið.

Vindskeiðar, þokuljós, mottur, hliðarlistar og margt fleira á frábæru verði á aukahlutaútsölu Toyota Kópavogi **miðvikudag**, **fimmtudag** og **föstudag**.

Komdu í Toyota Aukahluti á **Nýbýlavegi 2** og gerðu frábær kaup á meðan útsölunni stendur.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða X-Factor keppandi missti framan af fingri á laugardaginn?*

2 *Hvað heitir formaður Sjúkraliðafélags Íslands?*

3 *Hvar á landinu vilja félagar í Fuglafélaginu Fuglavernd koma upp arnarskoðunarsetri?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 30

Stóra hvalveiðiskipið, Nisshin Maru, enn í vanda við Suðurskautið:

Erfiðlega gengur að gangsetja

JAPAN, AP Ekki hafði enn tekist að ræsa vélarnar í stóru japönsku hvalveiðiskipi, Nisshin Maru, í gær en eldur kom upp í skipinu við Suðurskautslandið á föstudaginn í síðustu viku. Um 70 manns úr áhöfn skipsins eru enn um borð.

Umhverfisráðherra Nýja-Sjálands segir ólíklegt að heimild fáist til að draga skipið til hafnar þar. Hvalveiðar eru bannaðar á Nýja-Sjálandi og um borð í skipinu eru bæði dauðir hvalir og mikið magn af olíu, sem einhver hætta er á að geti lekið út.

Vélarbilunin hefur komið hvalveiðum Japana við Suðurskautslandið í uppnám. Á þessari vertíð var meiningin að veiða 945 hvali, en Nisshin Maru er eina skipið sem hefur aðstöðu um borð til að vinna hvalkjöt. - gb

NISSHIN MARU Bilaða hvalveiðiskipið er bundið við tvö önnur japönsk hvalveiðiskip og verður hugsanlega dregið til hafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Grænt ljós frá Persónuvernd:

Í lagi að banna myndatökur

PERSÓNUVERND Engar athugasemdir eru gerðar af hálfu Persónuverndar við fyrirhugaða lagabreytingu sem felur í sér þá breytingu að bannað verður að taka ljósmyndir og hljóðrita á göngum dómshúsa landsins. „Öðrum en dómstólnum sjálfum eru óheimilar myndatökur og hvers kyns hljóð- og myndupptökur í dómshúsum.

Frá þessu má víkja í einstök skipti með leyfi dómstjóra, enda sé þess gætt að myndatökum og upptökum verði ekki beint að aðilum dómsmáls án þeirra samþykkis," segir í frumvarpinu. - gar

BÖRN VIÐ SJÓNVARPSSKJÁINN Breskur sálfræðingur segir það algert ábyrgðarleysi foreldra að leyfa börnum að horfa mikið á sjónvarp. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjónvarpið hættulegt heilsu barna

Sjónvarpsgláp getur haft meiri og mun alvarlegri áhrif á heilsu og þroska barna en áður var talið, ef marka má breska sálfræðinginn Aric Sigman.

BRETLAND Breski sálfræðingurinn Aric Sigman heldur því fram að of mikið sjónvarpsgláp geti valdið bæði nærsýni og svefntruflunum, raskað hormónastarfsemi og aukið líkur á krabbameini.

Enn fremur segir hann tengsl geta verið milli sjónvarpsgláps og athyglisbrests, einhverfu, Alzheimersjúkdómsins, auk þess sem hann segir vísbendingar um að sjónvarpsgláp valdi því að börn verði fyrr kynþroska en ella. Þá segir hann of mikið sjónvarpsgláp hægja á efnaskiptum sem tengjast bæði offitu og sykursýki.

Þessar fullyrðingar byggir hann á ítarlegri könnun sem hann hefur gert á meira en þrjátíu rannsóknum annarra vísindamanna, sem þeir hafa gert á sjónvarpsglápi og tölvunotkun.

Um þessa rannsókn Sigmans er víða fjallað í breskum fjölmiðlum þessa vikuna, en grein eftir hann sjálfan um málið verður birt á vefsíðu breska líffræðitímaritsins Biologist á föstudaginn.

Við sex ára aldur hafa bresk börn að meðaltali samtals horft á sjónvarps- eða tölvuskjá í eitt ár samfleytt, og þegar fólk er orðið 75 ára hefur það að meðaltali varið 12 árum fyrir framan skjáinn.

„Að leyfa börnum að halda áfram að horfa svona mikið á skjámiðla er afsal foreldra á ábyrgð sinni," er haft eftir Sigman í nokkrum breskum fjölmiðlum í gær.

Sigman gefur foreldrum þau ráð að láta börn sem eru yngri en þriggja ára aldrei horfa á sjónvarp, og að börn á aldrinum þriggja til fimm ára fái ekki að horfa á sjónvarp nema í hálftíma á dag hið mesta. Eldri börn ættu, samkvæmt ráðum hans, ekki að horfa á sjónvarp eða nota tölvu nema í mesta lagi eina klukkustund á dag.

Sigman hefur áður skrifað bók um skaðleg áhrif sjónvarpsgláps á börn og hvatt foreldra til að setja þeim strangar skorður. Aðrir sérfræðingar hafa þó sagt tillögur hans óraunhæfar.

gudsteinn@frettabladid.is

Sex fyrir rétti vegna ráns á tveimur Munch-málverkum:

Áfrýjunarréttarhöld hafin

ÓSLÓ, AP Áfrýjunarréttarhald í málum sex sakborninga í Munch-málverkaráninu frá árinu 2004 hófst í Borgardómi Óslóar í gær.

Fyrsta verk dómforsetans var að vísa frá beiðni verjenda um frekari frestun á réttarhaldinu. Í maí voru þrír sakborningar dæmdir fyrir að hjálpa þjófunum. Þrír aðrir voru sýknaðir.

Grímuklæddir, vopnaðir þjófar höfðu tvö af þekktustu og verðmætustu málverkum Munchs, „Ópinu" og „Madonnu", á brott með sér úr Munch-safninu í Ósló síðsumars 2004. Þau fundust skemmd í lok ágúst. Unnið er að viðgerðum. - aa

MÁLVERK MUNCHS „Madonna" Munchs í höndum safnstarfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SHARP®

Frumkvöðull LCD tækninnar.

Tæknirisinn SHARP er frumkvöðull að þróun veggsjónvarpa með LCD skjá – tækni sem leysir nú gömlu lampasjónvörpin af hólmi. Veldu SHARP – þeir þróuðu sjónvarp nútímans.

ÞESSI GLÆSILEGU SHARP LCD SJÓNVÖRP...

SHARP LCD sjónvarp með DVB-T móttakara

- HD Ready - tilbúið fyrir næstu kynslóð sjónvarpstækni
- 1366 x 768 HD upplausn (16:9 widescreen)
- Kontrast: 1200:1 - frábær dýpt og litaskerpa
- 6 ms svartími
- Birta: 450 cd/m2
- Sjónsvið: 176°/176° - myndgæðin haldast þó horft sé frá hlið
- Innbyggður DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort
- Clear Flat hljóðkerfi - frábær og kraftmikill hljómur

SHARP LC-32GD8E 32”
Verð: 179.900.-

37"

Á BETRA VERÐI EN NOKKRU SINNI FYRR!

SHARP 37” HD LCD sjónvarp

- HD Ready - tilbúið fyrir næstu kynslóð sjónvarpstækni
- 1366 x 768 HD upplausn (16:9 widescreen)
- Kontrast: 1200:1 (Dynamic 3000:1) - frábær dýpt og litaskerpa
- 6 ms svartími
- Sjónsvið: 176°/176° - myndgæðin haldast þó horft sé frá hlið
- Stafrænt HDMI tengi og PC-tölvuinngangur
- Birta: 450 cd/m2

SHARP LC37SA1E 37”
Verð: 229.900.-

SHARP LCD sjónvarp með truD

- HD Ready - tilbúið fyrir næstu kynslóð sjónvarpstækni
- Einstök hönnun - fallegar línur og stílhreinn píanósvartur rammi
- truD myndvinnsla eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar
- 1366 x 768 HD upplausn (16:9 widescreen)
- Kontrast: 1200:1 (Dynamic 3000:1) - frábær dýpt og litaskerpa
- 6 ms svartími
- Sjónsvið: 176°/176° - myndgæðin haldast þó horft sé frá hlið
- Tvö stafræn HDMI tengi og PC-tölvuinngangur
- Birta: 450 cd/m2

SHARP LC-32RA1E 32”
Verð: 199.900.-
SHARP LC-37RA1E 37”
Verð: 259.900.-

KVIKA

HD ready

LCD sjónvörp í þessum gæðaflokki hafa aldrei kostað minna en einmitt nú!

ORMSSON

ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9	SMÁRALIND	RADIONAUST-AKUREYRI	KEFLAVÍK	MODEL-AKRANESI	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	VÍK-NESKAUPSTAÐ	VÍK-REYÐARFIRÐI	VÍK-EGILSSTÖÐUM	HÚSAVÍK
SÍMI 530 2800	SÍMI 530 2900	SÍMI 461 5000	SÍMI 421 1535	SÍMI 431 3333	SÍMI 480 1160	SÍMI 456 4751	SÍMI 477 1900	SÍMI 474 1477	SÍMI 471 2038	SÍMI 464 1515

Mikil mildi

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Veldu létt og mundu eftir **ostinum!**

Óvenjulegt gagn sýnt dómnum í Baugsmálinu:

Tölvupóstur falsaður

BAUGSMÁL Talsvert er vísað í tölvupóstssamskipti milli manna í Baugsmálinu, og hefur verið kannað hvort mögulegt sé að tölvupóstur sé falsaður. Málið tók þó heldur nýja stefnu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þegar sakborningur sýndi dómara tölvupóst sem sannarlega var falsaður.

„Það er mjög einfalt mál að búa til svona tölvupóst, mig langar að sýna þér dæmi sem búið var til í tölvu á þremur mínútum í gærkvöldi," sagði Tryggvi Jónsson, einn sakborninga í Baugsmálinu. Þrátt fyrir að sækjandi mótmælti þessum málatilbúnaði fékk Gestur Jónsson, verjandi Tryggva, að sýna dómara póstinn.

Jakob sagði aðstoðarmann sinn hafa leitað að aðferð til að falsa póstinn á netinu með aðstoð leitarvélarinnar Google, og það hafi verið ótrúlega einfalt.

„Það er allt falsanlegt, það er óumdeilt," sagði Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu. Hann sagði að hann myndi krefjast þess að sá lögmaður sem útbjó póstinn yrði kallaður fyrir dóm sem vitni verði pósturinn falski lagður fram sem gagn í málinu. Í öllu falli muni sérfræðingur meta póstinn og hvort hægt sé að sjá að hann sé falsaður.

- bj

BUNKI DAGSINS Sigurður Tómas Magnússon, sækjandi í Baugsmálinu (til hægri), afhenti sakborningi og verjendum hluta þeirra gagna sem farið var yfir í gær, við upphaf dags í héraðsdómi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ósamræmi í framburði

Framburður tveggja forsvarsmanna Baugs um fyrirtæki á Bahama-eyjum eru í algerri andstöðu hvor við annan. Það átti að skrá eignarhald á skemmtibátnum Thee Viking á félagið samkvæmt sækjanda.

BAUGSMÁL Forstjóra og fyrrverandi aðstoðarforstjóra Baugs bar alls ekki saman fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur um fyrirtæki sem sagt er að forsvarsmenn Baugs hafi stofnað á Bahama-eyjum, og kemur við sögu í Baugsmálinu.

Tryggvi Jónsson, sem var aðstoðarforstjóri og síðar forstjóri Baugs, sagði þegar aðalmeðferð í Baugsmálinu var fram haldið í gær, að fyrirtækið Miramar hafi verið stofnað á Bahama-eyjum árið 1997. Þá hafi hann sjálfur, Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, og Jón Gerald Sullenberger, framkvæmdastjóri Nordica í Bandaríkjunum, farið til Bahama-eyja og stofnað fyrirtækið.

Tryggvi sagði í samtali við Fréttablaðið að Miramar hafi verið stofnað til að stunda fasteigna- og landakaup, en aldrei hafi orðið af því að það hæfi starfsemi. Það hafi því verið lagt niður árið 1999, tveimur árum eftir stofnun.

Þetta er í algerri mótsögn við það sem Jón Ásgeir Jóhannesson sagði við þessi sömu réttarhöld síðastliðinn fimmtudag, þegar hann hélt því statt og stöðugt fram að þetta félag hafi aldrei verið stofnað. Hann sagði að spurt hafi verið um þetta félag áður við rannsókn málsins, en það væri ekki annað en „hugarburður" lögreglu og saksóknara.

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, spurði Jón Ásgeir nánar út í Miramar, og bar undir hann tölvupóst sem virðist koma frá Tryggva. Þar segir Tryggvi að Jón Ásgeir og faðir hans, Jóhannes Jónsson, hafi átt Miramar. Jón Ásgeir sagði að það væri „vitleysa" hjá Tryggva, og ítrekaði að félagið hefði aldrei verið stofnað.

Ákæruvaldið heldur því fram að Miramar tengist skemmtibátnum Thee Viking, en Jón Ásgeir og Tryggvi eru ákærðir fyrir fjárdrátt úr Baugi til að fjármagna bátinn. Telur ákæruvaldið að til hafi staðið að færa eignarhald Fjárfestingafélagsins Gaums, fjölskyldufyrirtækis Jóns Ásgeirs, í Thee Viking yfir til Miramar. Jón Ásgeir hefur þó alltaf haldið því fram að hvorki hann né Gaumur hafi nokkurn tíma átt hlut í bátnum, og Jón Gerald var einn skráður eigandi hans.

En Baugsmálið snýst ekki bara um skemmtibáta, og við skýrslutökur af Tryggva í gær viðurkenndi hann að „röð mistaka" hafi orðið til þess að kreditreikningur frá fyrirtækinu SMS í Færeyjum, sem var að hálfu leyti í eigu Baugs, hafi verið sendur til Baugs sumarið 2001, og færður inn í bókhaldið sem tekjur.

Reikningurinn hljóðaði upp á tæpar 46,7 milljónir króna, og í ákæru segir að með því að færa þennan „tilhæfulausa" reikning sem tekjur hafi Jón Ásgeir og Tryggvi hagrætt bókhaldi Baugs til að gefa ranga mynd af stöðu fyrirtækisins í hálfs árs uppgjöri árið 2001.

Tryggvi sagði að mistökin hefðu uppgötvast síðar þetta sama ár og verið leiðrétt, en sér hafi ekki liðið illa vegna þessara mistaka vegna þess að Baugur hefði átt 60-70 milljónir inni hjá SMS á þessum tíma vegna afsláttar sem hefði verið greiddur eftir á. Mistökin hafi því ekki haft óeðlileg áhrif á gengi bréfa í Baugi.

brjann@frettabladid.is

25% afsláttur
af öllu sælgæti í dag

Við erum sæt í tilefni dagsins

Esso

Tilboðið gildir á ESSO stöðvunum á höfuðborgarsvæðinu, Keflavík, Akureyri, Blönduósi, Sauðárkróki, Akranesi, Selfossi, Hveragerði, Hvolsvelli

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Utanríkisráðherrar funduðu:

Framboð til öryggisráðs rætt

STJÓRNMÁL Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra fundaði með Mahmoud Ali Youssouf, utanríkisráðherra Djíbútí, á mánudaginn.

Þau ræddu meðal annars ástand mála í Sómalíu og Erítreu og mannréttindamál, þá sérstaklega stöðu kvenna og barna í Djíúbútí og aðgerðir ríkisstjórnarinnar í landinu til að útrýma fátækt.

Auk þess ræddu þau framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, orkumál og möguleika landsins til að nýta jarðvarma til orkuframleiðslu í samvinnu við íslenska aðila. - ifv

Tveir menn grunaðir um sprengingu í indverskri lest fengu að stökkva frá borði:

Öryggi ábótavant í lestum

INDLAND, AP Tveir menn sem lögreglan á Indlandi grunar um að hafa staðið fyrir sprengjutilræðinu í lest á leið til Pakistan á sunnudaginn fengu að stökkva frá borði tuttugu mínútum áður en sprengingin varð. Lögregla sendi fjölmiðlum í gær myndir af hinum grunuðu.

Mennirnir fóru um borð í lestina þegar hún lagði af stað frá Nýju-Delí, höfuðborg Indlands, og fóru fljótlega að rífast við miðavörðinn vegna þess að þeir væru í rangri lest. Var þeim leyft að stökkva úr lestinni þegar hún hægði á sér að sögn Sharad Kumar, yfirmanns í lögreglunni.

HINIR GRUNUÐU Eftirlýsingarmyndir indversku lögreglunnar. NORDICPHOTOS/AFP

Finnst mörgum það, að mönnunum hafi verið leyft að stökkva frá borði, vera til marks um það hve öryggi í lestum sé ábótavant. Í ofanálag greindi Kumar fjölmiðlum frá því að þrettán lestarfarþegar hefðu komist yfir til Pakistan án vegabréfa.

Ráðherra lestarsamgangna á Indlandi, Lalu Prasad, viðurkenndi fyrir fjölmiðlum eftir sprengingunna að þó málmleitartæki væru til staðar þá skorti búnað til að skoða hvað væri í farangrinum.

Að sögn indverska stjórnvalda var sprengingunni ætlað að spilla hægt batnandi samskiptum þjóðanna sem lengi hafa eldað grátt silfur. Sprengingin banaði 68 manns sem voru flestir frá Pakistan. Í kjölfar sprengingarinnar lýstu leiðtogar ríkjanna yfir að friðarviðræðum yrði fram haldið. - sdg

Vitað um 120.000 týnd börn:

Eitt símanúmer fyrir foreldra

EVRÓPA Foreldrar sem búa í ríkjum Evrópusambandsins (ESB) munu geta hringt í eitt símanúmer sem er fyrir allt svæðið til að tilkynna um týnd börn sín, gangi áform um þetta eftir. Ókeypis verður að hringja í símanúmerið 116000 og mun þessi þjónusta líklega hefjast í sumar, að því er kemur fram á fréttavef BBC.

Vitað er um að minnsta kosti 120 þúsund börn sem eru án eftirlits utan heimalands síns innan ESB að því er evrópsk barnasamtök halda fram. Samtök umboðsmanna barna í Evrópu (ENOC) segja þessa tölu aðeins ná yfir börn sem yfirvöld vita um.- sdg

ORÐRÉTT

„Hann var okkar maður í Bandaríkjunum [...] Að því er ég taldi á þeim tíma var hann vinur okkar.“
Tryggvi Jónsson, einn sakborninga, lýsti sambandi Baugsmanna við Jón Gerald Sullenberger.

„Þú meinar til þess að neytendur nytu ekki góðs af því?“
Sigurður Tómas Magnússon, sækjandi í málinu, uppskar mótmæli verjenda og dómara þegar hann brást með þessum orðum við ummælum Tryggva Jónssonar um afslætti sem Bónus fékk hjá birgjum, og hvernig þeir hafi verið bókfærðir til að halda stöðugu verðlagi.

„Ég er ekki sérlega minnissljór maður, en þótt það ætti mig lifandi að drepa gæti ég ekki gert grein fyrir því hvaða útgáfa af einhverri greinargerð til Hæstaréttar kom hvar í röðinni.“
Jakob Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, mótmælti spurningum sækjanda til Tryggva um hvenær tölvuskjölum sem hann vann með í byrjun árs 2000 var breytt, og sagði allt of langt um liðið til að muna slíkt.

„Var Gaumur ekki búinn að gefa upp á bátinn að fá eignarhlut í bátnum á þessum tíma?“
Sigurður Tómas spurði Tryggva um fund í Flórída í janúar 2001 þar sem rætt var um skemmtibátinn Thee Viking.

„Það var ekki leynd yfir honum með einum eða neinum hætti.“
Tryggvi Jónsson svaraði spurningu verjanda síns um kaupréttarsamning við æðstu stjórnendur Baugs þannig að hluthafar og einhverjir stjórnarmenn hafi vitað af þeim, upplýsingar um þá hafi verið að finna í stofnskjölum Baugs.

„Allt sem tengist tölvum er frekar framandi.“
Það virtist koma Arngrími Ísberg dómsformanni nokkuð á óvart að hægt sé að falsa tölvupósta á þremur mínútum með aðstoð netsins og leitarvélarinnar Google.

„Þetta gengur bara alveg ljómandi.“
Sigurður Tómas Magnússon, sækjandi í málinu, svaraði spurningu dómara um það hvernig spurningarnar gengju þegar komið var að hádegishléi.

BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Tryggvi Jónsson mun ljúka skýrslugjöf fyrir dómi á hádegi í dag samkvæmt dagskrá, sem bæði sækjandi og verjendur reikna með að standist. Hlé verður gert á réttarhöldunum eftir hádegi í dag.



FLUG OG GISTING Í 4 NÆTUR FRÁ 65.900* KR.

PRIVATEERS WHARF
„Allir sem heimsækja Halifax fá sér gönguferð um hafnarbakkann og bryggjurnar suðvestanmegin við einstakt hafnarlægið í Halifax. Þarna má eiga ógleymanlegir stundir á góðum degi og fallegum kvöldum. Ég mæli sérstaklega með því að rölta um Privateers Wharf eða Sjóræningjabakkann.“ JÓHANN JÓNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is

VISA | Safnaðu Vildarpunktum
MasterCard | Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

*Á mann í tvíbýli á Delta Barrington eða Delta Halifax **** í Halifax 24.–28. maí og 13.–17. sept.
Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting.

LAGANNA ARMUR Vígalegur hundur í einkennisklæðum tekur þátt í skrúðgöngu á mótorhjóli merktu lögreglunni á kjötkveðjuhátíðinni í borginni Mainz í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Sparisjóður Bolungarvíkur gefur nýfæddum Bolvíkingum og Súgfirðingum gjöf:

453 börn fengið fæðingargjöf

BÖRN Sparisjóður Bolungarvíkur færði á dögunum öllum börnum sem fæddust árið 2006 og búa í Bolungarvík og Súgandafirði fæðingargjafir. Þetta hefur Sparisjóðurinn gert frá árinu 1985 og eru börnin nú orðin 453.

Í ár fékk hvert barn 17.000 krónur sem lagðar eru inn á bundinn verðtryggðan hávaxtareikning. Miðað við núverandi ávöxtun mega börnin reikna með að eiga 125.000 krónur á reikningnum sínum við 18 ára aldurinn.

Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, móðir eins árs gamallar stúlku í Bolungarvík, var að vonum ánægð með gjöfina og sagði að þarna væri verið að gefa gjöf til framtíðar.

„Sjálf fékk ég svona fæðingargjöf á sínum tíma og þeir peningar komu sér vel þegar ég var 18 ára. Þetta sýnir líka að samfélagið tekur vel á móti börnum og barnafólki," sagði Guðbjörg.

FRÍÐUR HÓPUR Nýjustu íbúarnir í Bolungarvík og Súgandafirði tóku á móti peningagjöfinni í fylgd foreldra sinna.

Á síðasta ári fæddust átta nýir Bolvíkingar og níu Súgfirðingar. - þo

Óvissu kúabænda eytt:

MS borgar fyrir umframmjólk

LANDBÚNAÐUR Fulltrúar Mjólkursamsölunnar tilkynntu bændum á fundi í Laugabakka í Vestur-Húnavatnssýslu í gær að greitt yrði fyrir svokallaða umframmjólk. Lauk þar með óvissu um hvort greitt yrði fyrir mjólkina á núverandi verðlagsári sem hófst 1. september í fyrra og lýkur í lok ágúst næstkomandi.

Umframmjólk er sú mjólk sem bændur skila inn í mjólkursamlög án þess að hafa framleiðslukvóta með tilheyrandi niðurgreiðslu frá ríkinu. Greitt verður fyrir alla umframmjólkina í einu lagi í lok verðlagsársins.

- gar

Á leið til Evrópu:

Rice og Abbas á faraldsfæti

JÓRDANÍU, AP Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, voru hvort í sínu lagi á ferð í Jórdaníu í gær til að ræða við þarlenda ráðamenn um samkomulag Hamas- og Fatah-hreyfinga Palestínumanna um myndun þjóðstjórnar.

Jórdanar og fleiri bandamenn Palestínumanna hafa áhyggjur af því að samkomulagið gangi ekki nógu langt í átt að því að uppfylla kröfur alþjóðasamfélagsins til að aftur verði opnað fyrir flæði erlends hjálparfjár til Palestínu.

Abbas er síðan á leið til Þýskalands, með viðkomu í Frakklandi og Bretlandi, til að afla stuðnings við samkomulagið. - aa

Amillia Taylor fæddist eftir tæplega 22 vikna meðgöngu:

Litla kraftaverkabarnið heim með móður sinni

BANDARÍKIN Amillia Taylor var útskrifuð í gær af sjúkrahúsi í Miami þar sem hún fæddist fyrir fjórum mánuðum eftir aðeins tæplega 22 vikna meðgöngu, fimm og hálfan mánuð, og er hún talin yngsti fyrirburi í heimi sem hefur lifað af svo stuttan meðgöngutíma. BBC greindi frá þessu á fréttavef sínum.

Við fæðingu var Amillia aðeins 24,1 sentimetri að lengd og 284 grömm að þyngd en yfirleitt telja læknar engar líkur á að börn sem léttari eru en 400 grömm lifi af. Í dag vegur Amillia aðeins 1,8 kíló en Sonju móður hennar þykir hún þó taka í. „Það var erfitt að ímynda sér að hún myndi ná svona langt. En nú er hún farin að líta út eins og alvöru barn." - sdg

AMILLIA TAYLOR Hefur verið nefnd kraftaverkabarn af læknum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

Olíunni verður mokað í fötur

Landhelgisgæsla Íslands stefnir á að flytja búnað til hreinsunarstarfa á Reykjanesi í dag. Fuglar eru þegar teknir að drepast. Fjaran er á náttúruminjaskrá.

UMHVERFISMÁL Landhelgisgæsla Íslands stefnir á að flytja búnað að strandstað Wilson Muuga í Hvalsnesfjöru til að hreinsa olíupoll sem þar hefur fundist. Ekki er hægt að beita stórvirkum vinnuvélum til að hreinsa fjöruna án þess að valda tjóni á náttúrunni og því verður olíunni og olíumenguðum þara mokað handvirkt með skóflum.

Fuglar sem hafa lent í olíunni eru farnir að drepast. Fjaran við Hvalsnes að Garðskaga er á náttúruminjaskrá og mikilvægt að hreinsun takist vel.

Helgi Jensson, forstöðumaður hjá Umhverfisstofnun, stýrir framkvæmdum í fjörunni. Hann segir að hreinsun verði sett í gang strax og búnaður er kominn í fjöruna.

„Þetta er handavinna. Það verður að moka þessu upp í ílát og koma því í burtu," segir hann.

Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti í gærmorgun starfsmenn Olíudreifingar og Umhverfisstofnunar út í Wilson Muuga til að dæla afgangsolíu upp úr lestum skipsins en talið var að um 2,5 sentimetra olíubrák væri eftir í lestunum. Olíubrák sást liggja frá skipinu síðdegis í gær og sagði Helgi að hætta væri á því að olía slyppi frá skipinu á stórstraumsfjöru.

Verið er að kanna hvaðan olían í fjörunni hefur borist, hvort hún kemur frá Wilson Muuga eða hugsanlega að skip hafi losað olíu fyrir utan ströndina.

Æðarkolla sem var útötuð í olíu fannst dauð við olíuflekkinn við Hvalsnesfjöru í gærmorgun og blikinn sem fannst í fyrradag, og var annar tveggja æðarfugla sem farið var með í Húsdýragarðinn, drapst í fyrrinótt. Kollan verður böðuð í dag. Svartbakur ataður í olíu sást í höfninni í Sandgerði í gær.

Á VETTVANGI Olía fannst í þangi fyrir ofan strandstað Wilson Muuga í gær. Stefnt er að því að hefja hreinsunarstarf í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Flothæfnin minnkar hjá fuglunum, þeir blotna og kólna. Þetta er eins og að skera gat á þurrbúning hjá kafara," segir Sigurður Kári Valdimarsson, forstöðumaður Náttúrustofu Reykjaness.

„Fuglarnir eyða miklum tíma í að þrífa sig með goggunum þannig að olían berst ofan í þá og hún er ekki holl til átu."

Fjaran við Hvalsnes að Garðskagavita er á náttúruminjaskrá vegna auðugs dýralífs og fugla.

„Hreinsun á fjörunni er gríðarlega mikilvæg því eftir tvo mánuði fyllist allt af farfuglum. Ef olían er enn í fjörunni þá vitum við hvað gerist," segir Sigurður Kári. ghs@frettabladid.is

Forsætisráðherra Póllands um eldflaugavarnir:

Segir Rússa vilja ítök

PÓLLAND, AP Jaroslaw Kaczynski, forsætisráðherra Póllands, sagðist í gær telja að andstöðu Rússa við áform Bandaríkjamanna um að koma upp búnaði fyrir eldflaugavarnakerfi sitt í Póllandi megi rekja til vona ráðamanna í Moskvu um að endurheimta fyrri ítök í landinu.

JAROSLAW KACZYNSKI Skoðar heiðursvörð í Dyflinni í gær.

Utanríkisráðherra Rússlands, Sergei Lavrov, ítrekaði í gær áhyggjur Rússa af málinu og sagði að þeir myndu bregðast við „slíkum nýjum ógnum við öryggi sitt" með viðhlítandi hætti. Lavrov tók þó fram að Rússar myndu ekki „láta draga sig inn í nýtt vígbúnaðarkapphlaup".

Bandaríkjastjórn hefur lýst áhuga á að koma upp ratsjárstöð í Tékklandi og skotstöð fyrir gagneldflaugar í Póllandi, í því skyni að efla hnattrænt eldflaugavarnakerfi sitt, ekki síst gegn meintri ógn frá Íran. Forsætisráðherrar Póllands og Tékklands sögðust í fyrradag myndu bregðast vel við þessari beiðni Bandaríkjamanna. - aa

AÐALFUNDUR FL GROUP HF.

Aðalfundur FL Group hf. verður haldinn fimmtudaginn 22. febrúar 2007 á Kjarvalsstöðum við Flókagötu, Reykjavík og hefst fundurinn kl. 16.30.

DAGSKRÁ FUNDARINS:

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og starfsemi á hinu liðna starfsári.
2. Ársreikningur félagsins lagður fram til staðfestingar.
3. Tekin ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Ákveðin þóknun til stjórnar félagsins.
5. Stjórnarkjör.
6. Kjör endurskoðenda.
7. Tillaga um starfskjarastefnu.
8. Tillaga um breytingar á samþykktum.
   a. Að taka út 2. málslið 4. mgr. 8. gr., sem kveður á um að aðalfund skuli boða með minnst tveggja vikna fyrirvara.
   b. Viðbætur við 8. gr. vegna rafrænnar þátttöku í hluthafafundum og rafrænna hluthafafunda.
   c. Breyting á 9. gr. um að á dagskrá aðalfundar verði tillögur um starfskjarastefnu.
   d. Viðbót við 12. gr. um upplýsingar í framboðstilkynningu þeirra sem gefa kost á sér til stjórnarsetu.
9. Tillaga um kaup á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis. Ennfremur er hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins **www.flgroup.is**.

Sérstaklega skal bent á að fundurinn verður haldinn á ensku. Hægt verður að fylgjast með aðalfundinum á **www.flgroup.is**.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 15.30 á fundarstað á Kjarvalsstöðum.

Reykjavík, 20. febrúar 2006.
Stjórn FL Group hf.

FL GROUP

Fíton/SÍA

Flugfarþegi í mál við flugfélag:

Niðurlægður vegna þyngdar

PARÍS, AP Franskur maður hefur höfðað mál gegn flugfélaginu Air France fyrir að hafa niðurlægt hann með því að neyða hann til að kaupa tvo flugmiða á þeim grundvelli að hann væri of feitur fyrir eitt sæti og var það tekið fyrir í rétti í gær. Jauffret sagðist hafa verið niðurlægður þegar starsfólk mældi breidd hans frammi fyrir öðrum farþegum.

Úrskurði var frestað eftir að fram kom að Jauffret hafði upplýst ferðaskrifstofuna sem seldi honum flugmiðann að hann væri 160 kíló en ferðaskrifstofan kom þeim upplýsingum ekki áfram til flugfélagsins. **- sdg**

SKAÐLEGAR FÓLKI OG UMHVERFI 349 kíló af rafhlöðum fara í ruslið á íslenskum heimilum á degi hverjum.

Átak í endurvinnslu rafhlaða:

349 kíló fara daglega í ruslið

UMHVERFISMÁL Dagsnotkun landsmanna á rafhlöðum eru um 442 kíló. Af þeim er aðeins 93 kílóum skilað til úrvinnslu, eins og mælst er til.

Úrvinnslusjóður hefur efnt til átaks en markmið þess er að auka vitund fólks um mikilvægi þess að rafhlöðum sé skilað og því hve einfalt það er. Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs, segir nýja tækni hafa orðið til þess að rafhlöður séu ekki jafn skaðlegar umhverfinu og þær voru. Þær innihaldi þó þungmálma sem séu afar skaðlegir fólki og umhverfi.

Rafhlöðum er hægt að skila á endurvinnslustöðvar og í söfnunartunnur sem eru á öllum bensínstöðvum. **- kdk**

PERSÓNUVERND

Athugasemdir við frumvarp

Persónuvernd segir frumvarp til nýrra æskulýðslaga fela í sér of víðtæka kröfu til þess að þeir sem starfi að æskulýðsmálum megi ekki hafa gerst brotlegir við fíkniefnalög. Enginn greinarmunur sé gerður á því hvaða lög menn hafi brotið.

KÍNA

Óvenjuleg hlýindi

Árið 2006 var það hlýjasta í Kína í rúma hálfa öld með 9,9 gráðu meðalhita yfir árið samkvæmt kínversku veðurstofunni. Stjórnvöld í Kína hafa lýst áhyggjum yfir því að hlýnun loftslags geti haft slæm áhrif á landbúnað sem stór hluti Kínverja reiðir sig á.

Skilum ónýtu rafhlöðunum!

Eru galtómar rafhlöður á þínu heimili? Þær gera ekkert gagn liggjandi ofan í skúffu. Þú getur t.d. farið með þær út á næstu bensínstöð Olís eða söfnunarstöð eða fengið þér endurvinnslutunnu fyrir flokkað heimilissorp.

Rafhlöður eiga ekki að fara í ruslið heldur á að skila þeim til úrvinnslu. Það er í raun sáraeinfalt og nokkrar leiðir í boði: Hægt er að skila inn ónýtum rafhlöðum m.a. á bensínstöðvum Olís, söfnunarstöðvum sveitarfélaga um allt land og einnig er hægt að setja þær í endurvinnslutunnur fyrir flokkað heimilissorp. Á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is, er að finna upplýsingar um staðsetningu söfnunarstöðvanna.

ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Kynntu þér málið á **www.urvinnslusjodur.is**

olís · Efnamóttakan hf · GÁMAÞJÓNUSTAN HF. BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ · HRINGRÁS ENDURVINNSLA

Fáðu fötu – áritaða af færum fagmanni!

Harpa Sjöfn og Flügger eru gengin i eina sæng og auðvitað höldum við upp á það. Nú getur þú keypt fötu af Hörpuskini, áritaða af Atla málara á sérstöku tilboðsverði – aðeins 1000 fötur í boði – svo færri fá en vilja.

Sæktu þér góð ráð og leiðbeiningar í næstu Flügger verslun og á www.flugger.is

Flügger litir

Reykjavík	Stórhöfði 44 · Snorrabraut 56 · Skeifunni 4
Kópavogur	Bæjarlind 6
Hafnarfjörður	Dalshraun 13
Keflavík	Hafnargata 90
Akureyri	Austursíða 2
Borgarnes	Egilsholt 1

Zik Zak 6 ára.
15% afmælisafsláttur af
öllum drögtum út þessa viku.
Stærðir frá 36 til 56

TUNGLIÐ

Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
ZIKZAK
TÍSKUHÚS

skoðun

greinar@frettabladid.is

Upplýsa þarf börn um þá ábyrgð sem fylgir samskiptum á netinu.

Andlitslaus samskipti á netinu

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Tilkoma netsins er líklega umfangsmesta bylting í daglegu lífi sem orðið hefur um margra áratuga skeið, kannski frá því að síminn kom.

Netið er vettvangur samskipta, tjáningar, upplýsingaleitar og alls kyns afþreyingar. Það hefur einfaldað ýmsa hluti sem voru mun flóknari áður en það hefur líka flækt sumt sem áður var einfalt.

Samskipti á netinu hafa haft gríðarleg áhrif og í þeim breytta heimi er ekki bara hægt að hafa andlitslaus samskipti heldur einnig samskipti undir fölsku flaggi. Þannig getur hver sem er farið inn á samskiptasíðu eins og einkamal.is og þóst vera hver sem er, annar en hann er, til dæmis 14 ára barn að bjóða fram blíðu.

Umræðan um kynferðislegt ofbeldi á börnum hefur verið mikil í samfélaginu undanfarin misseri. Sú umræða á vitanlega að eiga sér stað enda hefur þetta ofbeldi meðal annars lifað í skjóli þagnarinnar frá örófi.

Frétt af tveimur drengjum sem lokkuðu eldri karlmenn með tálbeituaðferð er áminning um þær hættur sem geta leynst á netinu. Í ljósi umræðunnar í samfélaginu er í sjálfu sér ekkert skrítið að einhverjum framtakssömum ungmennum detti í hug að veiða kynferðisofbeldismenn í gildru í skjóli netsins, eins auðvelt og það virðist vera.

„Í ljósi umræðunnar í samfélaginu er í sjálfu sér ekkert skrítið að einhverjum framtakssömum ungmennum detti í hug að veiða kynferðisofbeldismenn í gildru.“

Hér kemur til kasta uppalendanna að upplýsa börnin bæði um hættuna sem hægt er að skapa sér með svona gerðum og einnig þá ábyrgð sem fylgir þeim. Sömuleiðis verða uppalendur að fylgjast með og að einhverju leyti vera þátttakendur í því sem börn þeirra aðhafast á netinu.

Þeir sem halda úti síðum sem hafa að markmiði að hafa milligöngu um kynni milli fólks verða einnig að axla ábyrgð. Rúna Sif Harðardóttir, þjónustustjóri D3, sem annast umsjón vefsíðunnar einkamál.is, segir í frétt hér í blaðinu að nauðsynlegt þyki að efla ritskoðun á samskiptavefjum á borð við einkamál.is. Rétt væri einnig að skoða hvort kröfur um að fólk geri grein fyrir sér með óyggjandi hætti á samskiptavefjum sem þessum séu nægilegar. Í áðurnefndri frétt kemur fram að aðgerðaráætlun fyrir vefinn einkamal.is sé í vinnslu. Fréttin af drengjunum tveimur ýtir vonandi við fleirum að gera slíkar áætlanir.

SAFT-verkefnið hefur þann tilgang að vinna að öruggari netnotkun barna og unglinga. Auglýsingaherferðir á vegum þess verkefnis hafa beinst beint gegn börnunum sjálfum og verið áhrifaríkar. Sömuleiðis er vefsíðan saft.is hafsjór fróðleiks fyrir uppalendur sem vilja stuðla að öruggri umgengni barna sinna við netið.

Barnaklám er ein mesta skuggahlið netsins. Það vita börnin sjálf. Það er hlutverk uppalenda að gera börnunum grein fyrir því að það er ekki í þeirra höndum að uppræta þennan óhugnað.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Deilt um stjórnskipan

Möguleiki er á að næstum sjö ára deilum forseta Íslands og fyrrum forseta Alþingis fari brátt að ljúka með því að Halldór Blöndal hætti sem þingmaður í vor, en hann gefur ekki kost á sér til endurkjörs.

Upphaf deilnanna, sem framhald varð á í Silfri Egils nú um helgina, má rekja til innsetningarræðu Ólafs Ragnars Grímssonar sumarið 2000, þegar hann sagði þá stjórnskipan „sem veitir almenningi aðgang að ákvörðunum með kosningum á nokkurra ára fresti og bindur formlega ráðgjöf við stofnanir flokka og faglegra samtaka er í reynd aðeins rammi frá liðinni tíð“.

Þegar Halldór Blöndal var svo kosinn forseti Alþingis í október sama ár svaraði hann forsetanum fullum hálsi og því sem hann taldi vera gagnrýni á þingræðið. Í sinni „innsetningarræðu“ sagði hann þingræðið runnið Íslendingum í merg og blóð. „Lýðræði án þingræðis er hugmynd í lausu lofti á meðan lýðræði sem byggir á þingræði er besta þjóðfélagsform sem við þekkjum.“

Eins og þjóðin hefur fylgst með hefur svo þessi deila um stjórnskipan landsins haldið áfram …

Hvorki þingræði né lýðræði?

Ólafur Ragnar hélt því svo fram á sunnudag að Halldór hefði sagt í ræðu sinni árið 2000 að „Bandaríkin væru öflugasta þingræðisríkið í veröldinni“. Bandaríkin koma hvergi fram í ræðu Halldórs, og virðist Ólafur Ragnar hafa snúið orðum hans gjörsamlega á hvolf, því ef ræða Halldórs er greind kemur nefnilega í ljós að hann vildi meina að Bandaríkin séu alls ekki lýðræðisríki eins og margir vilja halda. „Lýðræði án þingræðis er hugmynd í lausu lofti,“ sagði hann. Nú er ekki þingræði í Bandaríkjunum, þar sem framkvæmdavaldið er kjörið beint af þjóðinni og er ekki bundið meirihlutaræði þingsins. Án þessa þingræðis hlýtur lýðræðið þar því að vera hugmynd í lausu lofti samkvæmt fyrrum forseta Alþingis.

svanborg@frettabladid.is

Stóriðjunni ofaukið

ÓLAFUR HANNIBALSSON

Í DAG | Jafnvægis er þörf

Það voru athyglisverðar tölur sem birtust á dögunum um flutninga Íslendinga innanlands milli landshluta. Þar kom í ljós að eftir viðamestu og dýrustu byggðaaðgerðir í sögu þjóðarinnar og einstakan uppgangstíma höfðu 45 fleiri Íslendingar flutt úr Austfjarðakjördæmi en flutt höfðu sig þangað. Vonandi er þetta ekki vísbending um að þegar til kemur hafi Reyðarál verið reist á röngum forsendum: Það verði ekki til að draga úr fólksflótta í kjördæminu, heldur einungis til að skipta um íbúa og laða útlendinga til starfa í erlendri fabrikku þar sem framlag Íslendinga yrði það eitt að leggja til ódýrt rafmagn, jafnvel niðurgreitt af íslenskum skattgreiðendum! Þessi staðreynd ætti þó að hringja viðvörunarbjöllum hjá ýmsum þeim sveitastjórnarmönnum, sem nú sækjast eftir að leysa söluskrifstofur framsóknarmanna í iðnaðarráðuneytinu af hólmi og bjóða álfurstunum hvers konar fríðindi ef þeir bara vilji slá sig niður hjá sér. Var ekki nýlega haft eftir formanni verkalýðsfélagsins á Húsavík að hann hefði nú þegar 108 útlendinga í félaginu? Hvaðan á þá vinnuaflið að koma til að vinna í væntanlegri álbræðslu Alcoa þar?

Man nokkur núna hvernig Finnur Ingólfsson kynnti Ísland í auglýsingabæklingum söluskrifstofunnar: Á Íslandi væri gnægð ódýrs vinnuafls, sem bæði væri vel menntað, þjált og auðsveipt, þar væru mengunarreglur fáar og rúmar og ótakmarkaða ódýra orku að fá. Það var raunar rétt að árin á undan hafði borið á töluverðu atvinnuleysi og Íslendingar höfðu dregist aftur úr nágrannaþjóðunum í launum, menn höfðu takmarkaða tilfinningu fyrir þeim gæðum, sem fólgin voru í ósnortinni náttúru og umræðan um hnattræna hlýnum vegna iðnaðarmengunar mannsins var á byrjunarreit. Svo var líka komið að endimörkum nýtingar auðlinda hafsins. Því var ekki nema eðlilegt að menn litu til orkunnar í fallvötnum og iðrum jarðar, sem mögulegs aflgjafa nýrrar framfarasóknar.

En skjótt skipast veður í lofti. Í raun var skipt um hagkerfi í landinu á síðasta áratug 21. aldarinnar. Einkavæðingin og aðlögun að evrópsku efnahagskerfi með aðildinni að EES leystu úr læðingi ótrúlega krafta og á nokkrum árum breyttist þjóðfélagið úr tiltölulega fábreyttu samfélagi frumvinnslugreina í miklu fjölbreyttara samfélag með þjónustugreinar og hátækni í öndvegi. Stærstan hluta 20. aldar hafði íslenskt samfélag átt ótrúlega margt sameiginlegt með austantjaldsþjóðum: Hér var ríkisgeirinn stærri en annars staðar gerðist, og þar við bættist hið mikla veldi SÍS, en einkageirinn tiltölulega lítill og vanmegnugur. Stjórnmálaflokkarnir drottnuðu yfir þjóðlífinu, þeir bjuggu til störf og útveguðu fólki vinnu, greiddu fyrir húsnæðislánum og viðskiptalánum og voru með nefið í hvers manns koppi. En nú er öldin önnur. Stóriðjustefna í anda Sovétríkjanna sálugu, þar sem örfáir kommissarar taka ákvarðanir um umturnun náttúrunnar í þágu iðnvæðingar á ekki lengur við, hafi hún nokkurn tíma verið hugsanleg lausn á vanda þessarar þjóðar. Hið frjálsa hagkerfi hefur reynst svo frjótt við sköpun starfa að stóriðjugeiranum er nánast ofaukið og hann ryður úr vegi jafnmörgum störfum og hann skapar, veldur spennu, þenslu og verðbólgu og skrúfar upp verðlag og vexti, sem aftur bitnar á lífskjörum almennings. Meðan svo er ástatt er miklu skynsamlegra að geyma orkulindirnar til seinni tíma. Þær hlaupa ekki frá okkur. Þvert á móti. Þær eiga einungis eftir að stíga í verði og ástæðulaust að offra þeim á útsöluverði núna. Stóriðjumenn segja raunar samningamenn okkar hafa náð að tengja orkuverðið heimsmarkaðsverðinu á áli og þannig sé það verðtryggt út samningstímann. En verðið er ákveðið í amerískum dollurum og sá gjaldmiðill hefur verið í frjálsu falli mestallt stjórnartímabil frjálshyggjumanna Bush, svo að vafasamt er að hækkun álverðs hafi gert meira en að halda í við lækkun verðgildis dollarans.

Allt ber því að sama brunni. Það er ekki skynsamlegt að safna hingað til lands öllum þeim álverum sem löndin beggja vegna Atlantshafsins eru nú sem óðast að losa sig við. Það er skynsamlegt að taka nú virkjanahlé eins og eitt kjörtímabil og nýta þann tíma til að ákveða hvað skuli fortakslaust friða og geyma síðari kynslóðum til ráðstöfunar, og forgangsraða að því búnu þeim virkjunarkostum, sem við teljum rétt að nýta til mengunarlausrar iðju, sem er reiðubúin að kaupa endurnýtanlega orku á hámarksverði. Þetta er líka efnahagslega skynsamlegt, því að það er full þörf á því að kæla hagkerfið og koma því í jafnvægi.

Fái stóriðjujarðvöðlarnir til þess umboð þjóðarinnar í kosningunum framundan að vaða um landið eins og Gunnar Birgisson um Heiðmörk, munu áhrif þess ekki einskorðast við eitt kjörtímabil, heldur binda þeir hendur okkar og afkomenda okkar um ókomna áratugi.

Tilfinningarök eða speki Friðriks

UMRÆÐAN

Umhverfismál

KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

Þegar áform um Fljótsdalsvirkjun voru opinberuð 1998 reis upp alda mótmæla, sem Landsvirkjun svaraði með mikilli fjölmiðlaumfjöllun og auglýsingaherferð. Þar hófst söngurinn sem Friðrik Sophusson syngur enn, þótt nú sé sungið með eilítið blíðlegri raust en í byrjun. Söngurinn fjallar um það að með álbræðslum á Íslandi leggjum við okkar af mörkum í baráttunni gegn gróðurhúsaáhrifum, að virkjun íslenskra fallvatna sé eilífðarvél, sem skili mengunarlausri orku með sjálfbærri aðferð, að framkvæmdir vegna virkjana hafi borið uppi rannsóknir á náttúru hálendisins og þær hafi verið tilefni metnaðarfyllstu uppgræðslu- og ræktunarverkefna á hálendi Íslands. Þetta orðalag er tekið úr auglýsingaherferð Landsvirkjunar frá haustdögum 1999 og svipar mjög til þess sem forstjórinn Friðrik Sophusson hefur sagt í kynningarátaki því sem nú stendur yfir til að afla fylgis við fyrirhugaðar virkjanir í neðri Þjórsá.

Þeim áformum er nú mótmælt kröftuglega og um síðustu helgi ályktuðu eldri borgarar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi gegn þeim. Málflutningur þeirra hreyfir óneitanlega við fólki. Enda væri það mikið hörkutól sem gæti ósnortið hlustað á Jón Eiríksson bónda í Vorsabæ segja hvernig það kemur við hjartað að sveitinni hans gömlu skuli nú umturnað, – sveitinni sem honum var kennt að elska og virða, – sveitinni sem hann hefur tekið þátt í að rækta, – sveitinni sem honum þykir svo vænt um. Þetta sagði hann í fréttum Stöðvar 2 sl. sunnudag. Þar mælti líka Erlingur Loftsson bóndi á Sandlæk. Hann sagðist ekki vilja láta stimpla sig neinn afturhaldsmann, hann væri sannarlega ekki á móti framförum og þvíumlíku, en honum þætti einhver skynsemisskortur í öllum þessum ákafa. Speki þessara öldnu heiðursmanna afhjúpaði nakta og nöturlega skammsýni þeirra sem stýra stóriðjustefnunni.

Það rifjaðist upp fyrir mér hversu Friðrik lét það fara í taugarnar á sér 1998 þegar mótnælendur beittu „tilfinningarökum“, eins og hann kallaði það, í umræðum um virkjanir og álbræðslur. Nú velti ég því fyrir mér hvort hann muni reyna að ráðast gegn tilfinningum þeirra Jóns, Erlings og Vilmundar bónda í Skeiðháholti og innræta þeim þess í stað álbræðslu-spekina, sem hann útlistaði í pistli hér á síðunni sl. sunnudag, um hversu vel þeim vegnar sem kunna að nýta sér góðærin?

Höfundur er alþingismaður.

ALLT HITT

[NÁM BÍLAR FERÐIR]

Hestafræði verður kennd til BS-prófs frá haustinu við Landbúnaðarháskólann í samstarfi við Hólaskóla. Nánari upplýsingar: www.landbunadur.is

Bílaleigubílar geta verið frábær leið fyrir þá sem eiga ekki bíl, til að upplifa nýja hluti fyrir utan borgarmörkin endrum og eins. Upplýsingar um bílaleigur eru að finna á www.travelnet.is.

Umferðarblogg Birgis Þórs Bragasonar hefur vakið verðskuldaða athygli. Margir muna eflaust eftir Birgi Þór úr Mótorsporti sjónvarpsins sem alla tíð hefur verið mjög umhugað um öryggi í umferðinni. Umferðarblogg Birgis er að finna: http://biggibraga.blog.is/blog/biggibraga/

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 21. febrúar, 52. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.04	13.41	18.20
Akureyri	8.55	13.26	17.58

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Hildur Sigurðardóttir, Tinna Björk Sigmundsdóttir og Þorgerður Tómasdóttir munu kynna verkefni sitt um nýtingu jarðhita til orkuvinnslu á Ísafirði, á sérstökum tæknidegi HR á föstudag.

Jarðhiti á Ísafirði

Verkefni um nýtingu jarðhita til orkuvinnslu á Ísafirði er eitt þeirra verkefna sem kynnt verður á sérstökum tæknidegi í Háskólanum í Reykjavík næsta föstudag.

„Mjög hagkvæmt væri fyrir Orkubú Vestfjarða að nýta jarðhita til orkuvinnslu," segir Tinna Björk Sigmundsdóttir, sem vann ásamt Hildi Sigurðardóttur og Þorgerði Tómasdóttur að verkefni um nýtingu jarðhita til orkuveitu á Ísafirði. „Miðað er við að borað verði eftir heitu vatni við Tungudal í Skutulsfirði og þar finnist 30 lítrar á sekúndu af 65 gráðu heitu vatni. Tvö aðskilin dreifikerfi eru á svæðinu, og gert ráð fyrir að þau verði tengd saman. Vatnið er hitað upp í kyndistöðvum og leitt inn á kerfið," segir Tinna.

Verkefnið er lokaverkefni þeirra við Háskólann í Reykjavík en þær útskrifuðust þaðan í desember síðastliðinn með b.sc. gráðu í iðnaðartæknifræði með áherslu á sjálfvirkni og þróunarsvið, og munu þær kynna verkefnið á sérstökum tæknidegi í Háskólanum í Reykjavík að Höfðabakka, næsta föstudag, sem Technis, félag tæknifræðinema, stendur fyrir.

„Á Ísafirði er svokölluð fjarvarmaveita sem þýðir að hita þarf upp vatnið, og fer mikil orka og kostnaður í það. Ef jarðvarmi yrði leiddur inn á kerfið þá myndi kostnaður við upphitun minnka til muna," segir Tinna Björk. Mikill áhugi er fyrir því að koma þessu á, en hún segir að það myndi kosta um 200 milljónir, en menn séu spenntir fyrir því að láta það verða að veruleika.

kristineva@frettabladid.is

Á ÖSKUDAGINN!

ÁVEXTIR OG GRÆNMETI ER LÍKA SÆLGÆTI!

TANNLÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

Hvíttuð eikarlína

Stækkanlegt borð
stærð: 160(248)x100
Einnig fáanlegt í stærð:
200(288)x110
140(230)x140
Verð frá: 116.000,-

Leðurstóll Paris
Verð: 17.500,-

Borðstofuborð og 6 stólar saman
-10%
Verð: 198.900,-

Borðstofuborð og 6 leðurstólar saman
stærð: 180x100
Verð áður: 183.800.-
-25%
Tilboðsverð: 137.850,-

ego dekor
BÆJARLIND 12 - S: 544 4420

Skenkur
150x40xH:90
Verð: 79.000,-

Opnunartímar: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00

Bílhræ og ónýtir hjólbarðar ættu að fara í endurvinnsluna. Úrvinnslusjóður er með góðar upplýsingar um endurvinnslustöðvar. www.urvinnslusjodur.is

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Tjáðu þig!
Stæsta bloggsamfélagið! Yfir 150.000 notendur!

Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg
BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

Auðunn Hilmarsson, eigandi Bílasprautunar og -réttinga Auðuns, segir reglulega notkun bóns eina helstu forsendu endingargóðs lakks. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bón ein besta vörnin

Auðunn Hilmarsson veitir hér nokkur góð ráð við meðferð á bílalakki.

„Eitt það mikilvægasta í umhirðu bíla er að forðast notkun kústa við bílaþvott til að skemma ekki lakkið," segir Auðunn Hilmarsson hjá Bílasprautun og -réttingum Auðuns, Nýbýlavegi 10. „Kústar eru meginorsakavaldur fínni rispna á bílum. Eftir því sem lakkið er dekkra á litinn því betur sjást rispurnar."

Að sögn Auðuns er gripið til þess ráðs að nota sérstaka massavél til að ná þessum fínu rispum burt af lakkinu. „Að svo búnu er bifreiðin bónuð vel og vandlega eða þar til hún verður alveg eins og ný. Regluleg notkun bóns er síðan eina helsta forsenda fyrir endingargóðu lakki. Bónið er einfaldlega ein besta vörnin sem völ er á.

Hér sjást sár á lakki sem myndast gjarnan af völdum steinakasts. Auðunn segir gott að eiga smávegis lakk til að stinga í slík sár til að fyrirbyggja myndun svokallaðra ryðbólna.

Það er enn fremur gott að eiga smá lakk til að stinga í sár, sem kunna að myndast af völdum steinkasts," heldur Auðunn áfram. „Ef það er ekki gert getur selta sest að í sárunum á veturna, farið undir lakkið og myndað eins konar æðar á því. Eftir sitja svokallaðar ryðbólur. Þá verður að sprauta heilan hluta, svo sem húdd eða hurð, sem hefði hæglega mátt fyrirbyggja með því að stinga í sárið strax í upphafi."

Auðunn mælir einnig með því að menn haldi sig við umhverfisvæna tjöruhreinsa, aðrir geti verið svo sterkir að þeir geri lakkið hreinlega matt. „Sumir telja að umhverfisvænir tjöruhreinsar séu ekki nógu góðir, en þeir eru þvert á móti ekki eftirbátar annarra að neinu leyti," útskýrir hann. „Ég hvet menn til að halda sig við þá."

Auðunn bætir í lokin við að til séu alls kyns galdraefni sem geti reynst góð vörn fyrir lakk, það sé bara spurning um að kanna hvað sé í boði.

roald@frettabladid.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Volkswagen veðjar á beðmis-etanól

SVOKALLAÐ SUNFUEL ER ELDSNEYTI FRAMTÍÐARINNAR AÐ MATI VW.

Etanól eitt og sér er ekki umhverfisvænt. Þetta er skoðun sem æ fleiri aðhyllast enda kostar gríðarmikla orku að framleiða það. Miklar vonir eru hins vegar bundnar við aðra kynslóð lífræns eldneytis en þá er búið að endurbæta efnaval og framleiðsluaðferðir. Afraksturinn er meðal annars SunFuel sem unnið er úr beðmis-etanóli, en beðmi er uppistaðan í frumuveggjum plöntufrumna.
Rétt eins og metan þá er hægt að framleiða beðmis-etanól úr rotnandi plöntuleifum. Það brennur betur og er það eldsneyti sem Volkswagen veðjar á í framtíðinni. Ekki skemmir að framleiðsla þess á að vera mun umhverfisvænni en etanóls.
Gott plan en vont nafn. SunFuel hljómar svolítið eins og orkudrykkur, en slíkir drykkir ásamt öllu sem enda á -ól enda bara með þynnku. *- tg*

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar

Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

Nú er hægt að kaupa þennan kagga fyrir litlar 9.675.000 krónur.

Upprunalegi Leðurblökubíllinn á sölu

Leðurblökubíllinn fer á uppboð í London síðar í mánuðinum.

Leðurblökubíllinn úr sjónvarpsþáttunum um Leðurblökumanninn og undradrenginn Robin, sem nutu óhemju vinsælda á sjöunda áratugnum mun fara á uppboð 27. febrúar.

Búist er við að bíllinn, sem er talinn sá sjötti sinnar tegundar og gerður í auglýsingaskyni fyrir þættina, verði ekki seldur fyrir minna en 9.675.000 krónur á Coy Spring Classics uppboðinu, sem fer fram í Royal Horticultural Hall í London.

Bíllinn var fyrst kynntur til sögunnar í myndasögum um Leðurblökumanninn á sjötta áratugnum. Robin bjó hann til eftir að Leðurblökumaðurinn fótbrotnaði, til að gera honum kleyft að vernda áfram íbúa Gotham-borgar vandkvæðalaust.

Leðurblökubíllinn varð þó fyrst heimsþekktur eftir að hafa ratað í sjónvarpsþættina um félagana. Jay Ohrberg smíðaði bílinn eitthvað í kringum 1966, sem er nær sex metra langur, opinn tveggja sæta sportbíll svartur á lit og með skærrauðum línum. Útlit bifreiðarinnar skírskotar að auki til vaxtarlags leðurblaka og ljær honum því nokkuð sérstakt yfirbragð. *-rve*

Nýr Maxity vörubíll

Nýr vörusendibíll hefur bæst við atvinnubílalínu Renault. Þar er á ferðinni Maxity með 3,5-4,5 tonna heildarþunga.

Maxity raðar sér mitt á milli Master og Mascott og með komu hans spannar línan þar með allt frá 2,8 að 6,5 tonna heildarþunga. Evrópufrumkynningin á Maxity verður seint í mars og má því gera ráð því að fyrstu bílarnir verði komnir hingað til lands í apríl eða byrjun maí.

Boðið verður upp á þrjár vélar í Maxity, 110, 130 og 150 hestafla díselvélar, þær tvær fyrrnefndu 2,5 lítra vélar frá Master, en sú síðastnefnda er ný 3,0 lítra vél.

Að sögn Bjarna Þ. Sigurðssonar, sölustjóra B&L atvinnubíla, verður Maxity líklega best lýst sem smækkuðum vörubíl að utan og rúmgóðum fólksbíl að innanverðu. „Maxity mun styrkja verulega „miðju“ Renault-línunnar, bæði hvað stærð og verð varðar,“ segir Bjarni.

Maxity er vörusendibíll sem ætlað er að styrkja miðju atvinnubílalínu Renault.

Kafteinninn snýr aftur

OPEL KAPITÄN AFTUR Á MARKAÐ EFTIR MARGRA ÁRA FJARVERU.

Yfirmenn Opel hafa ákveðið að endurvekja bifreiðategundina Opel Kapitän, sem hefur ekki framleidd um áratugaskeið síðan hann náði óhemju vinsældum á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar.

Opel Kapitän voru eftirsóttir bílar í Þýskalandi og Svíþjóð, enda með stærstu og vönduðustu fólksbílum fyrirtækisins í nær þrjá áratugi, eða frá árunum 1939-1970.

Tegundarheitið Kapitän verður notað yfir nýja gerð fólksbíla sem kemur fyrir sjónir almennings árið 2008 og kemur í stað Opel Signum. Hann verður byggður á sömu grunnplötu og ný gerð af Saab-bíl.

Frá þessu er greint á www.fib.is *- rve*

Opel Kapitän mun væntanlega eiga lítið sameiginlegt með forvera sínum nema nafnið.

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

bílaland B&L

bílaland B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230. Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

Tilboðsbílar

HYUNDAI GETZ Nýskr. 04/2004, 1300cc, 3 dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 46.000. Verð 1.050.000, Tilboðsverð 850.000.

HYUNDAI SANTA FE Nýskr. 05/2001, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur / grár, ekinn 93.000. Verð 1.670.000, Tilboðsverð 1.350.000.

HYUNDAI STAREX Nýskr. 09/1999, 2500cc, 4 dyra, 5 gíra, grár / gulur, ekinn 178.000. Verð 1.030.000, Tilboðsverð 690.000.

RENAULT LAGUNA II Nýskr. 04/2003, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 56.000. Verð 1.790.000, Tilboðsverð 1.590.000.

RENAULT SCENIC II Nýskr. 11/2003, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, dökkgrænn, ekinn 50.000. Verð 1.590.000, Tilboðsverð 1.390.000.

HYUNDAI TRAJET Nýskr. 04/2003, 2000cc, 4 dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 64.000. Verð 1.530.000, Tilboðsverð 1.390.000.

Verð frá 500.000 til 1.500.000.-

BMW 316I COMPACT Nýskr. 11/2000, 1600cc, 2 dyra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 60.000. Verð 990.000.

HYUNDAI GETZ Nýskr. 09/2004, 0cc, 5 dyra, 5 gíra, dökkgrár, ekinn 79.000. Verð 1.090.000.

HYUNDAI SONATA Nýskr. 03/1999, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 132.000. Verð 690.000.

PEUGEOT 1007 Nýskr. 10/2005, 1400cc, 3 dyra, 5 gíra, svartur, ekinn 13.000. Verð 1.390.000.

RENAULT MEGANE II Nýskr. 07/2003, 1400cc, 3 dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 40.000. Verð 1.250.000.

VOLKSWAGEN PASSAT Nýskr. 11/1998, 1600cc, 4 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 141.000. Verð 670.000.

Verð frá 3.000.000.-

BMW 316I Nýskr. 12/2004, 1800cc, 4 dyra, sjálfskiptur, dökkblár, ekinn 47.000. Verð 2.750.000.

HYUNDAI GETZ Nýskr. 10/2005, 1600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 28.000. Verð 1.560.000.

HYUNDAI SANTA FE Nýskr. 01/2005, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, hvítur / grár, ekinn 38.000. Verð 2.830.000.

HYUNDAI SONATA Nýskr. 04/2006, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, ljósbrúnn, ekinn 3.000. Verð 2.400.000.

HYUNDAI TRAJET Nýskr. 06/2004, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósblár, ekinn 42.000. Verð 1.850.000.

RENAULT SCENIC II Nýskr. 09/2005, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 22.000. Verð 2.090.000.

Atvinnubílar

CITROEN BERLINGO Nýskr. 12/2003, 1400cc, 6 dyra, 5 gíra, ljósgrár. Ekinn 64.000. Verð 990.000.

PEUGEOT PARTNER Nýskr. 01/2002, 1400cc, 4 dyra, 5 gíra, ljósgrár. Ekinn 61.000. Verð 640.000.

RENAULT KANGOO Nýskr. 12/2004, 1900cc, Dísel. 6 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 115.000. Verð 1.560.000.

RENAULT KANGOO Nýskr. 06/2004, 1400cc, 4 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 48.000. Verð 1.190.000.

RENAULT AT MASTER Nýskr. 07/2004, 0cc 5 dyra, 5 gíra, gulur, ekinn 104.000. Verð 1.790.000.

TOYOTA HIACE Nýskr. 06/2005, 2700cc, 5 dyra, 5 gíra, grænn, ekinn 18.000. Verð 2.290.000.

Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is

Margir möguleikar á fjármögnun, t.d. allt að 100% lán í 84 mánuði

Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:

Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 461 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074

Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S:456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S:464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230

TOPPBÍLAR

HYUNDAI ELANTRA WAGON / STW, árgerð 1999, ekinn 130 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 450.000. Rnr. 201643

PEUGEOT 406 W/G SV, árgerð 1998, ekinn 150 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 430.000. Rnr. 995537

NISSAN ALMERA S/D GX, árgerð 1999, ekinn 125 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 430.000. Rnr. 995661

TOYOTA COROLLA XLI, árgerð 1997, ekinn 170 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 420.000. Rnr. 240180

OPEL VECTRA W/G CD, árgerð 1997, ekinn 147 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 420.000. Rnr. 995122

MMC SPACEWAGON W/G 4WD, árgerð 1997, ekinn 185 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 420.000. Tilboð 270.000. Rnr. 995211

VW TRANSPORTER, árgerð 1983, ekinn 170 þ.km, Dísel, 5 gírar, verð 390.000. Rnr. 201581

VW POLO, árgerð 1998, ekinn 80 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 390.000. Rnr. 995512

TOYOTA COROLLA W/G LUNA, árgerð 1999, ekinn 199 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 390.000. Rnr. 995824

MMC SPACE WAGON 4WD, árgerð 1997, ekinn 143 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 390.000. Rnr. 201727

DAEWOO NUBIRA W/G SX, árgerð 1999, ekinn 119 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 390.000. Tilboð 280.000. Rnr. 995411

RENAULT KANGOO W/G SENDIBÍLL, árgerð 1998, ekinn 130 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 380.000. Rnr. 995751

NISSAN ALMERA 4 SLX, árgerð 1996, ekinn 109 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 370.000. Tilboð 250.000. Rnr. 995214

SUZUKI BALENO W/G GLXI, árgerð 1997, ekinn 143 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 360.000. Rnr. 995851

VW GOLF GL, árgerð 1998, ekinn 106 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 350.000. Rnr. 230235

TOYOTA COROLLA H/B TERRA, árgerð 1997, ekinn 96 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 350.000. Rnr. 995873

NISSAN PRIMERA SLX, árgerð 1995, ekinn 135 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 350.000. Rnr. 123455

HYUNDAI ELANTRA S/D GLSI, árgerð 1996, ekinn 114 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 350.000. Rnr. 995177

HYUNDAI ACCENT H/B GLSI, árgerð 1997, ekinn 91 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 350.000. Rnr. 995174

TOYOTA CARINA E S/D XLI, árgerð 1998, ekinn 178 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 300.000. Rnr. 240719

RENAULT CLIO VAN SOCIETE, árgerð 1998, ekinn 90 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 300.000. Rnr. 995850

MMC PAJERO BENSÍN V-6/STUTTUR, árgerð 1991, ekinn 200 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 300.000. Rnr. 230127

OPEL CORSA H/B SWING, árgerð 1999, ekinn 126 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 290.000. Rnr. 995829

BMW M5, árgerð 2001, ekinn 112 þ.km, Bensín, 6 gírar, verð 4790.000. Rnr. 210350

MAZDA 323 S/D LX, árgerð 1995, ekinn 116 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 290.000. Rnr. 230244

MAZDA 323 W/G 4WD, árgerð 1994, ekinn 249 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 150.000. Tilboð 90.000. Rnr. 995735

TOYOTA COROLLA 1,4 VVTI, árgerð 2003, ekinn 54 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 1290.000. Rnr. 240786

DAIHATSU GRAN MOVE WAGON, árgerð 1999, ekinn 129 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 390.000. Rnr. 240788

JEEP WRANGLER SPORT, árgerð 1997, ekinn 116 þ.mílur, Bensín, 5 gírar, verð 1590.000.Tiboð 1350.000. Rnr. 210134

FORD F150 KING RANGE, árgerð 2005, ekinn 34 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 3990.000.Tilboð 3750.000. Rnr. 123900

TOYOTA YARIS SOL, árgerð 2006, ekinn 13 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 1690.000. Rnr. 201819

DAIHATSU TERIOS SX, árgerð 1998, ekinn 174 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 290.000. Rnr. 240627

NISSAN MICRA LX GX/LX, árgerð 1997, ekinn 107 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 340.000. Rnr. 240743

TOYOTA COROLLA 1,6 VVTI, árgerð 2005, ekinn 20 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 1790.000.Tilboð 1690.00 Rnr. 201680

VW BORA 8VI, árgerð 2001, ekinn 105 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 890.000. Rnr. 240658

YAMAHA XT 660R, árgerð 2006, ekinn 1 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 890.000. Algjör gullmoli. Rnr. 240780

TM BÍLALÁN

TOPPBÍLAR bílasala

Kletthálsi 2 – 110 Reykjavík Sími 587 2000

Opið virka daga 10-18 • Lokað lau. í des. • Sun. lokað • www.toppbilar.is

Bílabankinn

S: 588 0700

HYUNDAI SANTA FE DIESEL NÝR 2007
Leður,topplúga,álfelgur,kastarar,filmur,ofl. Verð 4250 Þús

TOYOTA LANDCRUISER 100 VX 8/2005Ek. 8 þkm,ssk,leður,top plúga,álfelgur,geislaspilari,bakk-skynjari,ofl. Verð 7100 Þús

DODGE DURANGO 5.7 HEMI 3/2006 Ek.16 þkm,leður,geisla-spilari,álfelgur,ofl. Verð 4095 Þús

HYUNDAI TERRACAN CRDI 2.9 DÍSEL NÝR BÍLL
Leður.a/c,7 MANNA,stigbretti.álfelgur,ofl. Verð 4180 Þús

FORD TRANSIT T350 MILLILAN-GUR HÁÞEKJU ÁRG 2004 Ek.69 Þkm,bsk,útvarp,ofl. Verð 2353 Þús

RANGE ROVER 3.0 DÍSEL 5/2002 Ek.118þkm,leður,topplúg a,hiti í sætum,vel búinn bíll Verð 6900 Þús

BMW 530 DISEL ÁRG 2005 Ek.58 þkm,leður,topplúga,hraðastillir, 19" felgur,ofl. Verð 5900 Þús

FORD F-350 KING RANCH 6.0L DÍSEL ÁRG 2007 Leður,hiti í sætum,hraðastillir,dráttarkrók,ofl. Verð 5250 Þús

M.BENZ CLK 55 AMG ÁRG 2003 Ek. 97 þkm,leður,topplúga, filmur,ofl. Verð 7950 Þús

DODGE GRAND CARAVAN SE ÁRG 2006
Ek.10 þkm,geislaspilari,4 kaftein stólar,sæti afteri niðurfellanleg ofaní gólf,ofl. Verð 3400 Þús

Bílabankinn

BÍLABANKINN
S: 588 0700
www.bilabankinn.is
Bílakjarnanum • Breiðhöfða

Sölumenn : Ævar Hallgrímsson – Axel Bergmann – Árni Þór Jónsson

BÍLAR & FARARTÆKI

bílasalinn.is

Subaru Impreza 2.5 WRX STI 4x4 árg. 2004 ek. 25.þ. míl., bsk., álf, 300 hö, stillanlegt fjórhjóladrif ofl. ofl. V. 3.290þús. áhv. 2.550.þús / 43.þús á mánuði. Uppl. í s. 461 2525 og www.bilasalinn.is

Toyota Hilux D/C 2.5 DT skr. 03/'06. Ek. 18 þús, bsk., plasthús, dráttabeisli ofl. V. 2.960 þús. Ath. skipti á ódýrari. Uppl. í s. 461 2525 og www.bilasalinn.is

Toyota Rav4 2.0 GX skr. 08/'06 ek.6-.þ.km, ssk, álf, dráttarbeisli, sílsarör ofl. V. 3.200 þús. Áhv. ca. 2.500 þús / 40 þús á mán. Ath. skipti á ódýrari. Uppl. í s. 461 2525 og www.bilasalinn.is

Toyota Land Cruiser 90, GX 3.0 DT. Skr. 03/'99. Ek. 203. þ. km, ssk., dráttar-beisli, ný dekk, einn eigandi. V. 1.850 þús, mögulegt 90% lán. Uppl. í s. 461 2525 og www.bilasalinn.is

Dodge Intrepid 2,7 ltr, árg. 2001. Ek. 44. þ. míl, ssk., álf., krókur, ofl. V. 1.590 þús. Tilboð 1.490 þús. Uppl. í s. 461 2525 og www.bilasalinn.is

Toyota Hiace 4x4 2.4 DT langur, skr. 03/'06 ek. 20 þ. km, bsk., s/v dekk á felgum, krókur, klæðning aftan. V. 2.550 þús. Uppl. í s. 461 2525 og www.bilasalinn.is

bílasalinn.is

Honda Civic LSI 1.5 s/d, skr. 06/'98 ek. 105 þ. km, ssk., álf., Flott eintak. V. 590 þús. Uppl. í s. 461 2525 og www.bilasalinn.is

Polaris Switchback FST 750 turbo intercooler árg. 2006, ek. 900 km, 151"x15"x50 mm skrúfað belti, rafstart, bakkgír, ofl. V. 1.230 þús. áhv. Uppl. í s. 461 2525 og www.bilasalinn.is

Gas Gas EC 300 árg.2006 ek.1800 km, 6 gíra, Öhlins fjöðrun aftan og framan, götuskráð (hvítt nr.) V. 790 þús. Mögulegt 90% lán Uppl. í s. 461 2525 og www.bilasalinn.is

Yamaha YZ 125, árg. 2005 í álstelli, 5 gíra V. 450 þús. Notað eitt sumar. Ath. skipti á 2006 eða 2007 árg. af fjórgengis Enduro hjóli. Uppl. í s. 461 2525 og www.bilasalinn.is

Bílasalinn.is
Hjalteyrargötu 2, 600 Akureyri
Sími: 461 2525
http://www.bilasalinn.is

100bílar.is

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla og vélsleða á skrá og á staðinn. Stórt útiplan og 700m2 inni-salur. Erum einnig með mikið úrval af mótorhjólum. 100 bílar ehf s. 517 9999 www.100bilar.is opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17.

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17
www.100bilar.is

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is

DODGE RAM 2500 QUAD 4X4ST DÍSEL 35" árg 2004, ek. 40 þ.mílur. Verð 3.790 þ. Áhvílandi 1.500 þús. Flott eintak. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.

RENAULT MEGANE COUPE, árg 11/2003, ek. 57 þ.km. Verð 1.590 þ. Áhvílandi 1.240 þús. Afborganir 25 þús á mánuði. Flott eintak. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
www.heimsbilar.is

BÍLAMIÐSTÖÐIN

Nissan Terrano Luxury, árgerð 2000, ekinn 140þ. km, beinskiptur. Gullfallegur jeppi. Verð 1.540þ. Möguleiki á 100% láni.

Bílamiðstöðin
Hyrjarhöfða 2, 112 Rvk.
Sími: 540 5800
www.bilasala.net

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar

Sjálfskiptur!!! Toyota Yaris 1300 SOL, árg. 2/2003 ekinn aðeins 49þ.km. Rafm. CD-spilari, Smurbók o.fl. V. 1.290þ. Er í ábyrgð hjá Toyota. Flott eintak! Möguleiki á allt að 100% láni. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 2, s. 562 1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bílalíf
Kletthals 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
www.bilalif.is

bíla land B&L
notaðir bílar
www.bilaland.is
BÍLL DAGSINS

DODGE RAM Nýskr: 06/2004, 4700cc 4 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur, Ekinn 79.000 þ. Verð: 2.690.000

Bílalans, B & L
Grjóthálsi 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is

TIL SÖLU

NÝR Mercedes Benz 815 Atego

Heildarþyngd 8,6 t
27 m³ kassi
MBB lyfta 1500kg
Þráðlaus fjarstýring
Heilopnun + gönguhurð
Bakkmyndavél
Útvarp CD
Spoiler

Vélheimar ehf
Þjónustuaðili: KHG Þjónustan
Eirhöfða 14, Reykjavík s. 587 5414

Bílar til sölu

Nú er rétti tíminn til að panta draumabátinn fyrir sumarið! Margar gerðir í boði. www.vatnasport.is S. 822 4060.

Ford Expl Exec XLT 4.0 '97. Frá umb. ek 210þús km. Góður bíll í mjög góðu standi, margt endurnýjað. Ssk m/ öllu, reykl, góð dekk ofl ofl. Topp eintak. Verð aðeins 580þ. Ákv. 230þ vaxtalaust 15þ pr mán. S. 892 5794

Hyundai Getz, árgerð 2006, vél 1,4. Ekinn 4þús. Verð 1.510þ. Tilboð 1.260þ. S. 861 6260.

Jeep Liberty Limited 4x4, árg. 06/02, 3,7l vél, 212 hö. Ek. 83þ. Leðursæti, topplúga og hlaðin aukahlutum. Verð 1.950þ. Ákv. 798þ. erl. mynt karfa. Glæsilegt eintak. S. 899 8049.

VW Caddy 2002 seint á árinu, ek. 65 þús. km. Nýskoðaður '08. Fæst á 100% láni 699 þús. S. 691 4441, ekkert út !!!!

VW Passat, 2,0, 12/'03. Ssk, álf., krómpakki, ofl. V. 1.590 þús. Stgr. 1.450 þús. S. 695 4777.

Til sölu er Volvo S 40. Árg 2000. Ekinn 101 þ km. Skoðaður '08. Sjálfsk. Hiti í sætum, kastarar, spoiler. Topppbíll. Góður stgr. afsl. Uppl. í s. 849 5000.

Tilboð 249 þúsund

Daewoo Nubira árg. '99. Ssk. Ný sk. '08. Vetrard. og ný sumard. Bílasöluverð 390þ. Tilboð 249þ. Uppl. í s. 690 4045.

Til sölu Mitsubishi Pajero sjálfskiptur, ekinn 190 þús. km í góðu ástandi. Er á loftbóludekkjum. Upplýsingar í síma 866 9587.

Toppbílar. Polo árg. '00, 1.4, 5d., v. 370þ. Sonata árg. '97, v. 270þ. Báðir sjálfsk. Ath. skipti. Uppl. í s. 690 1433.

0-250 þús.

Fallegur bíll. Daihatsu Charade '97, ek. tæp 60.000. Verð 250 þús. S. 663 5659.

Toyota Corolla árg 1998, ekinn 151 þús. Ný vetrardekk og sumardekk. Verð yfirtaka láns. S. 844 6690.

Ford Escort van '96 til sölu, 88.000 km. Góður bíll. 140.000 kr. Baldur s: 899 9799.

Sjálskiptur & ný dekk

Hyundai Accent árg.'96, ekin 110 Þús. 5 dyra. sko'08. Tilboð 160 þús. Sími 691 9374.

VW Golf árg'97. Ek 147 Þús. 5 dyra. Heilsársdekk. Lystaverð 350 þús, tilboð 200 þús. Sími 691 9374.

HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI

www.rs.is

Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!

Garmin nüvi 660

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu, með stórum skjá en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukku, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN Bluetooth radiomidun R. SIGMUNDSSON

Umboðsmenn **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin · **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan · **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs · **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

6000 snúningar

MIÐVIKUDAGUR 21. FEBRÚAR 2007

Þarftu betri bíl?

Þarftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl? Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

Ofursportbíll með hreina samvisku

Toyota er ríkasti bílaframleiðandi í heimi, þeir eru á hraðleið með að verða þeir stærstu, og hérlendis bera þeir höfuð og herðar yfir aðra keppinauta. Samt framleiða þeir bíla sem upp til hópa eru álíka spennandi og grænkálssúpa. En ekki þessi. 400 hestöfl og hugarangrandi tog úr umhverfisvænum tvinnbíl sem mögulega getur bjargað ofursportbílnum á þessum síðustu og umhverfisvænu tímum.

Plánetan er að hitna eins og hún sé í örbylgjuofni. Spjótin standa á bílaframleiðendum að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda og þá sérstaklega hjá bensínþyrstum ofursportbílum. Varla er hægt að stíga á bensíngjöfina án þess að fá samviskubit og biðja ísbirnina afsökunar í huganum. Þess vegna er Toyota FT-HS algjör himnasending en hann gæti mögulega verið sá bíll sem bjargar sportbílasenunni.

FT-HS er tvinnbíll, rafmagns- og bensínbíll, og skilar það sér í mun minni bensíneyðslu og þar af leiðandi minni útblæstri. Ekki rugla þessum saman við Prius. Toyota er búið að sýna með Lexus að hægt er að nota tvinntækni í að búa til spennandi bíla og hugsa um umhverfið á sama tíma. FT-HS skilur hins vegar alla aðra eftir í rykinu. Rafmagnsmótorarnir (en þeir verða tveir í FT-HS) minnka ekki bara útblástur heldur skila þeir gríðarlegu togi sem er nákvæmlega það sem þarf til að koma bíl frá núlli upp í rosalega hratt á minni tíma en það tekur að segja ofursportbíll.

En það fylgir böggull skammrifi. FT-HS er að hluta til rafmagnsbíll og það þarf ekki að gera annað en að taka upp tvö AA batterí til að geta sér til hver vandinn er. Rafhlöður eru þungar og þær tvær sem verða í FT-HS koma til með að vega 180 kíló. „Ekki örvænta," segir Chiharu Tamura, yfirmaður þróunardeildar hugmyndabíla hjá Toyota. „Mikið verður af koltrefjum í bílnum og ætti það að halda þyngdinni í 1,6 tonnum." 1,6 tonn gera hann að þybbna stráknum í bekknum en þrátt fyrir það verður hann vel liðtækur í fótbolta í frímínútunum.

FT-HS er ekki bara spennandi hvað varðar tækni og aksturseiginleika heldur líka vegna útlitsins. Við fyrstu sýn minnir hann á bíl úr vondri framtíðarmynd þar sem allur peningurinn fór í tæknibrellur og sviðsmynd áður en uppgötvaðist að handritið var drasl. Samt sem áður virðist allt ganga upp og þó svo að línurnar eigi eftir að mýkjast töluvert ef bíllinn fer í framleiðslu lítur hann vel út með sitt klíníska og minímalíska þema.

Inni í bílnum tekur við önnur veröld. Framtíðin er hér stendur skrifað skýrum stöfum á öllu innviðina.

Snertiskjáir á víð og dreifð, stýri sem seint mun lifa af fjöldaframleiðslu, gírstöng sem minnir á … ekki neitt því slíkt hefur aldrei sést.

Vandamálið við hugmyndabíla er að þeir eru bara hugmynd og ekki framleiðsluvara. Þegar þeir loksins rata í framleiðslu eru þeir orðnir eitthvað allt annað en til stóð og hefur fjöldaframleiðslan og óttinn við íhaldssaman markaðinn tekið beittustu brúnina úr hönnuninni. Það góða við FT-HS er að þrátt fyrir að vera hugmyndabíll er fátt í honum sem reynst gæti Toyota erfitt að fjöldaframeiða. Þar að auki virðist mikill áhugi innan fyrirtækisins að framleiða bílinn en illa hefur gengið að búa til sportbíl síðan Toyota Supra kafnaði í eigin útblæstri (CO_2 útblásturinn var svo mikill að bíllinn var langt frá því að uppfylla stranga útblásturssstaðla).

FT-HS á raunhæfan möguleika að verða framleiddur og það í nokkuð óbreyttri mynd. Ef hann kemst á götuna, en það verður ekki fyrr en í fyrsta lagi 2010, mun hann umbreyta sportbílasenunni gjörsamlega. Í fyrsta sinn verður hægt að keyra bíl sem er er fallegur, hraðskreiður, eyðslugrannur, án þess að hafa það á samviskunni að Vatnajökull hverfi og Holland drukkni. *- tg*

Toyota FT-HS stendur fyrir Future Toyota Hybrid Sports. Hann kemur til með að eyða 8 lítrum á hundraðið þrátt fyrir að vera 400 hestöfl.

FT-HS er í raun svokallaður targa-bíll því hægt er að renna koltrefjaþakinu aftur og fá vindinn í hárið.

Snertiskjáir, furðulegt stýri, einstök gírstöng og sæti úr Star-Trek prýða FT-HS. Allt útlit bílsins, bæði að innan og utan, er afar vel heppnað.

Bless, bless analog nálamælar og góðan daginn fyrstu stafrænu mælar sem líta virkilega vel út.

Það er eitthvað við FT-HS sem minnir á Supra, ódýra sportbílinn sem því miður kafnaði í eigin útblæstri.

Astra la vista, baby

Nýr, fallegri og miklu betri Opel.

JÓNSSON & LE'MACKS • SÍA Ljósm.: Torfi

Verð frá **1.890.000,-**

VEGLEGUR SPORTPAKKI FYLGIR MEÐ ASTRA ENJOY; LITAÐAR RÚÐUR OG VINDSKEIÐ.

Nýi Opel Astra er fallegasti bíllinn á götunni. Það fyrsta sem þú finnur er hversu lipur hann er í akstri. Stórglæsileg hönnun Opel Astra helst í hendur við kraftmikla vél og magnaða akstureiginleika og hann er drekkhlaðinn aukabúnaði sem gerir aksturinn ennþá ánægjulegri. Astra er mjög öruggur bíll og fékk fimm stjörnur í árekstraprófunum. Opel Astra var mest seldi bíll Evrópu árið 2006 og Opel var valin besta þýska bíltegundin árin 2005 og 2006. Það er ljóst að þeir ætla ekki að gefa neitt eftir árið 2007.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00. Laugardaga kl. 12:00–16:00.

Bíll á mynd; Astra OPC 2.0, 240 hö., leðursæti, 18" álfelgur o.m.þ. verð 2.590.000,-

HYWEMA
Vörubílalyftur

Færanlegar vinnuvélalyftur
Fyrir fólksflutningabíla,vörubíla, vinnuvélar og önnur tæki
Með hinum þekkta Hywema sjálflæsandi öryggisbúnaði.
Lyftigeta allt að 60 tonnum
Þýsk gæðavara, 40 ára reynsla ISO 9001
AFLHLUTIR
Völuteigur 4 s. 544-2045
www.aflhlutir.com

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Isuzu D-Max er tiltölulega ódýr, virkar traustur og er fullfær í torfærurnar. Fjöðrunin gerir það þó að verkum að hann verður óstöðugur í torfærum á mikilli ferð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Burðargeta á góðu verði

REYNSLUAKSTUR

Derhúfa, Labradorhundur og haglabyssa ættu samkvæmt ímyndinni að vera staðalbúnaður í pallbílum. Ekkert slíkt fylgir Isuzu D-Max, þrátt fyrir að þar sé á ferðinni fyrirtaks pallbíll.

Isuzu D-Max er eins og flestir pallbílar. Hann er kröftugur í útliti en um leið íhaldssamur, hann á að höfða til testósteróns án þess að styggja fastakúnnana, hann á að blanda saman notagildi og einhvers konar harðkjarna pallbíla-ímynd. Fátt er nýtt eða byltingakennt í útlitinu enda óþarfi að laga það sem ekki er bilað.

Ýmislegt er gert til að gera bílinn kröftuglegan. Loftinntakið á húddinu er stórt, sem er gott en frekar óþarft, og útstæð stefnuljósin á bakspeglunum minna á eyrnalokk á mótorhjólakappa. D-Max ber lokkinn vel og fellur hann vel inn í karlmannlega hönnunina (þó deila megi um hversu karlmannlegur eyrnalokkur getur verið).

Að innan er bíllinn líka karlmannlegur, öðru nafni smekklaus. Bláir og rauðir litir mælaborðsins minna á einhvers konar Tókýó-drift kappakstursbíl og silfurlita plastið innsiglar örlög mælaborðsins. Þetta er synd vegna þess að fyrir utan litaval er mælaborðið aðgengilegt og auðlesið, allir takkar nokkurn veginn á réttum stað og allar útlínur í samræmi við restina af bílnum.

Þjóðvegaakstur á D-Max er, eins undarlega og það hljómar, ánægjuleg reynsla. Búið er að bæta einangrun farþegarýmis frá fyrri útgáfum þannig að bíllinn er hljóðlátari. Þægilegt er að sitja í bílnum þrátt fyrir að fjöðrunin sé svo stíf að hinar fjölmörgu holur íslenskra þjóðvega minna óþægilega á sig. Það er hins vegar verð sem borgað er með bros á vör fyrir burðargetu D-Max en af henni er feikinóg.

Engum dylst að D-Max er beint nær eingöngu gegn Toyota Hilux. Ekki þarf að líta lengra en á auglýsingar og heimasíðu Isuzu: „Ef þú ert að bíða eftir einhverjum öðrum pallbíl (nefnum engin nöfn en segjum til dæmis að það byrji á H-i og endi á -lux) ertu að sóa tíma þínum.“ Þegar kemur að útliti og aksturseiginleikum dæmir hver fyrir sig og því felst eini óhyggjandi samanburðurinn í tölum. Hilux er kraftmeiri í hestöflum talið (171 á móti 163), D-Max hefur hins vegar sigurinn í togi (360 á móti 343 Nm), og burðargeta D-Max er meiri, 1.030 kg á móti 885 kg Hilux. Mesti munurinn liggur þó í verðinu, en þar hefur D-Max töluvert forskot. Nóg um það. Toyota er Toyota og Isuzu er Isuzu með öllum kostum og göllum sem merkjunum fylgja.

Burtséð frá öllum samanburði er D-Max ágætis bíll, svolítið grófur, en fyrst og fremst á fínu verði. Þá er bara að fá sér hund og byssu, en þeir hjá Ingvari Helgasyni geta örugglega látið derhúfu fylgja.

tryggvi@frettabladid.is

Mælaborðið í D-Max er hannað með hagkvæmnissjónarmið að leiðarljósi.

ISUZU D-MAX

Vél: 3,0 lítra dísil
163 hö / 360 Nm
Þyngd: 1.920 kg
Meðaleyðsla: 7,5 l/100 km
Verð prufubíls: 2.790.000 kr
Verð frá: 2.690.000 kr

Plús:
Verð
Eyðsla

Mínus:
Útlit mælaborðs
Lítið úrval af gerðum

Aðrir sem vert er að skoða:
Toyota Hilux
Ford Ranger
Musso Sports

D-Max kostar 2.790.000 krónur sjálfskiptur og fyrir um 3,4 milljónir fæst hann upphækkaður á 32“ dekkjum. Það verður að teljast nokkuð gott verð.

Viltu lengri endingu?

Láttu okkur sandblása og pólýhúða felgurnar í hvaða lit sem er með Epoxy grunn, Polyester lit og Acryl glæru.
Það verður ekki sterkara!
Pólýhúðun
Powder coating
Smiðjuvegi 1 • s. 544-5700 • www.polyhudun.is

100% FJÁRMÖGNUN

Nýr Chevrolet **Lacetti** Station á aðeins **26.980,-** á mán.*

- **100% fjármögnun** ✓
- **Engin útborgun** ✓
- **Í erlendri mynt, vextir 4,27%** ✓
- **3 ára ábyrgð** ✓✓✓

Chevrolet **Lacetti**
frá GM **stærsta bílaframleiðanda í heimi**
Verð: 1.899.000,-

Aukbúnaður á mynd: **Álfelgur**

*m.v. 84 mánaða bilasamning (í erlendri mynt, vextir 4,27%)

Engin útborgun…
…og þú ert kominn á **nýjan fjölskyldubíl!**

Lacetti

Vertu klár – engin útborgun fyrir nýjan bíl

Þú færð nýjan fjölskyldubíl úr kassanum með 100% fjármögnun og borgar aðeins **26.980 kr.** á mánuði. Billinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með **3ja ára ábyrgð** og Chevrolet gæðastimplinum. **Vertu því klár**, komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.

Bílabúð Benna

Tangarhöfða 8-12	Sími 590 2000	www.benni.is	Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.

CHEVROLET

Framtíðin er nær en þú heldur

Undir lok síðasta árs var kynnt nýjasta útgáfan af Honda FCX bílnum sem gengur fyrir vetni og mengar því ekki.

Á næsta ári hyggst Honda hefja framleiðslu á FCX vetnisbíl sínum í Japan og Bandaríkjunum. Miklum tíma og fjárhæðum hefur verið varið innan fyrirtækisins í þróun á þessum bíl en fyrsta útgáfan af honum var kynnt til sögunnar árið 1999.

Áhugi almennings á umhverfisvernd er sífellt að aukast og samhliða því verður löggjöf um útblástur bifreiða strangari. Kaliforníuríki í Bandaríkjunum tók af skarið en þar voru sett lög með nokkurra ára fyrirvara um að ákveðinn fjöldi bifreiða þar þyrfti að vera laus við loftsmengun. Þá er átt við að enginn koltvísýringur, nituroxíð eða brennisteinsoxíð ætti að mælast í útblæstri þeirra. Þetta ákvæði þrýsti á hraðari framþróun vetnis- og rafbíla.

Japanska fyrirtækið Honda hefur verið leiðandi á þessu sviði og árið 2003 fékk fyrsti útblásturslausi fjölskyldubíllinn vottun frá umhverfisstofnun Bandaríkjanna en hann var framleiddur af fyrirtækinu. Á síðustu árum hefur Honda lagt mikla áherslu á svokallað FCX verkefni en FCX er skammstöfun á Fuel Cell eXperimental.

FCX bíllinn gengur fyrir vetni og er einstaklega hljóðlátur. Í dag eru um tuttugu þannig bílar í notkun í Bandaríkjunum en ekki er talið langt þangað til að hann kemst á almenna sölu. Einhverjir FCX bílar eiga að fara í sölu á næstu tveimur árum en samkvæmt áætlun Honda á útbreiðsla þeirra að komast í hámæli árið 2018.

Fyrsta útgáfan af Honda FCX kom árið 1999 og var tveggja dyra og fjögurra sæta. Vélarafl bílsins var 80 hestöfl en árið 2002 fengu borgaryfirvöld í Los Angeles fyrsta þannig bílinn til afnota. Í dag eru notaðir fimm svona bílar í borginni. Árið 2005 kom ný útgáfa af þessum vetnisbíl sem var að mörgu leyti lík þeirri fyrstu en hestöflin voru nú orðin 107 og farartækið sjálft orðið töluvert léttara. Hydrógenið er geymt bakvið aftursætin í bílnum.

Gerðar voru fjölmargar tilraunir varðandi bílinn og undir lok síðasta árs kom svo þriðja útgáfan en útlit bílsins hafði þá tekið mjög miklum breytingum. Nýja útgáfan er mun nútímalegri í útlit, bíllinn er fjórhjóladrifinn, fjögurra dyra og meira er lagt upp úr þægindum og plássi fyrir ökumann og farþega. Plasti, viði og leðri er blandað saman í innréttingu inni í bílnum og er útkoman mjög flott. Framleiðsla á þeim mun hefjast af alvöru í Japan og Bandaríkjunum á næsta ári.

Ótrúlega hárri fjárhæð hefur verið varið í FCX verkefni Honda enda er fyrirtækið í fararbroddi í þessum málum. Miklar vonir eru bundnar við þetta verkefni innan fyrirtækisins enda er þessi orkunotkun bifreiða framtíðin og gæti skilað fyrirtækinu í góða stöðu eftir einhver ár.

elvargeir@frettabladid.is

Nýja útgáfan af Honda FCX er mjög nútímaleg og mikið lagt í þægindi ökumanns og farþega.

Frá sýningu í september í fyrra þar sem nýjasta útgáfan af Honda FCX var kynnt.

Gömul útgáfa af Honda FCX. Eins og glögglega má sjá hefur útlit bílsins tekið stakkaskiptum.

Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?

DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:

ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA

TRUCK - LITE

Ljósasamlokurnar frá okkur eru:

ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST

et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...

Réttu vélamar í verkið!

Áratuga frábær reynsla af NEW HOLLAND vinnuvélunum á Íslandi eru bestu meðmælin!

NEW HOLLAND

Langendorf

Eigum til afhendingar strax
nokkra Langerdorf malarvagna
á hagstæðu verði!

Hafðu samband við sölumenn
okkar strax í dag!

Sölumaður Langendorf
Sigurjón P. sími 899 5549

Eigum fyrirliggjandi úrval af stórvirkum vinnuvélum sem og fjölvirkum smávélum - Veldu vél sem hentar þínu verki!

Langendorf Malarvagnar

STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími 4 123 000
www.sturlaugur.is

Virkar bæði á fjöllum og innanbæjar

Siggi Baldursson rekur verslunina Kattabúðir á Akureyri. Þar fæst ýmis búnaður og klæðnaður fyrir áhugamenn um mótorsport og útivist, en meðal þess sem Siggi flytur inn eru Raider Extreme Buggy bílarnir.

„Ég rakst á þennan bíl á sýningu úti á Ítalíu fyrir rúmu ári síðan. Ég sá strax að hönnunin hentaði íslenskum aðstæðum og að hann fengist götuskráður, sem er aðalmálið. Þessir bílar eru smíðaðir í Kína en hönnunin er amerísk. Það koma 25 bílar á næstu mánuðum, en ég er kominn með einn sýningarbíl," segir Siggi Baldursson hjá Kattabúðum á Akureyri. Hann segir viðtökurnar hafa verið góðar og margir séu áhugasamir um þessa gerð bíla.

Vélin er kraftmikil en hljóðlát að sögn Sigga.

„Afgreiðslutíminn er um 6 til 8 vikur, ef þeir eru ekki til hér hjá okkur. Bíllinn kostar 1.400 þúsund, götuskráður og fylgir með heill gangur af torfærudekkjum á felgum. Það er hægt að fá 70 prósenta bílalán á þessa bíla. Þeir sem hafa áhuga á svona bílum geta heimsótt vefsíðuna mína, www.motul.is, en þar eru allar helstu upplýsingar um bílinn og vélina í honum. Þetta er mjög virk síða fyrir þá sem hafa áhuga á útivist af þessu tagi."

Siggi segir bílinn hugsaðan sem útitæki. „Það er mjög góð fjöðrun í bílum, fjögurra punkta belti og fimm gíra kassi auk bakkgírs. Hann er því tilvalinn jafnt til fjallaferða sem og í vinnuna á sumrin. Hann passar fyrir alla, jafn ungt fólk nýkomið með bílpróf sem gamla fjallajaxla."

Siggi stefnir á mikið ferðalag á þarnæsta ári ásamt félögum sínum, en þeir hyggjast halda til Sjanghæ í Kína þar sem þeir ætla að sækja nokkra bíla af þessari gerð og keyra þá heim til Íslands. Ferðinni er heitið gegnum Rússland, Finnland og Svíþjóð til Bergen í Noregi, þaðan sem þeir taka Norrænu til Seyðisfjarðar og eru fyrirhuguð ferðalok í Aðalstræti á Akureyri.

Siggi mun keyra Buggy-bíl frá Sjanghæ til Akureyrar. Ferðin tekur um tvo mánuði og verður hægt að fylgjast með ferðalaginu á www.extreme.is.

„Ég er í sambandi við þekktan rússneskan fjallgöngumann, sem ætlar að setja upp leiðina fyrir okkur í sínu heimalandi. Við gerum ráð fyrir að þessi ferð taki um tvo mánuði en ágúst til september er víst besti tíminn að sögn heimamanna. Við erum að gera heimasíðu ferðarinnar og hún verður á www.extreme.is."

Nú er unnið að skráningu bílsins hjá Umferðarstofu og stefnir Siggi að því að sýna hann á sleðahátíð við Selhótel í Mývatnssveit dagana 9. til 11. mars. „Hann verður þar á ísnagladekkjum. Þeir sem hafa áhuga geta komið þangað og spreytt sig á ísnum," segir Siggi glaður í bragði.

hnefill@frettabladid.is

Traust og örugg fjarskipti:

maxon talstöðvar

fyrir húsbílinn eða jeppann.

Vandaðar talstöðvar sem hafa margsannað gildi sitt í áraraðir í vinnuvélum, lögreglubílum og leigubílum.

Bjóðum 4 rása og 99 rása Maxon bílstöðvar ásamt ísetningu á ótrúlega lágu verði.

maxon bílstöðvar

maxon handstöðvar

Nett, frábær loftnet á flestar gerðir bifreiða.

MÚLARADIÓ rafeindaþjónusta

FELLSMÚLA 28 108 REYKJAVÍK SÍMI: 554 1550, 588 7211

OTTÓ AUGLÝSINGAR

Fiat ætlar Bravo stóra hluti. Miðað við útlit bílsins gætu þeir vel náð markmiðum sínum.

Nýtt merki og nýr bíll frá endurfæddu Fiat

Fiat hefur ákveðið að breyta merki sínu og er hinn nýi Fiat Bravo fyrsti bíllinn til að bera merkið. Merkjabreytingin er liður í ímyndarherferð Fiat sem á síðustu árum hefur átt undir högg að sækja.

Stimpillinn sem Fiat hefur á sér er að þar séu á ferð fallegir en um leið óáreiðanlegir bílar. Fyrir um tveimur árum lofuðu þeir bót og betrun og samfara því var farið í allsherjar endurskoðun þar sem gæðamál fyrirtækisins voru tekin í gegn. Þetta er að skila sér og gengur Fiat mun betur að selja bíla sína og var til dæmis Fiat Grande Punto meðal söluhæstu bíla Evrópu á síðasta ári.

Einn þeirra bíla sem boða bjartari tíð hjá Fiat er Bravo. Bíllinn var kynntur í Róm um síðustu mánaðamót og á að sameina ítalska fágun, vandað val á hráefni og nýfengna áherslu á notagildi. Bíllinn leysir af hólmi hinn einkar óspennandi Fiat Stilo sem Fiat tapaði ómældum fjárhæðum á. Til að gera hlutina enn meira spennandi var Bravo flýtt á markað og var þróunartímabilið einungis 18 mánuðir, helmingi skemmra en gengur og gerist með nýja bíla.

Af myndunum að dæma er útlitið á bílnum eitt það flottasta sem komið hefur frá Fiat í langan tíma. Boðið verður upp á bílinn með 90 til 150 hestafla vélum og ef þær heilla til jafns á við útlitið er hér á ferð bíll sem ætti að höfða til breiðs hóps bílaáhugamanna.

- tg

Nýtt merki Fiat-samsteypunnar. Merkið á að tákna að nú sé mikill uppgangstími fram undan.

Ný ESSO stöð
við Hringbraut

Þjónustustöð ESSO er opin allan sólarhringinn

Nesti
serrano
SUBWAY

Komdu við hjá okkur og byrjaðu daginn á heitu kaffi og glóðvolgu bakkelsi á nýrri og glæsilegri þjónustustöð ESSO, á mótum Hringbrautar og Njarðargötu. Matvörur, smávörur, eldsneyti og allt fyrir bílinn. Frábær þjónusta. Bæði Subway og Serrano á staðnum.

Esso

Fíton/SÍA

IVECO
Nýr Daily

Með öll gen ATVINNUBÍLSINS
Lipur, mjúkur og hljóðlátur
með einstakt vinnuumhverfi

Staðalbúnaður:

- ***ASR Spólvörn***
- ***ABS Hemlakerfi***
- ***ESP Stöðuleikastýring***
- ***Nýr EURO 4 mótor***
- ***Tímastillt olíumiðstöð***
- ***Stórir rafdrifnir upphitaðir speglar***

Í boði eru fimm vélastærðir
Frá 106 hö. til 176 hö.

Heildarþyngd frá 2,9 til 6,5 tonn

Aukabúnaður:
6 Þrepa Rafskipting
Loftpúðafjöðrun og driflæsing

VÉLAVER

Krókhálsi 16
Reykjavík
Sími 588 2600
www.velaver.is

Traust
drátarbeisli
Ásetning á staðnum.



VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Cee'd með sjö ára ábyrgð

Um næstu helgi verður frumsýndur nýr bíll frá KIA. Hann ber nafnið cee'd, en heitið á að tákna að nú sé nýju fræi sáð sem síðar meir verður að voldugu tré. Enginn virðist hins vegar vita af hverju úrfellingarkomman fékk að fylgja með. Bíllinn er merkilegur fyrir þær sakir fyrst og fremst að honum fylgir sjö ára ábyrgð.

„Þetta er stórt og djarft skref hjá KIA en fyrir þessu er þó full innistæða," segir Óskar Páll Þorgilsson, þjónustustjóri hjá KIA umboðinu. „Með breyttum áherslum og stórauknum gæðakröfum í hönnun og framleiðslu cee´d bílanna teljum við okkur geta ábyrgst að bílarnir verði bilanafríir í sjö ár frá kaupdegi, eða sem nemur 150.000 km akstri," bætir þjónustustjóri KIA við.

Cee'd er ágætlega heppnaður bíll og með sjö ára ábyrgð ætti hann að veita helstu keppinautunum harða keppni.

Cee'd er fyrsti bíllinn frá KIA sem er sérhannaður fyrir evrópskar aðstæður. Á myndinni eru Óskar Páll Þorgilsson, þjónustustjóri KIA, og Sigurður Pálmar Sigfússon, vörustjóri KIA.

KIA rekur tólf framleiðslu- og samsetningarverksmiðjur í sjö löndum og þar eru smíðaðir alls rúmlega 1,1 milljón bílar á ári hverju. Hjá KIA vinna nú um 32.500 manns og árleg velta fyrirtækisins er um 16 milljarðar Bandaríkjadala, en KIA er sá bílaframleiðandi sem er í hvað örustum vexti.

Nýi KIA cee´d fjölskyldubílinn verður til sýnis hjá söluumboðum KIA í Reykjavík, Reykjanesbæ, á Akureyri, Selfossi og Reyðarfirði dagana 24. og 25. febrúar næstkomandi. Þess má geta að KIA verður á árunum 2007 til 2014 opinber kostandi FIFA á heimsvísu og ætti því að verða boltabíll næstu ára.

Sýnum verðlaunabílinn frá
GM Chevrolet Silverado 1500

Valinn Truck of the year af MotorTrend
Frábær hönnun
Meiri dráttargeta
V8 vél 5,3L sem skiptir yfir í V4 undir litlu álagi
315 hestöfl
Eyðsla frá einungis 10,51 lítar í langkeyrslu
Spól- og skriðvörn
Ekki hraðatakmarkari
Þarf ekki meirapróf

Eigum til örfáa nýja dísel
pallbíla án hraðatakmarkara!

ib.is
IB ehf. Selfossi
verslun
verkstæði
sérpantanir
smurstöð.
Sími 4 80 80 80 Fossnesti A 800 Selfossi

Mercedes-Benz C-Class hefur verið breytt töluvert og eru útlitsbreytingarnar til hins betra.

Mercedes-Benz C-Class tekinn í gegn

Mercedes-Benz C-Class er einn af söluhæstu lúxusbílunum hérlendis og hefur lengi verið. Aðdáendur línunnar urðu hinsvegar fyrir nokkrum vonbrigðum með síðustu útgáfu en sú nýja hefur allt að bera til að endurvekja trúnna. Betur heppnað innviði, meiri kraftur, minni eyðsla (alltaf gaman þegar maður fær meira fyrir minna), og mun fallegra útlit er það sem flestir gagnrýnendur hafa að segja.

Í þetta skiptið er C-Class ekki eins og minnkaður E-Class, heldur S-Class sem fór í megrun. Sport útgáfan með AMG pakkanum lofar sérstaklega góðu með CLK/CL grilli, 17 tommu álfelgum, CLK DTM AMG framstuðara, og 200 til 270 hestafla vélum. Á mannamáli: afskaplega fallegur bíll sem mögulega verður á viðráðanlegu verði.

Fyrir þá sem vilja mikið fyrir meira er hægt að bíða í nokkra mánuði eftir 450 hestafla útgáfu. Sértu virkilega áfjáður í eitthvað einstakt má bíða aðeins lengur og fá fjórhjóladrifna 204 hestafla dísilútgáfa. *-tg*

Hráefnisval í innviði C-Class er vandaðra en áður. Hvern langar að setjast inn og prófa?

EURO NCAP
www.euroncap.com

Fiat Grande Punto
Númer 1 í Evrópu

Frábær bíll – punktur!

- **Stíll**. Hannaður í anda Maserati af Giorgetto Giugiaro.
- **Eyðsla**. Aðeins 6 lítrar á hverja 100 km í blönduðum akstri.
- **Öryggi**. 5 stjörnur í Euro Ncap. 6 loftpúðar.

Fiat Ducato

Fiat Dobló

Fiat Panda

Fiat Multipla

Fiat Croma

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

PI PAR • SIA • 70349

Veldu Ford Explorer

Ford

Nýtt tákn um gæði

Áttu tjald?

Ilmurinn af vorinu fyllir senn eldhúsið. Nú er rétti tíminn til að gera áætlanir um hvernig sækja á heim íslenska náttúru í sumar, smyrja fjallahjólið, strauja tjaldið og skipta um bíl. Veldu annan lífsstíl. Prófaðu Ford Explorer - alvöru jeppa með hátt og lágt drif. Ford Explorer sameinar eiginleika alvöru jeppa, góða aksturseiginleika og þægindi á viðráðanlegu verði. Gerðu samanburð. Kynntu þér öryggiskerfi vinsælasta jeppa í heimi. Veldu Ford Explorer.

Vertu í hópi þeirra bestu.
Veldu Ford. Komdu í Brimborg.

Dæmi um verð:
Ford Explorer XLT Sport 4x4
4,0i V6 5 dyra sjálfskiptur 210 hö
Kr. 4.590.000*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

GG/ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

250-499 þús.

Sparneytinn og gullfalleg Astra til sölu. Reyklaus, velmeðfarinn, á álfelgum og glænýjum vetrardekkjum. Hann er þess virði að skoða og ekki verra að hann sé á tombóluverði, einungis 290 þús. Uppl. í s. 695 2728.

Til sölu gullfallegur Getz. Ótrúlega kraftmikill, 1600cc, en á sama tíma frábærlega sparneytinn, 8,5/100. Hann er 2003 árg. með topplúgu, spoileer og á álfelgum. 5 dyra beinskiptur og einungis ekinn 56. þús. Þetta er rúmgóður bíll sem þú vilt ekki missa af. Uppl í s. 695 2728.

Til sölu fallegur, svartur Kia Sportage. Árg. '02. Einungis ekinn 65 þús.k. Er vel með farinn og reyklaus. Frábærir aksturseiginleikar og góður í snjónum. Frábær jeppi á einungis 550 þús. Uppl. í s. 695 2728.

Toyota Corolla árg. '98. ssk. ek. 153þ. Listaverð 480þ. kr. Tilboð 340þ. kr. Skoða engin skipti.

500-999 þús.

Fyrir frúna eða hagsýna stúdentinn! MMC Carisma, '00, ek. 96þ km, í mjög góðu ásigkomulagi. Fæst gegn yfirtöku láns kr. 620þ. Eiríkur, s. 694 3222.

Til sölu Nissan Almera árg. '00, ek. 69 þús., 5 gíra, 6 diska CD magasín, bíll í toppstandi. S/V dekk. Selst með góðum stgr. afslætti. Uppl. í s. 863 6060.

1-2 milljónir

Grand Cherokee 38"dekk Vél 5,2 Læstingar,loftdæla og fleira. Verð 1.700.000 þús. S. 860 3804. Frábær fjallajeppi. Fallegt eintak sem vantar góðan eiganda.

Toyota Aygo árg. 06, 4 dyr. sjálfsk. ek. 15þ. 100% lán. Verð 1.200þús. S. 660 6214.

Dekurbíll! Honda CRV Advance, nýskr. 9/01. Ssk., ek. 82þ. Ás. verð 1,4m. Stgr. tilb. 1.290þ. S. 896 7776.

2 milljónir +

Vorum að fá mjög vel búna nýja Mercedes Bens ML 320 Cdi dísel. Full þjónsut ábyrgð. Sýningarbílar á staðnum. Komið og reynsluakið. Bílfang. Verð frá 6,3 millj.

Diesel

Toyota Rav4. Árg. '05. Ek. 45þ. Hvítur, mjög snyrtilegur. Áhv. 2.590þ. Verð 2.790þ. Uppl. í s. 822 4167.

Bílar óskast

Óska eftir vel með förnum smábíl. Verð 100-150 þús. S. 697 7826 & 564 0484.

Óska eftir bíl frá 0-150þ. Helst skoðaður. Uppl. í s. 848 8082.

Óska eftir bíl ekki eldri en '98, Á 0-200 þús, má þarnast lagfæringar. S. 691 9374

Óska eftir ódýrum bíl, 20-50 þ. Uppl. í s. 699 2707.

Jeppar

Santa Fe Disil ssk. 11.04. Aðeins 100 þús. út og yfirtaka á láni Mjög hagstæðar afborganir. Ek. aðeins 48 þús. Mjög vel með farinn. Allar þjónustuskoðanir, krókur, spoiler ofl. Uppl. í s. 898 8228.

Útsala. Pajero 10/96 Túrbó, Dísel. Ssk. Nýsk. Ek. 235þ. Verð 650.000. S. 562 0623 & 696 7890.

Toyota Hilux SR5 Turbo diesel. Árg 06/00. Ekinn 155 þ. 38" breyttur. Fullbreyttur m/öllum. Verð 2.790þ. Áhvl 2.340þ. Uppl. i s. 822 4167.

Izuzu Trooper. Árg 09/00. Ekinn 146 þús. 33" breyttur. Sjálfsk. Áhvl. 1,1. Listaverð 1,7. Tilboð 1.300.000 kr. Uppl. i s. 822 4167.

Til sölu MMC Pajero árg. '92, get tekið ódýrari bíl uppí. Tilboð 200þ. Uppl. í s. 616 6439.

Fornbílar

Til sölu Chrysler Newport árg. 1966. Verð 850 þúsund. Uppl. í s. 867 3022.

Sendibílar

LDV maxus sendibíll, árg. 06/06. Ekinn 24 þús. Beinsk. Háþekja með hurðum allan hringinn. Kostar nýr 3,6, áhvl. 2,3. Tilboð 2.550.000 kr. Uppl. i s. 822 4167.

Hópferðabílar

Clubstar '93, 31 manna WC, eldhús, ek. 547.000. Góður og fallegur bíll. S. 566 7420 & 892 3102.

Húsbílar

BÍLAR TIL SÖLU

Bílás ehf.

BÍLASALA ☎ 431 2622

Lexus RX 300 2/2005 ek. 22.000 einn með öllu Gullmoli verð 4.980.000

Renault Megane Scenic II 2/2004 Dinamic með glertopp beinsk. ek. 41.000 áhvílandi 1.330.000 verð 1.850.000

Renault Megane II sport tourer 12/2005 beinsk. ek. 26.000 verð 1.870.000

Geo Tracker (Grand vitara) 1/2001 ssk. ek. 44.000 Mílur. Loftkæling cruse control vd. + sd. á álfelgum ofl. áhvílandi 900.000 verð 1.250.000

MMC Pajero 2.5 TDI 33" beinsk. ek. 178.000 ágætis bíll verð 990.000 ath. greiðslukjör.

Hyundai Trajet GLS 5/2002 ssk. ek. 86.000 áhvílandi 1.030.000 verð 1.370.000

Renault Megane II sport tourer 7/2004 ssk. ek. 40.000 álfelgur ofl. áhvílandi 1.350.000 verð

Hyundai Getz GLS 9/2005 ek. 10.000 áhvílandi 1.050.000 verð 1.350.000

Ford Transit kassab. 1997 vörulyfta verð 680.000

Bílás ehf.

Þjóðbraut 1, 300 Akranes, sími 431 2622

Erum með söluumboð fyrir B/L og Ræsi

567 2277 NÝJA www.notadirbilar.is

BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Þjónustusími Nýju Bílahallarinnar er 861 2165.
Sölum. Ingimar • Lalli • Stefanía • Árni

LAND ROVER DISCOVERY SERIES II nýsk 4/2000 km 126 ssk,álfe,7 manna,35"dekk verð 2.190þ ákv 1.500þ

LEXUS RX300 NÝSK 11/2003 KM 40Þ SSK.LEÐU.LÚGA.ÁLFE.V 3.990Þ ath skipti. topp bíll.

M.BENZ ML 350 nýsk 9/2005 km 24þ ssk.álfe.lúga.leður og fl verð 6.500þ ath skipti

NISSAN PATROL LUXURY NÝSK 2/2006 KM 9Þ SSK.ÁLFE.7 manna 35" dekk og fl verð 4.490þ ákv 4.490þ

SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI nýsk 7/2004 km 34eþ 5g verð 1.450þ yfirtaka + söluþ.

PEUGEOT 107 TRENDY 1.0l nýsk 10/2006 km 3þ 5g verð 1.380þ ákv 760þ

VW POLO BASICLINE nýsk 6/04 km 42þ 5g verð 1.080þ áth skipti.

TOYOTA YARIS SOL nýsk 9/06 km 1þ 5g álfe verð 1.790þ ákv 1.400þ

HONDA CBR1000 RR nýsk 4/06 km 1þ verð 1.350þ ákv 940þ

POLARIS SPORTMANN 700 árg 2004 km 3þ verð 790þ

SJÓVÁ FJÁRMÖGNUN Þín leið

Til sölu er Dodge Ram 150 árg. '84, 38" breyttur húsbíll, nýupptekin sjálfsk., 318 cid, CD og NMT, gasmiðstöð, vaskur og helluborð og aukatankur o.fl. Þarfnast lagfæringar. Nánari uppl. í síma 661 8904.

Pallbílar

TOYOTA - LEXUS7,5 l/100 innanbæjar!

Sparaðu yfir 2 milljónir króna við kaup á Toyota Highlander lúxusjeppa sem byggir á Lexus RX400 grunni. 268 hestöfl. 7,5 lítrar á 100km innanbæjar! Meiri lúxus og minni eyðsla en Toyota Landcruiser. Hybrid er „mun haghvæmari en dísel" segir forstjóri Toyota. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Toyota Highlander lúxusjeppi 208 hestöfl nær nýr 2006 frá Kr. 3.790.000, splúnkunýr 2007 frá Kr. 4.390.000. Splúnkunýr Lexus RX400 frá kr. 5.750.000. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Aldrei betra verð!

Gríptu nýjan eða nýlegan jeppa á útsölu meira en milljón undir markaðsverði! Bílinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Toyota Fjcruiser torfærujeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísel! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Ford Útsala í dag!

Erum með nokkra Ford Explorer árgerð 2006 nánast eins og nýja á mjög hagstæðu útsöluverði í dag. T.d. XLT Kr. 2.690.000, Eddie Bauer kr. 3.250.000 og LIMITED kr. 3.790.000. Berðu saman við markaðsverð á sambærilegum bílum sem er 4 - 5 milljónir! Íslensk ábyrgð fylgir öllum okkar bílum. Útvegum hagstæð bílalán. Hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Öll helstu merkin, fólksbílar, pallbílar og jeppar, sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Pallbílar á Útsölu!

Aldrei verið betra kauptækifæri. Nær nýjir 2006 Ford F150 frá kr. 1.750.000! Stærri pallbílar Ford 350 og Dodge RAM 3500 árgerð 2006 með fjórhjóladrifi og díselvél og engum hraðatakmarkara frá kr. 3.190.000. Hringdu núna og festu gott eintak á útsölu. Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Fjórhjól

Óska eftir sléttum skipum á Ford Fiesta og á fjórhjóli. Allt kemur til greina. Verðhugmynd um 250 þús. Uppl. í s. 896 2008.

Hjólhýsi

Rýmingarsala

Rýmingarsala á Hobby hjólhýsum Rýmum fyrir árgerð 2007, allra síðustu húsin með miklum afslætti, Fyrstur kemur fyrstur fær, húsin eru hlaðin aukabúnaði, allt að 400.000 kr afsláttur. Hobbyhúsið umboðsaðili fyrir Hobby á Íslandi. Dugguvogi 12. S. 517 7040 www.hobbyhusid.is

Fellihýsi

Vinnuvélar

Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

Lyftarar

Körfubílaleigan.

Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

Bátar

Suzuki utanborðsmótorar

Suzuki utanborðsmótorar í miklu úrvali. Frábær verð. Suzuki Umboðið ehf. S. 565 1725 www.suzuki.is

Bílaþjónusta

Varahlutir

Bílapartasalan Ás

Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

Hedd Dráttabílaþjónusta & Bílapartar.

Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Iðndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar s. 565 3323

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Rafstilling ehf. Dugguvogi 23

Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.
Sími 581 4991, GSM 663 4942.

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560

Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning.

Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

Partasalan Sími 557 7740

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Japanskar Vélar, Bílapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla ofl, auk flestra gerða af Fiat. S. 893 2284 & 565 3400.

Varahlutir í Sunny árg. '93, Legacy '93, Accent '95. S. 896 8568.

KEYPT & SELT

Til sölu

Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is

Verslunin hættir!!

Ekkert undir 50-90% afslætti. Opið laugardag 11-16 og sunnudag 13-17. Sigurstjarnan, s. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin).

Mjög vönduð sérsmíðuð járnhilla, 2m á breidd, til sölu á góðu verði. Uppl. í s. 867 9612.

Þvottavélar & Þurrkarar

Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar. 5 og 9kg. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Lagerhillur óskast. Upplýsingar í síma 861 6811 & 699 6811.

Hljóðfæri

Úrval af harmonikum í ýmsum stærðum og gerðum, auk fylgihluta, ólar, pokar, harmonikunótur, harmoniku geisladiskar. Mjög hagstæð verð EG-tónar. Sími Akureyri 462 7374 & 660 1648, sími Reykjavík 568 3670 & 824 7610. Harmonikukensla fyrir byrjendur.

Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir

Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

Vélar og verkfæri

Metabo. Borðsagir og bútsagir Ásborg - Smiðjuvegi 11. S. 564 1212.

Til bygginga

Gröfur/Vörubílar.

Gröfum grunna, útvegum efni. Gröfum fyrir skolp- og frárennslislögnum.
Upplýsingar í síma 822 2660.

Verslun

TIL SÖLU

KERRUR TIL SÖLU

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og heimili. Einnig flutningsþrif. S. 848 7367.

Orkuboltastelpurnar. Alþrif og hreingerningar. Kvöld- og helgarvinna. S. 663 7366.

Tökum þrifin í gegn
Tökum að okkur öll almenn þrif fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Skúrís. S. 846 0864.

Garðyrkja

Vetrarklippingar
Tökum að okkur klippingar og önnur garðverk. Sláttumenn. S. 846 0864.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

Fjármál

Fjárhags- og reksrarráðgjöf
Gerum tilboð í fjárhags og rekstrarráðgjöf að kostnaðarlausu. Uppl. í s. 517 7701 & markadsstofan@markadsstofan.is

Ráðgjöf

Fjárhags- og reksrarráðgjöf
Gerum tilboð í fjárhags og rekstrarráðgjöf að kostnaðarlausu. Uppl. í s. 517 7701 & markadsstofan@markadsstofan.is

Málarar

Þarftu að láta mála?
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

Flísalögn, múrvinna, málun, smíði...
Við viljum fleiri múr og málaraverkefni. Erum röskir og þrifum eftir okkur. Gerum tilboð þér að kostnaðarlausu. www.husverk.is S. 699 5678.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Búslóðarflutningar
Píanó flutn. og allir alm. flutn. Allar stærðir bíla. Aukamaður ef óskað er. Uppl. i s. 616 1108 & 692 7078.

Húsaviðhald

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakvið. - múrvið. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.





Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípulögnum og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Teiknistofan Síðumúla 1 Húsateikningar, lagnateikningar, verkteikningar tækniteiknun Byggingastjórn, eftirlit, ráðgjöf í síma 661 7280 & 898 8689.

Stíflujþónusta

Spádómar

Bella.is s. 5 67 07 57. EURO/VISA
Spilaspá. Tarot. Draumaráðningar. Andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem vilja. Áratuga góð reynsla. Kl. 16 - 24 virka daga og 18 - 24 laugardaga.

Bella.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 6414. Símaspá, draumaráðningar.

Fjárhags- og reksrarráðgjöf
Gerum tilboð í fjárhags og rekstrarráðgjöf að kostnaðarlausu. Uppl. í s. 517 7701 & markadsstofan@markadsstofan.is

Vonarljós til þín s. 823 7181 VISA/EURO
Ertu með áhyggjur af framtíðinni? Er spennandi tími framundan. Miðlun, símaspá, fyrirbænir, trúnaður. Opið alla daga frá 10-01.00 eftir miðnætti. Laufey miðill.

Rafvirkjun

TIL SÖLU EÐA LEIGU

GISTING Á SPÁNI

TILBOÐ

TIL SÖLU

Trésmíði

Trésmiður
Vantar þig trésmið? Er komið að endurnýjun? Get bætt við verkefnum úti sem inni. Gluggar og lausafög! Tilboð / Tímavinna.
Upplýsingar í síma 895 9801 eða fax 482 4854.

Viðgerðir

Pípulagnaviðgerðir sími 897 3656
Pípulagnaviðgerðir á öllu höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 897 3656.

Tek að mér smærri og stærri verk. Allt frá uppsetningu gardínustanga til breytinga á húsnæði. (Málun, parketlagnir,viðgerðir, flísalagnir). Fljót og örugg þjónusta. Þinn eigin- maður s. 699 2699.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

Komdu með í átak!
Erum að fara af stað með hóp þar sem áhersla er lögð á að léttast og láta sér líða vel. Aðhald, reglulegar mælingar, fræðsla og árangurstengd verðlaun í boði. Nánari uppl. hjá Írisi í s. 862 4207 eða Gunnari í s. 864 6447.

Líkamsrækt

Jóga í Rósinni Bolholti 4 Öndunaræfingar, jógastöður, slökun og hugleiðsla. Kristín Sjöfn jógakennari, kristinsjofn@simnet.is. Gsm 899 7809, www.rosin.is, www.heilsubankinn.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Viltu nudd ? Hafðu samband í síma 869 6914.

Snyrting

HEIMILIÐ

Dýrahald

Til sölu meyer's parrot með búri og öllu sem til þarf, Fuglinn er karlkyns og er um 6 ára gamall og er ótaminn. Til sölu á 35 þúsund með öllu. Símanúmer 4215978, 6998469

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Hús og íbúðir til leigu á Spáni. Erum rétt sunnan við Torrevieja. Mikið úrval og frábært verð. Allar uppl. í síma 0034-617 559 726 og á lindh@visir.is

2ja herb. íbúð miðsvæðis leigist með húsgögnum. 2 mán. trygging. Uppl. í s. 865 5519.

Til leigu 85 fm, 3-4 herb. íbúð á Öldugötu, 101 Rvk. Verð 140þús. Andri 697 9769.

2ja herb. íbúð m/húsg. til leigu í um 3 mán. í miðbæ Hafnarfjarðar. Verð 75þ. per mán. Uppl. Lilja 822 1722 / 555 1722.

Herbergi til leigu m. Aðg. af eldhúsi og wc í 101 Rvk. Laus til 01/04. S. 847 6389.

Húsnæði óskast

Hjón um 50 og unglingsdóttur í MK vantar gott húsn. helst í Kóp., frá apríl í ca2ár. Reglusamt fólk í góðum störfum með góða greiðslugetu. Grænir fingur ef óskað er. Jökull, s. 867 7716.

Reglusamur miðaldra maður óskar eftir stúdíó eða lítilli kósí 2. herb. íbúð, langtímaleiga. Uppl. í s. 616 9882.

Sumarhús / húsnæði óskast, í 2-3 mán., í næsta nágr. v. Rvk. Sími 847 5012.

Strætisvagnabílstjóri óskar eftir herbergi eða lítilli íbúð. Uppl. í s. 616 2835.

Par óskar eftir snyrtilegri stúdíóíbúð í Reykjavík. Við erum reglusöm og reyklaus. Greiðslugeta 50-70 þús. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 696 9787 eða 847 7854.

Par óskar eftir að leigja stúdíó/ 2 herb. Íbúð á höfuðbosv. Greiðslugeta allt að 100 þús kr. Uppl í s. 659 2884.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Bílskúr

20 fm bílskúr til leigu, Álftamýri. Uppl. í s. 690 8793.

ATVINNA

Atvinna í boði

Aktu Taktu
Aktu Taktu Skúlagötu og Aktu Taktu Garðabæ leitar eftir rösku og heiðarlegu starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Vaktavinna í boði. Skemmtilegt starf á skemmtilegum vinnustað. Atvinnuumsóknir á www.aktutaktu.is.

Geysir Bistro Bar
Óskar eftir vaktstjóra í sal. Unnið er á vöktum.
Upplýsingar í síma 517 4300 eða 663 7283, Særún.

Þjónustustarf.
Fullt starf / Fastar vaktir. Þarf að hafa frumkvæði og tala íslensku. Rótgróið fyrirtæki. Lámarksaldur er 20 ár. Umsóknir á staðnum og á www. kringlukrain.is Upplýsingar um starfið veitir Sophus s. 893 2323.

Starfsmaður í eldhús.
óskum eftir starfsfólki í eldhús í kvöld og helgarvinnu.
Upplýsingar í síma 864 6112.

Job in a Kitchen
People wanted in assistence in a kitchen. Nights and weekends.
Info. 864 6112.

Keiluhöllin Öskjuhlíð
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á kvöldin og um helgar.

www.keiluhollin.is
Upplýsingar í síma 617 8602

Húsasmiðjan Grafarholti
óskar eftir afgreiðslumönnum í timbursölu.
Upplýsingar í síma 664 3628.

Húsasmiðjan Grafarholti
óskar eftir helgarstarfsmönnum í timbursölu.
Upplýsingar í síma 664 3628.

Húsasmiðjan Grafarholti
Starfsmaður óskast í raflagnadeild hjá Húsasmiðjunni Grafarholti.
Upplýsingar í síma 660 3193.

Sumarstarf
Vantar góðan, töluglöggan starfskraft á skrifstofu. Stundvísi og nákvæmni í vinnubrögðum skilyrði.
Sækið um og kynnið ykkur fyrirtækið á gardlist.is eða í síma 896 6151.

Vor á Laugaveginum
Óskar eftir vaktstjóra í fullt starf. Stundvísi og dugnaðar er krafist. Góð laun í boði fyrir réttan aðila
Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 10 & 18.

ATVINNA

Lagermaður óskast

Viðkomandi þarf að vera vanur lagerstörfum og skipulagður í vinnubrögðum. Leitað er að duglegum og röskum einstaklingi sem getur hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skila fyrir 1. mars, merktum „Lager" á: A. Karlsson, Brautarholti 28, 105 Rvk eða á netfangið: danielj@akarlsson.is

A. Karlsson sérhæfir sig í vörum og búnaði fyrir heilbrigðis- og sjúkrastofnanir, dvalar- og hjúkrunarheimili, sem og almenn fyrirtæki. Hjá fyrirtækinu vinna 55 starfsmenn metnaðarfullt starf í frábærum starfsanda.

A. KARLSSON

MJÓLKURSAMSALAN

Mjólkurfræðingur

MS Blönduósi óskar eftir að ráða mjólkurfræðing til starfa sem fyrst. Í starfsstöðinni á Blönduósi er framleitt mjólkurduft, rjómaostar, kryddsmjör og viðbit.

Nánari upplýsingar gefur Jón K. Baldursson í síma 569-2220. Umsóknarfrestur er til 2. mars nk. og skulu umsóknir berast til starfsmannastjóra, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eða á netfangið starfsmannasvid@ms.is

Mjólkursamsalan ehf. er framleiðslu-, þjónustu- og markaðsfyrirtæki í mjólkuriðnaði. Hjá Mjólkursamsölunni og dótturfyrirtækjum starfa um 550 manns.

TILKYNNINGAR

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Skútuvogur 8.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina að Skútuvogi 8.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að byggingarreitur verði stækkaður, aðalbygging verði á einni hæð en leyfilegar verði 2 hæðir að hluta og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,5 í 0,68.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Holtavegur.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Laugardal austur vegna lóðar við Holtaveg sem liggur sunnan við lóð KFUM og K.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að byggð verði tvö sex íbúða fjölbýlishús sem verða á tveimur hæðum með einu bílastæði á lóð fyrir hverja íbúð.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 21. febr. 2007 til og með 4. apríl 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 4. apríl 2007.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 7. febr. 2007
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

Starfsmaður á næturvakt í Póstmiðstöð - 110 Reykjavík
Framkvæmdasvið óskar að starfsmann á næturvaktir í Póstmiðstöð. Um er að ræða fjórar nætur í viku. Nánari upplýsingar veitir Helga Bolladóttir sími 580 1230 og á netfanginu helgabo@postur.is. Umsóknarfrestur er til 17. febrúar 2007.
Umsóknum skal skilað til Íslandspóstur hf. Póstmiðstöð. b/t Helgu Bolladóttur, Stórhöfða 32, 110 Reykjavík.

Garðlist
Góðu og stöðugu fyrirtæki vantar góðan verkstjóra til að sjá um hellulagnir fyrirtækisins. Reynsla af hellulögnum skilyrði. Upplýsingar í s. 860 2971 eða á gardlist.is

Europris, störf í boði. S. 533 3366. Europris.

Björnsbakarí óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl 13-18.30. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

Starfsfólk óskast í framsækið og líflegt fyrirtæki. Vinnutími er frá klukkan 16-20.30 alla virka daga og aðra hvora helgi, og í starf á vaktavinnu unnið 2-2-3. Upplýsingar veitir Valgerður í síma 660 7884.

Barinn
Fólk í eldhús óskast á hressasta barinn í bænum. S. 690 9996.

Vanur maður!
Óskum eftir réttingamanni, bílasmið, næg vinna framundan. Bílasprautun SMS ehf s. 567 1101.

Hamborgarabúlla Tómasar Bildshöfða
Okkur vantar í lið með okkur hressa og duglega aðila í aukavinnu. Tilvalið með skóla. Uppl. veitir. Helga í s. 661 8759.

Starfskraft vanann fatabreytingum vantar í vinnu nokkra tíma á dag. Skraddarinn á horninu, Lindargötu 38 s. 552 5540.

Góð aukavinna !
Óska eftir fólki í símasölu á mjög góðri vöru 2-3 kvöld í viku, unnið frá kl. 18-22. Uppl. í s. 553 9600 frá kl. 12-22.

Smiðir eða undirverktakar óskast í hefðbundinn mótauppslátt og fleira í Kópavogi. Uppl. í síma 897 2107.

Góður starfskraftur óskast í litla matvöruverslun. Vinnutími er 9-18 aðra vikuna og 12-18 hina, auk aðra hvora helgi 10-16 (lau) og 11-14 (sun). Nánari upplýsingar í plus@simnet.is og í s. 552 6803.

Einstaklingur óskast til að þrífa heimahús einu sinni í viku. Ca. 3 klst. Uppl. í s. 587 3881.

Hjólbarðavaktin - Rafgeymavaktin
Röska menn vantar í vinnu. Uppl. í s. 553 1055 eða á staðnum. Gúmmívinnustofan SP Dekk, Skipholti 35.

Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal
í eftirtalin störf :
Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.
SAS Starfsmannaleigan.
Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

21 árs maður óskar eftir múrvinnu er mjög vanur flísalögnum, hef ekki bíl til umráða, bý Hafnaf. get fengið meðmæli ef þess er krafist. Uppl. í s. 849 3114 & 565 1806.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

22.02.2007 www.johanng.is Vertu velkomin(n)!

Par frá Pólandi óskar eftir 2 herb íbúð/stúdíóíbúð sem fyrst. Uppl. í s. 659 3480.

Ýmislegt

Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

visir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR

LUNDUR
FASTEIGNASALA
SÍMI 533 1616 FAX 533 1617
SUÐURLANDSBRAUT 10, 2.HÆÐ, F/OFAN BLÓMASTOFU FRIÐFINNS, 108 REYKJAVÍK

Fannafold 166 - Parhús
OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17-18

Frum



Gullfallegt 136,7fm 4ra herbergja parhús á tveimur hæðum, þar af 25,1 fm bílskúr. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, borðstofu, þvottahús, 3 svefnherbergi og baðherbergi. Gólfefni eru flísar og parket. Frábært útsýni.

Sölumenn Lundar verða á staðunum.
Upplýsingar gefa Steinunn í síma 862 2969 og Kristján í síma 896 1188.

Karl Gunnarsson, lögg. fasteignasali

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -

Suðurlandsbraut 50

Bláu húsin v/Faxafen

husid@husid.is

Sími 513 4300

Vilhjálmur Bjarnason	lögg. fast.sali
Helgi H. Jónsson	lögg. fast.sali
Guðný Guðmundsdóttir	sölumaður
Gunnar Magnússon	sölumaður
Hrafnhildur Helgadóttir	sölumaður
Kolbeinn Sigurðsson	sölumaður
Kristinn Erlendsson	sölumaður
Ólafur H. Haraldsson	sölumaður
Ólafur M. Sævarsson	sölumaður
Vilborg G. Hansen	sölumaður
Heimir H. Eðvarðsson	sölumaður
Rannveig Sveinsdóttir	móttaka
Erla R. Guðmundsdóttir	bókari
Ómar Haraldsson	tölvuumsjón/frágangur
Ingvaldur Mar Ingvaldsson	framkv.stjóri

www.husid.is

Frum

Stærri íb. og sérh. — Kríuhólar - Rvk

Rúmgóð og björt endaíbúð á 6 hæð í lyftuhúsi. Húsið er klætt að utan á snyrtilegan máta. Stutt í verslun, apótek, skóla, leikskóla, sund og aðra íþróttastarfsemi. Íbúðin er 116,1 fm ásamt 25,4 fm sérstæðum bílskúr. 3 Svefnherbergi, 2 stofur, svalir, hol, eldhús og baðherbergi.
Verð 24,9 millj.

2ja herbergja — Laugarnesvegur - Rvk.

Sérstök og skemmtileg 2 herbergja íbúð á tveimur hæðum með sérinngangi á báðum hæðum í fyrrum verslunarhúsnæði við Laugarnesveg efri hæð 48,1 fm og neðri hæð 39,1 fm alls 87,2 fm. Fjögurra metra lofthæð á efri hæð. Stutt í alla þjónustu. Flott eign á góðum stað.
Verð 19,9 millj.

Stærri íb. og sérh. — Krókavað - Rvík

Mjög rúmgóð og falleg 4ra herbergja 127,5 fm neðri sérhæð á jarðhæð í tveggja hæða, steyptu og steinuðu fallegu tvíbýlishúsi sem í eru tvær sérhæðir. Húsið stendur í rólegri botnlangagötu. Eikar innréttingar, skápar, hurðar og parket. Allt sér. Þvottahús og geymsla innan íbúðar. 3 stór og góð svefnherb. Fallegt og bjart eldhúsi og stór stofa með útgang á stóran og góðan 34 fm trésólpall með skjólgirðingu. Laus fljótlega. Verð 32,7 millj.

2ja herbergja — Bergstaðarstræti - Rvk.

Höfum fengið til sölu tvær 2 herbergja 28 fm, samþykktar íbúðir á 1 hæð í þessu fallega húsi á þessum frábæra stað í hjarta borgarinnar, íbúðirnar henta vel til útleigu, fyrir fólk utan af landi eða sem fyrstu kaup og eru íbúðirnar vel skipulagðar. Áhvílandi er á hvorri íbúð um 8,5 millj. samtals um 17 millj. og verðið er 9,8 millj. samtals 19,6 millj. Íbúðirnar seljast saman eða sitt í hvoru lagi.

4ra herbergja — Ljósheimar - Rvk

Góð 4ra herbergja 100 fm íbúð á efstu, áttundu, hæð í lyftuhúsi í 104 Reykjavík. Göngufæri í alla þjónustu í Skeifunni og Glæsibæ einnig göngufæri í útivistarsvæði Laugardalsins.
Verð 21,9 millj.

Myndir og nánari upplýsingar á husid.is.

Lindarvað - Norðlingarholti

- **Nýtt á skrá**
- 127,5 fm 4ra herbergja sérhæðir í tvíbýlishúsum.
- Bílskúr fylgir efri hæðunum.
- Fullbúnar að utan og tilbúnar til innréttingar að innan.
- Hitalagnir í gólfi.
- Að utan eru húsið steinað í ljósum lit.
- Lóðin fullbúin.
- Bílaplan og aðkoma hellulögð.

Atvinnuhúsnæði — Grensásvegur - Rvk

Til sölu eða leigu atvinnuhúsnæði á 3 hæðum auk bakhúss á 2 hæðum alls 1567,3 fm. Miklir möguleikar, má innrétta sem skrifstofurými eða íbúðarherbergi og hentar vel undir margskonar starfsemi.

Byggingaréttur ofan á 3. hæð mögulegur. Verð 230,0 millj.

2ja herbergja — Hamraborg - Rvk

Falleg tveggja herbergja 52,4 fm. líklega geymsla ekki með inní fermetratölu íbúð á þriðju hæð í fjölbýli með aðgang að bílageymslu. Sameiginlegur inngangur er í kjallara úr bílageymslu og einnig á fyrstu hæð. Lóð með leiktækjum á.
Verð 14,9 millj.

OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is

SJÓNARHORN

Aðdáendur Jónsa voru berir að ofan, rétt eins og átrúnaðargoðið, þegar hann steig á svið.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VISSIR ÞÚ ...

... að skóþvengsormurinn (Lineus Longissimus), sem er ranaormstegund á grunnsævi Norðursjávar, er lengsta ormategundin? Árið 1864 skolaði slíkum ormi á land við St. Andrews í Skotlandi eftir mikið fárviðri. Hann reyndist rúmlega 55 m langur.

... að hin franska Isabelle Dinoire braut blað í sögunni þegar hún gekkst undir andlitságræðslu í Amiens, Frakklandi, 27. nóvember 2005? Isabelle afskræmdist þegar hundur beit af henni nef, varir og höku í maí 2005. Nýja andlitið fékk hún frá líffæragjafa sem hafði stytt sér aldur. Franski prófessorinn Jean-Michael Dubernard gerði aðgerðina, en hann stóð einnig fyrir fyrstu handarágræðslunni 1998.

... að Ástralinn Adam Lopez Costa fór upp á áttundu áttundar cís í sjónvarpsþættinum Guinness World Records sem var tekinn upp í Seven Network stúdíóinu, Sydney, Nýja Suður-Wales, Ástralíu, fjórða júní 2005. Það er hæsta nóta sem karlmaður hefur náð.

... að Barcelona frá Spáni hefur unnið Meistaradeild Evrópu í handbolta oftast allra, eða sjö sinnum. Liðið vann 1991, 1996-2000 og svo 2005.

... að Van Helsing (2004) er tekjuhæsta vampírukvikmynd sem gerð hefur verið? Kostnaður hennar var 11.458 miljónir íslenskra króna, en tekjur 19.693 miljónir króna.

... að söngvarinn Tom Jones (Wales, fæddur sjöunda júní 1940) var sextugur þegar plata hans Reload (gefin út 27. september 1999) komst á topp breska breiðskífulistans í júní 2000. Hann er elsti tónlistarmaðurinn sem hefur náð þessum árangri.

... að hin bandaríska Michelle Akers er markahæsti leikmaður á HM kvenna? Hún skoraði 10 mörk í kvennaknattspyrnu HM sem fór fram í Kína 1991.

BÓKIN Á NÁTTBORÐINU
Eldfjallasagan besta bókin

„Það er dágóður stafli hjá mér á náttborðinu. Þar á meðal er bandarísk lýðræðishandbók sem fjallar um aðferðir og rannsóknir á leiðum til að efla þátttöku almennings í ákvarðanatöku. Ég var að ljúka við hana og líka Konungsbók Arnaldar. Félagsskapur kátra kvenna eftir Alexander McCall Smith sem fjallar um feitu Afríkukonurnar er ein bókanna og svo er ég líka að fletta Eldfjallasögu Íslands eftir Þorvald Thoroddsen. Það geri ég reglulega. Ég er nefnilega að flytja fyrirlestur á laugardaginn um atvinnumöguleikana sem eldfjallagarður á Reykjanesskaga mundi skapa. Eldfjallasagan er nú besta bókin af þessum öllum þrátt fyrir að hún sé að verða hundrað ára. Sú vinna sem liggur að baki henni er algert afrek. Hinar bækurnar eru allar góðar hver á sinn hátt en aldrei þessu vant er engin ljóðabók á borðinu."

Bókmenntafræðingur talar – Soffíu svarað

UMRÆÐAN
Bókmenntir

Langt er orðið síðan ég fékkst við bókmenntafræði. Í þeirri grein sem öðrum hafa jafnan verið margar kenningar á lofti, en mér er minnisstætt að kennarar mínir lögðu áherslu á að öll túlkun yrði að eiga sér stoð í texta verkanna og miða að því að gera þau skiljanlegri lesendum en ella. Hvaða öðrum tilgangi á þessi fræðigrein að þjóna? Látum vera þótt fólk stundi textatilraunir og leiki sér innan háskólaveggja, en til þess verður að ætlast að fræðimenn, þegar þeir ávarpa almenning, hafi einhverju að miðla sem upplýstur lesandi skilur og getur haft gagn af.

Pistillinn Frá bókmenntafræðingi sem birtist í Fréttablaðinu 28. janúar, við hliðina á viðtali við Hermann Stefánsson rithöfund, vakti athygli mína og umhugsun. Satt að segja varð hann til að veikja trú mína á gildi bókmenntafræði eins og hún virðist stunduð hér núna. Í blaðinu eu hugleiðingar Soffíu Bjarnadóttur um skáldsögur. Eins nykraðan vaðal um bókmenntir hef ég ekki lengi lesið. Inntakið í pistinum virðist það að skáldsagan hafi óljós landamerki nú á dögum, rúmi allt: „Hún sýgur í sig allar greinar, miðlar því sem er og ekki er.“ Látum svo vera, en síðan kemur: „Það var eitthvað í nútímamanninum sem kallaði á skáldsöguna. Óumræðileg þörf, frelsi og einstaklingshyggja, samsuða í speglasalnum.“ Myndmálið er nokkuð undarlegt: speglasalur og eldhús í einni vistarveru. Og svo má spyrja hvenær „nútímamaðurinn“ fæddist, sá er kallaði á skáldsöguna. Skáldsögur hafa verið ritaðar öldum saman eins og bókmenntafræðingar vita. Nútímasögunni er svo lýst: „Þefurinn af sjálfskapandi minningum verður undirstaða í þversagnakenndum heimi.“ Þefur sem undirstaða, ekki er það góður grundvöllur. Hvað eru „sjálfskapandi minningar“? Eru til einhverjar minningar sem ekki mótast í huga einstaklingsins sjálfs?

GUNNAR STEFÁNSSON

Enn segir bókmenntafræðingurinn: Sagan „er athvarf sem fóstrar skissur lífsins“. Þetta mun merkja að hún feli í sér myndir og skynjanir höfundarins, það er að hún sé smíðuð úr margháttaðri lífsreynslu hans. Athvarfið er stundum „með eindæmum hrörlegt“, segir hér. Þýðir það að sumar skáldsögur séu afar ófullkomin listaverk? Því miður er þetta víst alveg satt. En þörfin fyrir sögur er engu að síður fyrir hendi: „Inn á milli moldaðra ánamaðka rís ómetanlegur heimur sem ekki er hægt að sleppa undan.“ Kannski ætti fræðimaðurinn fremur að fást við súrrealíska ljóðagerð.

Að lokum nefnir Soffía Bjarnadóttir þrjár þýðingar „frá nýliðnum árum 21. aldar sem auka mikilvægi íslensku skáldsögunnar“. Hvernig íslenskar skáldsögur verða þyngri á metunum þótt út komi tilteknar þýðingar veit ég ekki, en merkar þýðingar opna íslenskum lesendum og höfundum vissulega nýjar víddir. Bækurnar þrjár eru: „Saga augans eftir Georges Batallie í þýðingu Björns Þorsteinssonar, Glerhjálmurinn eftir Sylviu Plath í þýðingu Fríðu Björk (hér á auðvitað að standa Bjarkar) Ingvarsdóttur og Umskiptin eftir Franz Kafka í þýðingu Ástráðs Eysteinssonar og Eysteins Þorvaldssonar.“ Síðasttalda sagan, eitt brautryðjendaverka módernísks sagnaskáldskapar, kom reyndar út á íslensku árið 1960 í þýðingu Hannesar Péturssonar og aftur í endurskoðaðri þýðingu hans 1983, undir nafninu Hamskiptin. Hún hefur því getað „aukið mikilvægi íslensku skáldsögunnar“ þegar á seinni hluta tuttugustu aldar.

Með góðum vilja er í flestum tilvikum unnt að ráða í hvað Soffía Bjarnadóttir ætlar að segja í pistli sínum. En til bókmenntafræðinga verður að gera meiri kröfur en svo. Ég hef haldið að það sé liður í menntun þeirra að læra að skrifa um bókmenntir fyrir almenning með sómasamlegurm hætti.

Höfundur er bókmenntafræðingur og útvarpsmaður.

Opið bréf til borgarfulltrúa

UMRÆÐAN
Kjaramál

Kæri borgarfulltrúi.

Ég er grunnskólakennari og er búin að vera það í 20 ár. Ég tel mig bera mikla ábyrgð í starfi og finnst þetta mjög mikilvægt starf. Ég skila 1.800 tímum í mínu starfi eins og aðrir í landinu. Ég get engu ráðið um mín frí eins og ég gæti samt oft hugsað mér að gera. Mín frí eru nefnilega alltaf á dýrasta tíma hvað nánast allt varðar, sem almennt snýr að fríum. Ég öðlaðist mín réttindi að sjálfsögðu með háskólagöngu.

INGIBJÖRG ÁSGEIRSDÓTTIR

Eftir 20 ára starf er ég með 255.244 krónur í laun á mánuði, geri aðrir betur! Ég hef alltaf haft þá trú að þetta hlyti að lagast. En viti menn, það lagast ekki og verður verra, því ráðamenn vilja ekki einu sinni við okkur tala.

Er þér alveg sama? Mér er ekki sama. Ég er líka móðir grunnskólabarns og amma barns sem er að hefja sína skólagöngu og mér er ekki sama. Það er ótækt að kennarar skuli endalaust þurfa að vera að þrátta og berjast. Þeir eiga að geta verið ánægðir með sín kjör og geta sinnt vinnu sinni öryggir og sáttir. Eða hvað? Hvað stendur að baki því, þegar á hátíðarstundum ráðamenn tala um mikilvægi menntunar í landinu? Þú ert kosin/nn til þinna starfa fyrir borgina, hvað ætlar þú að gera í málinu? Finnst þér þetta ekki skipta máli? Ég hlakka til að heyra það. Ég reyni áfram að vera bjartsýn og vona að einhverjir kennarar haldi þetta út þangað til eitthvað breytist við það að þú lætur í þér heyra.

Höfundur er grunnskólakennari í Reykjavík.

Fengið að láni frá börnunum

UMRÆÐAN
Barnapólitík

Staða barna er okkur vinstri grænum sérlega hugleikin. Að okkar mati er það samfélagslegt verkefni að skapa öllum börnum skilyrði til að þroskast og menntast. Við eigum að gefa þeim tækifæri til að þroska hæfileika sína óháð efnahag og félagslegum aðstæðum. Mannsæmandi kjör koma börnum nefnilega heilmikið við. Lægstu laun eru fyrir neðan allar hellur og börn á heimilum öryrkja búa mörg hver við algjöra fátækt. Það gefur augaleið að á slíkum heimilum eru ekki aurar fyrir grunnþörfum nútímasamfélagsins, eins og þátttöku í íþróttum og tómstundastarfi. Stéttaskipting verður til þegar á barnsaldri þegar skólamaturinn er dýr og önnur félagsleg aðgreining skammt undan.

Enn ríkir umtalsverður kynbundinn launamunur og kynbundið ofbeldi er alltof algengt. Tækifæri karla og kvenna – stelpna og stráka, eru hvergi nærri jafnmikil. Með því að leggja stóraukna áherslu á kynjajafnréttisumræðu, jafnréttisfræðslu á öllum stigum skólagöngunnar og auka vægi kvenfrelsis hvarvetna í samfélaginu leggjum við grunn að jafnrétti kynjanna. Að dætur okkar eigi sömu möguleika í lífinu og synir okkar.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Innflytjendur eru hluti af samfélaginu og eiga að vera þátttakendur í því að móta það og skapa. Til þess að þeim sé það að unnt þurfum við að læra þeirra siði og þeir okkar. Við þurfum ekki aðeins að bera virðingu fyrir móðurmáli hvers og eins í skólunum, heldur líka menningu þeirra og siðum. Og við þurfum að muna eftir að kenna innflytjendum ekki aðeins íslensku heldur einnig íslenska siði, sögu, gildismat og menningu í fortíð og nútíð.

List- og verknám verður að fá meira rými í grunnmenntun til að allir fái notið sinna hæfileika og getu. Þannig sköpum við glaða þjóð með sterka og öfluga sjálfsmynd. Skólakerfi sem leggur áherslu á styrkleika nemenda en ekki veikleika þeirra er manneskjulegra, fjölbreyttara og öflugra en það sem við búum við nú. Eitt stórt og kjarkmikið skref í þá átt er að afleggja samræmd próf og taka upp annað og markvissara mat á skólastarfi. Auk þess þarf að losa skólann undan viðjum aðalnámskrár til að okkar góðu kennarar og fagfólk í skólaumhverfinu fái notið sinnar menntunar og reynslu með því að koma til móts við hvern og einn nemanda á forsendum viðkomandi. Jöfnuður og fjölbreytni eru hér lykilorðin.

Barnalýðræði er einn angi aukins lýðræðis, þátttöku og sköpunar í samfélagi. Við ættum að hlusta á börnin í ríkari mæli, með því að tala við börnin beint og gefa þeim svigrúm og tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þannig getum við skilið og skynjað hvernig þeim líður við fjölbreyttar aðstæður. Barnapólitík hverfist öll um hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar eða þá hugsun að við höfum jörðina að láni frá börnunum okkar og berum ríka skyldu til þess að skila henni jafngóðri til þeirra. Barnapólitík snýst því um að gera framtíð barnanna okkar sem allra bjartasta. Þannig framtíð vilja vinstri grænn.

Höfundur er borgarfulltrúi vinstri grænna.

Raunsætt frjálslyndi

UMRÆÐAN
Frjálslyndi flokkurinn

Varla er hægt að ímynda sér ömurlegra hlutskipti en að verða þræll fíkniefna og mikið hlýtur sú sálarangist að vera sár og slítandi að eiga barn í slíkri ánauð. Sem betur fer þekkja fæst okkar þann hrylling af eigin raun og vissulega eiga fórnarlömbin alla okkar samúð.

SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Þannig fordæmir hann frjálslynda vegna þess að hann telur að þeir líti á fíkla sem hryðjuverkamenn. Þetta er ekki rétt. Frjálslyndir líta á fíkla sem sjúklinga.

Skipulagðri glæpastarfsemi sem miðar að því að hlekkja fjölda ungmenna við eitur má að sjálfsögðu jafna við hryðjuverk. Frjálslyndi flokkurinn hefur frá upphafi litið á það sem skyldu sína að berjast af alefli gegn þessari vá.

Ég þakka Davíð Þór Jónssyni, fyrrum ritstjóra, fyrir að vekja athygli á þessu í bakþönkum sínum á baksíðu Fréttablaðsins þann 18. febrúar sl.

Ég treysti því að Davíð sé í meginatriðum sammála okkur í Frjálslynda flokknum í þessu efni. Að vísu gætir dálítillar ónákvæmni hjá honum um stefnu Frjálslynda flokksins sem greinilega stafar af misskilningi. Þannig fordæmir hann frjálslynda vegna þess að hann telur að þeir líti á fíkla sem hryðjuverkamenn. Þetta er ekki rétt. Frjálslyndir líta á fíkla sem sjúklinga og vilja rétta þeim og aðstandendum þeirra hjálparhönd með öllum þeim ráðum sem tiltæk eru.

Í greininni fordæmdi Davíð Þór Jónsson enn fremur meinta refsigleði frjálslyndra og taldi þá vilja þyngja dóma. Frjálslyndir eru sammála Davíð í því að þyngri dómar hafa ekki skilað neinum árangri í baráttu við fíkniefni, þess vegna hafa þeir aldrei lagt til þyngri refsingar í þeim málaflokki.

Misskilningur Davíðs liggur greinilega í því að Frjálslyndi flokkurinn vill efla forvarnir gegn fíkniefnum, vill t.d. að gengið verði úr skugga um sakaferil manna sem hingað koma til lengri dvalar. Aðrar þjóðir fara fram á slíkar upplýsingar. Reynsla okkar Íslendinga er á þann veg að þessa gerist þörf hér líka, því miður.

Að lokum fagna ég því að Davíð Þór Jónsson skuli sýna málflutningi frjálslyndra áhuga og hvet hann eindregið til að halda áfram að kynna sér stefnu flokksins. Geri hann það vænti ég þess að hann muni verða skeleggur talsmaður flokksins.

Höfundur er alþingismaður.

Fordómar gegn Framsókn

UMRÆÐAN
Framsóknarflokkurinn

Nýlega las ég í blaði klausu nokkra eftir einhvern ungan „fréttaskýranda“ þess efnis að Guðni Ágústsson væri „holdgervingur“ Framsóknarflokksins. Rökstuðningurinn var sá að Guðni væri landsbyggðarmaður, bóndasonur og „þjóðernissinnaður“ sveitamaður.

INGVAR GÍSLASON

Án þess að hafa um það langt mál er þessi holdgerving Framsóknarflokksins í Guðna Ágústssyni tilbúin staðalímynd frá frumbernsku Framsóknarflokksins. En inntak staðalímyndarinnar er að draga upp þá mynd af Framsóknarflokknum að hann hatist við Reykjavík, að flokkurinn hafi ekki haft skilning á höfuðborgarhlutverki Reykjavíkur, að framsóknarmenn telji að íslenskri þjóð sé það áskapað að hún fái hvergi þrifist nema í dreifbýli, afdölum og smáþorpum við sjóinn.

Persónuleg reynsla mín

Persónulega bý ég yfir reynslusögum, sem sanna fordómafullar hugmyndir margra Reykvíkinga um Framsóknarflokkinn og framsóknarmenn. Haustið 1947 innritaðist ég til sagnfræði- og bókmenntanáms í Háskóla Íslands að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri. Fjölskylda mín átti þar heima og faðir minn stundaði þar sjálfstæðan atvinnurekstur, var velstæður útgerðarmaður. Á Akureyri þurfti ég ekki, ungur maður, að útskýra það fyrir neinum að ég fylgdi Framsóknarflokknum að málum. Fólk réð það ekki af ætterni mínu, atvinnu föður míns, vaxtarlagi, limaburði eða göngulagi, hvaða pólitíska skoðun ég hafði.

Ég hafði ekki verið lengi í Reykjavík þegar ég fór að finna fyrir pólitískum fordómum á mínu eigin skinni. Fúslega hafði ég samþykkt þá beiðni að nafni mínu væri raðað ofarlega á lista, sem framsóknarmenn í háskólanum stóðu að í stúdentaráðskosningum haustið 1947. En þá brá svo við að ýmsir málkunningjar mínir úr Reykjavík lýstu furðu sinni og sögðust ekki trúa því að ég væri „frammari“! Ég féll einhvern veginn ekki inn í reykvíska staðalímynd af framsóknarmanni.

Margoft — allt fram á þennan dag — hef ég orðið vitni að þessum inngrónu fordómum Reykvíkinga gagnvart Framsóknarflokknum og framsóknarmönnum. Og framsóknarfordómar þessir hafa breiðst út á síðari árum til ungs fjölmiðlafólks og fólks í ýmsum listgreinum, ef það lætur sig þjóðmál skipta. Sagnfræðingar, stjórnmálafræðingar og aðrir félagsfræðingar ala gjarnan á þessari formlegu staðalímynd eftir einhverju uppdiktuðu flokkunarkerfi sín í milli, að Framsóknarflokkur sé einhliða „bændaflokkur“ („agrar“-flokkur) sem hafi aðeins eitt höfuðmálefni á stefnuskrá sinni: Dreifbýlispólitík, bændapólitík.

Framsóknarmenn sinna málefnum bænda af alúð og reka mótaða landsbyggðarpólitík. En það gefur engum tilefni til að láta að því liggja að framsóknarmenn lifi í fortíðinni, „elski moldarkofa“, hatist við borgarmenningu og nútíma þróun samfélagsins. Ég skal viðurkenna, að þessum fráleitustu sleggjudómum er stundum slengt fram í stríðnistón. En margir trúa þessu bulli af heimsku sinni og fáfræði.

Framsóknarflokkurinn og Reykjavík

Framsóknarflokkurinn á ekki góðu gengi að fagna í Reykjavík um þessar mundir og finnur fyrir mótlæti víða um land. Þetta mótlæti á vitaskuld ýmsar aðrar orsakir en skáldaða staðalímynd, sem þó er skaðleg að sínu leyti. Framsóknarmenn þurfa að horfa inn á við og leita þar orsakanna.

Margoft — allt fram á þennan dag — hef ég orðið vitni að þessum inngrónu fordómum Reykvíkinga gagnvart Framsóknarflokknum og framsóknarmönnum. Og framsóknarfordómar þessir hafa breiðst út á síðari árum.

Ég nota því síðustu línurnar til þess að minna á að Framsóknarflokkurinn átti um áratugaskeið góðu fylgi að fagna í Reykjavík, bæði í borgarstjórnarkosningum og alþingiskosningum. Fullt tilefni er til þess fyrir núverandi forustumenn flokksins að minna rækilega á þá sókn sem Framsóknarflokkurinn var í á árum áður í Reykjavík undir forustu Þórarins Þórarinssonar, Einars Ágústssonar, Kristjáns Thorlacius, Kristjáns Benediktssonar, Guðmundar G. Þórarinssonar, Sigrúnar Magnúsdóttur, Alfreðs Þorsteinssonar og alls fjöldans sem að baki stóð. Fyrir nærri hálfri öld lagði Jón Skaftason og kraftmikið lið kringum hann grundvöll mikils fylgis Framsóknarflokksins í Reykjaneskjördæmi. Það fylgi hélst áratugum saman, en er nú mjög á niðurleið, ef marka má skoðanakannanir.

Framsóknarflokkurinn holdgerist ekki í staðalímynd eins manns, hversu góður sem hann er. Við stofnun flokksins fyrir 90 árum var vígorð framsóknarmanna: „Framför landsins alls!“ Andi þessa slagorðs er enn við lýði og nær til Reykjavíkur sem allrar landsbyggðar.

Höfundur er fyrrverandi alþingismaður og ráðherra.

Hvurs taumur er dreginn?

UMRÆÐAN
Kvótinn

Í grein í Fréttablaðinu nýverið vegsamar Illugi Gunnarsson kvótakerfi okkar Íslendinga í fiskveiðum. Segir m.a. séreignarrétt veiðiheimilda grundvalla velgengni sjávarútvegsfyrirtækja og raunar lykilatriði í uppsveiflu íslensks efnahagslífs. Tvennt er stingandi í umfjöllun Illuga, annarsvegar tal hans um eignarrétt fiskimiðanna, hinsvegar samanburðurinn við jarðnæði, að menn verði að þola skertan aðgang að fiskveiðum sem og landbúnaði vegna séreignarréttar þeirra sem fyrir eru.

LÝÐUR ÁRNASON

Varðandi fyrra atriðið er vert að hafa í huga að þjóðin á kvittun um sölu bankanna, þjóðin á líka kvittun fyrir sölu Símans en hvar er kvittunin um sölu fiskimiðanna? Afhverju talar greinarhöfundur um eignarrétt á einhverju sem aldrei hefur verið selt, hvað þá keypt?

Um seinna atriðið má segja að jarðnæði á Íslandi hefur gengið kaupum og sölum allt frá landnámi og ekki skilgreint sem þjóðareign nema hálendið og ríkisjarðir. Ég veit a.m.k. ekki um neinn bónda sem situr á jörð sinni í boði ríkisins (nema þá í formi niðurgreiðslna). En miðað við staðhæfingu Illuga að eignaréttur útgerða á íslenskum fiskimiðum hafi bjargað íslenskum sjávarútvegi væri kannski hægt að bjarga íslenskum landbúnaði með sama hætti og rétta bændastéttinni, í krafti þekkingar og reynslu, ríkisjarðirnar sem þeir gætu svo selt hæstbjóðendum. Þá myndu bændur sjá útleið, þeim fækka og niðurgreiðslur heyra sögunni til. Allt ent er svona ósamræmi, að úthluta einni þjóðareign án endurgjalds en krefjast borgunar fyrir aðra, ruglandi og hlýtur að kalla á allsherjar samræmingu.

Heyrst hefur í umræðunni að eina leiðin í kvótamálunum væri að kaupa veiðiheimildirnar til baka. Það væri dapurlegt skref fyrir þjóðina að kaupa til baka eitthvað sem hún aldrei hefur selt frá sér. Og það, að menn eru óhikað farnir að tala um eignarrétt útgerðanna á íslenskum fiskimiðum, sýnir hvurs taumur er dreginn.

Útgerðarmenn og lánastofnanir hafa lengi umgengist sjávarfang sem sína prívat eign og gert það í skjóli handgenginna embættis- og stjórnmálamanna. Hlutverk stjórnmálamanns er fyrst og fremst að gæta hagsmuna heildarinnar en ekki sérhagsmuna. Að trúa því að gjöf þjóðareigna sé til hagsældar fyrir þjóðarbúið er undarleg hagfræði og hlýtur að hafa einhver önnur markmið. Á hinn bóginn tek ég undir með Illuga að stefna Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum er óljós og sé hún einhver er tími kominn til að flagga í fulla stöng. Kannski sé einmitt skeytingarleysi vinstriflokkanna um að kenna sá dráttur sem orðinn er á skilgreiningu þjóðarauðlinda á Íslandi.

Höfundur er læknir.

Sjáðu verðið!

1200g pitsutilboð

699 KR.

2+1 FRESCHETTUR

2 teg.

Limited Edition

3 FOR 2

1 PIZZA GRATIS

FOR FREE

Bónustilboð í 8. viku 2007

Tilboð vikunnar!

25% afsláttur við kassann

4 ungnautaborgarar
4 hamborgarabrauð

523 KR.

Merkt verð 698 KR.

6 pítubuff
og pítusósa

449 KR. ungnaut

320 ml

98 KR.

KÓKÓMJÓLKURFLASKA

Nýtt!

Bónus býður betur!

100% NAUTAKJÖT

25% afsláttur við kassann

Hreint ungnautahakk
verð nú:

1087 KR.

Merkt verð 1449 KR.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

EKKERT BRUDL

www.bonus.is

Hreint ungnautahakk

BÓNUS bonus.is

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna S. Hansen

lést á Vífilsstöðum þriðjudaginn 13. febrúar.
Hún verður jarðsungin frá Bústaðarkirkju fimmtudaginn 22. febrúar kl. 13.00.

Sigurður Anders Hansen **Brigitte Hansen**
Richard Arne Hansen **Bjarney Ólafsdóttir**
Magnús Axel Hansen
Paul Agnar Hansen **Alda Elvarsdóttir**
Anna María Hansen **Ástvaldur Eydal Guðbergsson**

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Pétur J. Pétursson
Frá Galtará, Bakkastöðum 73b,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi 19. febrúar.
Jarðarförin auglýst síðar.

Ragnheiður Guðmundsdóttir
Guðmundur Pétursson **Inga Arnar**
Anna Bára Pétursdóttir **Freysteinn Vigfússon**
Sigurður Pétursson **Guðrún Ólafsdóttir**
Ingibjörg Pétursdóttir **Valtýr Reginsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær tengdafaðir minn, afi, langafi og bróðir,

Jóhann Hallvarðsson
frá Geldingaá, Prestastíg 6, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju í dag miðvikudaginn 21. febrúar kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítala Landakots deild L-5.

Sigríður Ósk Óskarsdóttir
Jóhann Davíð Snorrason **Valdís Ólafsdóttir**
Ingvi Pétur Snorrason **Ásdís Erla Jónsdóttir**
Snorri Ingvarsson **Auður Ingvadóttir**
Björg Hallvarðsdóttir.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Einarsson
Hjallaseli 55, (Seljahlíð), Reykjavík,

andaðist sunnudaginn 18. febrúar. Útförin auglýst síðar.

Ingveldur Jónasdóttir
María Jónsdóttir **Axel Stefán Axelsson**
Leifur Jónsson **Bryndís Petersen**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarhug við andlát og útför dóttur okkar, systur og barnabarns,

Lísu Guðnýjar Jónsdóttur
Tröllateigi 49, Mosfellsbæ.

Guð blessi ykkur öll.

Kristín Einarsdóttir **Jón Karlsson**
Einar Karl
Unnar Karl
Emma Sól
Guðný Kristín Árnadóttir **Einar Markússon**
Unnur Óskarsdóttir **Karl Jóhannsson**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Á TILBOÐSVERÐI
Kíktu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON ER 68 ÁRA Í DAG

Hafið hvíslar úr fjarska
hafaldan djúp og blá.
Berðu henni Bryndísi
kveðju mína
brimkaldri ströndu frá;
ég hef skrifað í sandinn
mína saknaðarþrá.

tímamót

timamot@frettabladid.is

†

Systir mín

Ása Hersir Eriksen
fædd og uppalin á Íslandi en búsett í Noregi síðustu áratugi,

lést 14. febrúar. Hún verður jarðsungin frá Tørmo kapellunni í Porsgrunn 23. febrúar.

Fyrir hönd aðstandenda hér á landi
Unnur Hersir.

†

Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem veittu okkur hlýju og stuðning í veikindum og við andlát okkar ástkæru

Oddnýjar Ríkharðsdóttur
Blikaási 12, Hafnarfirði.

Við hugsum til ykkar með þakklæti og kærleika.

Jakob Guðnason
Aðalheiður Ásta Jakobsdóttir **Rachid Benguella**
Jóhanna Kristín Jakobsdóttir **Finnur Geir Sæmundsson**
Baldur Freyr **Ásta Lísa**
Anja Ríkey Jakobsdóttir
Guðný Heiðbjört Jakobsdóttir **Guðjón Jóhannesson**
Gunnhildur, Brynjar Gauti, Kolbrún Halla og Jóhanna Magnea.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir og bróðir,

Bjarni Kristinn Ingólfsson
Aðalgötu 7, Ólafsfirði,

verður jarðsunginn frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 23. febrúar kl. 14.

Bára Sæmundsdóttir
Sæbjörg Anna Bjarnadóttir
og systkini hins látna.

LEGSTEINAR
TILBOÐSDAGAR
allt að 50% afsláttur
af legsteinum og
fylgihlutum
Sendum myndalista
MOSAIK Hamarshöfða 4 110 Reykjavík
sími 587 1960 www.mosaik.is

HÉLT SIG AF ÍSLENSKUM ÆTTUM Nafn breska skáldjöfursins W.H. Auden minnir töluvert á norræna nafnið Auðunn.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

HÁTÍÐARDAGSKRÁ: W.H. AUDEN 100 ÁRA

Aldarafmæli Íslandsvinar

Breska skáldið Wystan Hugh Auden var annálaður Íslandsvinur en skáldjöfur þessi er af mörgum talinn eitt ágætasta skáld enskrar tungu á tuttugustu öld þó að alla jafna fari ekki hátt um ævi hans og störf.

Auden var einkar fjölhæfur höfundur. Þótt hann sé nú þekktastur fyrir ljóðin fékkst hann einnig við leikritaskrif, kvikmyndahandrit og gagnrýni auk þess sem íslenskir tónlistarunnendur geta nú notið textasnilli hans í óperunni Flagari í framsókn eftir Stravinskí sem nú er til sýninga í Ingólfsstrætinu.

Auden hafði sérlegt dálæti á norrænni menningu og taldi sig eiga ættir að rekja til Íslands og ferðaðist hingað í tvígang. Í fyrri heimsókninni árið 1936 var hann í félagi við írska skáldið Louis MacNeice en í sameiningu skrifuðu þeir bókina Letters from Iceland sem geymir undarlega blöndu af kveðskap og prósa, staðháttalýsingar og skondnar sögur af ferðum þeirra um landið. Í seinna skiptið kom skáldið hingað til lands fyrir milligöngu þáverandi menntamálaráðherra, Gylfa Þ. Gíslasonar, og var þá haldið sérstakt skáldaþing honum til heiðurs þar sem helstu andans menn þjóðarinnar tóku þátt. Í þakkarræðu sinni við það tilefni lét hann þess getið að fyrir sér væri Ísland enn heilög jörð. Til minningar um þá heimsókn sína orti hann síðar kvæðið „Iceland Revisited“.

Nýjasta hefti tímaritsins Jón á Bægisá er helgað minningu Audens en þar er að finna töluvert af áður óbirtum þýðingum á kvæðum skáldsins, þar á meðal kveðskap sem tengist Íslandsheimsóknum hans, auk ítarlegrar umfjöllunar um æviferil hans og skáldskap. Þýðandi og umsjónarmaður efnisins er Ögmundur Bjarnason, þýðandi og læknir, en auk þess rita þar fleiri höfundar. Í tilefni af aldarafmælinu standa Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, tímaritið Jón á Bægisá og breska sendiráðið fyrir hátíðardagskrá honum til heiðurs í dag. Þar flytja frú Vigdís Finnbogadóttir og sendiherrann Alp Mehmet ávörp um skáldið og verða ljóð hans lesin bæði á frummálinu og á ensku. Rithöfundurinn Matthías Johannessen fjallar um kynni sín af skáldinu og Ögmundur Bjarnason segir frá Auden og nýjum þýðingum sínum.

Dagskráin fer fram í stofu 101 í Odda og hefst hún kl. 15.30. kristrun@frettabladid.is

†

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Valgarður Ólafsson
Breiðfjörð

andaðist 7. febrúar sl. Hann var kvaddur í kyrrþey frá litlu kapellunni í Fossvogi, fimmtudaginn 15. febrúar sl. Þökkum félögum hans í föstudagsdeild AA-samtakanna í Neskirkju vináttu í gegnum árin.

Jóna María Gestsdóttir
Gestur Valgarðsson **Rannveig María Þorsteinsdóttir**
Eyjólfur Valgarðsson **Kristín Þóra Garðarsdóttir**
Valgarður Daði Gestsson
Garðar Eyjólfsson
Hildigunnur Jóna **Brynhildur María Gestsdætur**
Aníta Líf Valgarðsdóttir

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

SNÆFRÍÐ ÞORSTEINS / HILDIGUNNUR GUNNARSDÓTTIR



POURQUOI PAS? FRANSKT VOR Á ÍSLANDI

22.02 - 12.05 2007 WWW.FRANSKTVOR.IS

Landsbankinn ICELANDAIR samskip GLITNIR

Gamanleikritið
BAR PAR
–eftir Jim Cartwright
Aðalhlutverk:
Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir
Steinn Ármann Magnússon
Leikstjóri:
Gunnar I. Gunnsteinsson
Frumsýning: UPPSELT
fös. 23. feb. kl. 20
2. sýn. sun. 25. feb.
3 sýn. fös. 2. mars
4. sýn. sun. 4. mars.
Miðasala á Nasa frá kl. 13-16
Einnig á www.nasa.is
og www.midi.is
Carlsberg NASA

Pakkatilboð
Makita HR4011 bor- og brotvél
Makita 6270DWDE 12V rafhl.borvél
Kr. 69.900-
12V MAKITA rafhlöðu-borvél fylgir.
Útsölustaðir:
Sandblástur og málmhúðun - Akureyri
Þór hf - Lónsbakka - Akureyri
Þór hf - Ármúla 11 - Reykjavík
Tilboðið gildir til 28. 02. 2007 eða meðan birgðir endast.
Makita

★★★★
„Þetta er einfaldlega góð spennusaga. Ekki missa af henni."
HGG/Rás 2
Sýnd í Smárabíói og Regnboganum
20% afsláttur ef greitt er með korti frá Kaupþingi FRÉTTABLAÐIÐ

Höldum óhreinindum á mottunni
Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður
NOTRAX®
gólfmottukerfið
…fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm
…hindrar að gólfið innandyra verði hált
…heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu
Sigþóra Gunnarsdóttir
Sölumaður í verslun RV
Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

STUÐ MILLI STRÍÐA: „Celia, Celia, Celia kúkar!"

INGI F. VILHJÁLMSSON VELTIR FYRIR SÉR RANGHUGMYND

„Þú veist að konur kúka fiðrildum," sagði rauðhærða stelpan við mig eina sumarnótt í Þórsmörk. Við sátum á bekk, dúðuð í flís frá hnakka að hæl og ornuðum okkur með upphituðu rauðvíni. Af hverju sagði hún þetta? Ein merkilegasta uppgötvun drengja, eftir að þeir fá hvolpavit, er að gyðjurnar sem þeir dýrka skíti. Þegar ég var unglingur man ég að margir vinir mínir höfðu hugsað: „Ég get ekki ímyndað mér Cindy Crawford að kúka."

Ég held að ástæðan fyrir þessari hugsanavillu sé sú ranghugmynd að konur séu hreinni og guðdómlegri verur en menn. Þetta eru leifar frá þeim tímum þegar konur voru aldrei jafningjar karla. Þær voru augasteinar feðra sinna, elskur, eiginkonur og mæður, ömmur eða þá vinnuþý, pútur og annars konar drasl. Ranghugmyndin um konuna sem kúkar ekki er líklega sprottin af kynjamisrétti.

Elsta dæmið sem ég þekki um þessa hugsun er í ljóði frá 1732 eftir írska rithöfundinn Jonathan Swift. Strephon, ungur aðdáandi yngismeyjarinnar Celiu, stelst inn í dyngju hennar og kemst að því að elskan hans meikar sig, að greiðurnar hennar eru fullar af flösu, kjólarnir anga af svitalykt í handarkrikunum og koppurinn hennar er fullur af skít sem hann dýfir óvart hendinni í. Strephon yfirgefur dyngjuna í ofboði og þylur fyrir munni sér: „Celia, Celia, Celia kúkar!" Eftir þetta kalla allar konur sem Strephon sér fram minninguna um skítalykt Celiu. Í öðru ljóði Swifts missir aðdáandi konu vitið þegar hann kemst að því að hún hefur hægðir.

Kannski mun jafnrétti karla og kvenna ekki komast á fyrr en strákar á gelgjuskeiði, eins og ég og Strephon, hætta að hugsa sem svo að þeir geti ekki ímyndað sér að konur kúki eins og þeir. Þá fellur síðasta vígið í jafnréttisbaráttunni. Enginn mun missa svefn eða vit við tilhugsunina um að konur kúki brúnu eins og karlar en ekki marglitum, ilmandi fiðrildum.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Strákur veiðir úlf úr skóginum

Krakkarnir voru með á nótunum í sviðsetningu Bernds Ogrodnik á sögunni góðkunnu um Pétur og fórnarlamb hans, úlfinn. Í hvert sinn sem Bernd leitaði til þeirra voru svör á reiðum höndum. Þau sátu fremst í salnum í Kúlunni á sessum meðan eldri gestir sátu aftar og skemmtu sér ekki síður. Það er erfitt að komast hjá altekinni hrifningu í grennd við listamann eins og Bernd: allar brúður sínar smíðar hann af stórkostlegu listfengi, vélvæðir þær með þráðum og klemmum, klæðir og skreytir í sínum persónulega stíl. Og svo leiðir hann á sýnilegan og augljósan hátt fram söguna og nærgætnin, stillingin og tökin eru aðdáunarverð.

Það er ef til vill það sem gerir það að verkum að krakkarnir fylgjast svo vel með, jafnvel í sögu sem þau þekkja vel til. Mátinn í sviðsetningunni er skammt frá þeirra eigin iðjum í leik með brúður og önnur verkfæri í leik dagsins: minn gerir þetta og þá gerir þinn … eins og þau segja gjarnan. Sýningar Bernds eru þannig á sinn hátt nánast eins og kennslustund fyrir leikfælin börn.

LEIKLIST

Pétur og úlfurinn

Saga og tónlist: Sergei Prokofiev
Leikgerð, brúður, stjórn og leikmynd: Bernd Ogrodnik

★★★★★

Yndisleg sýning fyrir unga anda

Það er eitt af merkilegustu nýmælum í stjórnartíð Tinnu Gunnlaugsdóttur að koma brúðusýningum af stað á gamla litla sviðinu í Húsi Jóns Þorsteinssonar. Aðkoma er nú skreytt myndum úr barnasýningum Þjóðleikhússins frá fornu fari. Hér á að gera einhvers konar skjól fyrir leiksýningar ætlaðar yngstu börnunum og samferðamönnnum þeirra. Það er afar mikilvægt að ná ungum börnum inn í leikhúsið með foreldrum og frænkum. Það er gaman að fara með börnum í leikhús.

Aðkoma Bernds að íslenskum brúðusýningum á sér sögulega vísun: það var Kurt Zier sem hóf á ný brúðuhefðina hér og kenndi Jóni E. Guðmundssyni. Þaðan lá leið leikbrúðanna í sjónvarp, á leikskóla og víðar. Brúðurgerð og brúðunotkun ætti að vera skylda í grunnskóla.

Sýningin á Pétri og Úlfinum er fyrsta flokks og menn skulu hópast á hana sem til gleði.

Páll Baldvin Baldvinsson

Óumflýjanleg uppgjör á bar

Margir íslenskir leikhúsgestir kannast við leikritið Bar par enda hefur það í tvígang verið sýnt við fádæma undirtektir hér á landi. Nú á föstudaginn gefst enn á ný kostur á að kynnast fjölskrúðugu persónugalleríi Jims Cartwright en þá verður ný uppfærsla gamanleiksins frumsýnd á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll.

Sögusvið verksins er ónefndur bar sem er frægur fyrir að „koma fólki úr eða í pör“ . Áhorfendur upplifa eina kvöldstund í lífi hjónanna sem eiga og reka staðinn en einnig kemur við sögu fjöldi gesta á öllum aldri. Hjónin virðast upp á kant hvort við annað – hún daðrar skammlaust við alla gestina og drekkur út gróðann á meðan hann reynir að hafa stjórn á hlutunum. Skrautlegir og óvæntir gestir setja strik í reikninginn og hafa mikil áhrif á þau hjónin. Þegar kemur að lokun bresta allar stíflur með óumflýjanlegu uppgjöri hjónanna á skuggalegum harmleik fortíðarinnar. Öll hlutverkin fjórtán eru leikin af kamelljónunum Steini Ármanni Magnússyni og Guðlaugu Elísabetu Ólafsdóttur en þau eru með vinsælustu gamanleikurum þjóðarinnar. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem þau leika saman á sviði en saman hafa þau tekið þátt í gamanþáttunum Stelpunum á Stöð 2.

BREGÐA SÉR Í FJÓRTÁN HLUTVERK Steinn Ármann Magnússon og Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leika í nýrri uppfærslu á gamanleiknum Bar par.

Leikritið Bar par sló fyrst í gegn hérlendis fyrir tæpum fimmtán árum hjá Leikfélagi Akureyrar. Stuttu síðar sýndu Guðmundur Ólafsson og Saga Jónsdóttir verkið í kjallara Borgarleikhússins og gekk það þar um langa hríð og var einnig ferðast með sýninguna um landið.

Aðstandendur sýningarinnar nú, auk leikaranna tveggja, eru Vignir Jóhannsson leikmyndahönnuður og María Ólafsdóttir búningahönnuður. Leikstjóri er Gunnar I. Gunnsteinsson en framleiðendur eru Jóhann Sigurðarson og Hilmir Snær Guðnason.

Mikið er lagt upp úr því að skapa hugguleg stemningu í gamla Sigtúni og munu gestir geta setið til borðs og sopið veigar sínar meðan á sýningunni stendur.

Frumsýnt verður næstkomandi föstudag kl. 20.

- khh

FYRSTA ÍSLENSKA MILLISTJÓRNENDADRAMAÐ Leikritið Eilíf hamingja hefur fengið fínar viðtökur og ferðast brátt til Berlínar.

Sýna hjá Gorkí

Íslenskt leikhúsfólk gerir það ekki endasleppt þessa dagana – í London er uppfærsla Þjóðleikhússins á Pétri Gaut að fara á svið í Barbican-leikhúsinu og nú berast fregnir þess að Hið lifandi leikhús hyggist gera strandhögg í Berlín.

Nýtt leikrit Andra Snæs Magnasonar og Þorleifs Arnar Arnarssonar verður sýnt í hinu virta Maxim Gorkí-leikhúsi í Berlín í næstu viku. Verður íslenska sýningin önnur tveggja gestasýninga þar í ár og því mikill heiður fyrir aðstandendur þess að fá svo gott boð. Verkið, Eilíf hamingja, í leikstjórn Þorleifs Arnar, hefur hlotið gríðargóðar viðtökur á Íslandi. Uppselt hefur verið á allar sýningar til þessa og hafa gagnrýnendur keppst við að lofa það og uppfærslu þess á litla sviði Borgarleikhússins. Síðustu sýningar á Eilífri hamingju á Íslandi fyrir ferðina út verða nú um helgina en þær munu svo halda áfram að ferðalaginu loknu.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

18 19 20 21 22 23 24

Miðvikudagur

TÓNLEIKAR

☐ 12.30 **Pamela De Sensi** flautuleikari og **Rúnar Þórisson** gítarleikari leika á **Háskólatónleikum** í **Norræna húsinu**. Á efnisskránni eru nýjar útsetningar á íslenskum þjóðlögum eftir Elínu Gunnlaugsdóttur og nýtt verk eftir Jónas Tómasson.

☐ 20.00 Tónlistardagskráin **Tónar við hafið** í Ölfusi. Fyrstu tónleikar þessa árs verða í **Ráðhúsinu** í Þorlákshöfn en þar leikur **Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir**, eða **Lay Low**, tónlist sína ásamt þeim ásamt hljómsveit.

☐ 20.00 **Hljómsveitin Sign** er á tónleikaferðalagi um landið og leikur á skemmtstaðnum **Yello** í **Reykjanesbæ**.

☐ 21.30 Djasstríóið **Other Trio** leikur á **Kaffi Rósenberg** í **Lækjargötu**. Tríóið samanstendur af trompetleikaranum **Eiríki Orra Ólafssyni**, gítarleikaranum **Róberti Reynissyni** og **Scott McLemore** trommuleikara.

UPPÁKOMUR

☐ 20.00 Leikhópurinn **Vesturport** efnir til uppákomu á **Súfistanum** Laugavegi í tengslum við kvikmyndirnar **Börn** og **Foreldrar**. Sérstakur gestur er **Pétur Ben** sem flytur lög úr myndunum tveimur og tekur þátt í umræðum um þær ásamt **Nönnu Kristínu Magnúsdóttur**, **Nínu Dögg Filippusdóttur** og **Ólafi Darra Ólafssyni** frá Vesturporti.

☐ 20.00 **Söngdeild TFÍH** sýnir tónleikauppfærslu á söngleiknum **We Will Rock You** eftir hljómsveitina **Queen** og **Ben Elton**. Í uppfærslunni er 11 manna kór og 7 sólóistar ásamt 7 manna hljómsveit sem er skipuð kennurum og nemendum skólans. Vignir Þór Stefánsson er tónlistarstjóri en framkvæmd og uppfærslan er í höndum kennara söngdeildarinnar. Sýningar fara fram í hátíðarsal **FÍH** að **Rauðagerði.**

Stefnumót við Jökul

Leikfélagið Snúður og snælda Sýnir þrjá einþáttunga eftir Jökul Jakobsson

Aðeins 5 sýningar

25.febrúar uppselt
Fim. 1.mars
Sun. 4.mars
Fim. 8.mars
Sun. 11.mars

Sýnt í Iðnó kl. 14.00
Miðapantanir
S. 562 9700

Flagari í framsókn The Rake's Progress IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
fös. 23. feb. - sun. 25. feb. - fös. 2. mars - SÝNINGAR HEFJAST KL. 20
AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR EFTIR
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ - Kynningin hefst kl. 19.15

GULLÖLD GÍTARSINS
HÁDEGISTÓNLEIKAR - ÞRIÐJUD. 27. FEB. KL. 12.15
Pierre Laniau - gítarleikari
Miðaverð kr. 1.000

Landsvirkjun
POURQUOI PAS? FRANSKIR DAGAR Á ÍSLANDI
ÍSLENSKA ÓPERAN ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
sun. 25. feb. kl. 17.00
sun. 4. mars kl. 17.00
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Fim 22/2 kl. 20 Fim 1/3 kl. 20
Fös 9/3 kl. 20 Síðustu sýningar

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 2/3 kl. 20 Lau 10/3 kl. 20
Lau 17/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS.
Fim 17/5 kl. 20 UPPS. Fös 18/5 kl. 20 UPPS.
Lau 19/5 kl. 14 Lau 19/5 kl. 20 UPPS.
Sun 20/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

MEIN KAMPF
Lau 24/2 kl. 20 AUKAS. Mið 28/2 kl. 20 AUKAS.
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 25/2 kl. 20 UPPS. Sun 4/3 kl. 20
Sun 11/3 kl. 20 Sun 18/3 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Lau 24/2 kl. 20 UPPS. Lau 24/2 kl. 22:30 UPPS.
Lau 3/3 kl. 20 UPPS. Lau 3/3 kl. 22:30 UPPS.
Fim 8/3 kl. 21 UPPS. Fös 16/3 kl. 21 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS.

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 22/2 kl. 20 UPPS. Fös 2/3 kl. 20 AUKAS.
Þri 13/3 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Lau 10/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 11/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20

DAGUR VONAR
Fös 23/2 kl. 20 UPPS. Sun 25/2 kl. 20 UPPS.
Fim 1/3 kl. 20 AUKAS. Lau 3/3 kl. 20 UPPS.
Sun 4/3 kl. 20 UPPS. Fim 8/3 kl. 20 UPPS.
Fös 9/3 kl. 20 Fim 15/3 kl. 20

LEIKHÚSSPJALL
Fim 22/2 kl. 20:15 Ókeypis aðgangur
Á Borgarbókasafni Kringlunni. Fjallað verður um verkið Dagur vonar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 25/2 kl. 14 Sun 4/3 kl. 14
Sun 11/3 kl. 14 Sun 18/3 kl. 14
Sun 25/3 kl. 14 Síðustu sýningar

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 1/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 3/3 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Uppselt á allar þessar sýningar!
Sun 25/2 kl. 13,14,15, Sun 4/3 kl. 13,14, 15,
Sun 11/3 kl.13, 14, 15, Sun 18/3 kl. 13, 14, 15,
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15, Sun 1/4 kl. 13, 14, 15,
Sun 15/4 kl. 13,14,15
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

FEBRÚARSÝNING Íd
Fös 23/2 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT Bleik kort
Sun 25/2 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 4/3 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Sun 11/3 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 18/3 kl. 20 5.sýning Blá kort

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter.
Aukasýning 23/2 örfá sæti laus. Allra síðasta sýning!

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 24/2 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun 4/3 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 11/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 18/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/4 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar fim. 1/3 örfá sæti laus, fös. 2/3 nokkur sæti laus og lau. 3/3 örfá sæti laus. Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 örfá sæti laus, 3. sýn. lau. 10/3 örfá sæti laus, 4. sýn. mið. 14/3 örfá sæti laus, 5. sýn. fim. 15/3 örfá sæti laus, 6. sýn. fös. 16/3 örfá sæti laus, 7. sýn. lau. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 24/3 nokkur sæti laus.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Í kvöld mið. 21/2 örfá sæti laus, lau. 24/2 örfá sæti laus, þri. 27/2 kl. 16:00 örfá sæti laus, fim. 1/3 kl. 13:00 uppselt, þri. 6/3 kl. 17:00 uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.

Kúlan

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.
Lau. 24/2 kl. 13:30 örfá sæti laus, kl.15:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 uppselt, sun. 25/2 kl. 13:30 uppselt og 15:00 örfá sæti laus. lau. 3/3 kl. 13:30 og kl. 15:00, sun. 4/3 kl. 13:30 og kl. 15:00. Aðeins þessar sýningar!

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

SIGN Hljómsveitin Sign er á leiðinni í tónleikaferð um landið.

Sign í tónleikaferð

Rokkhljómsveitin Sign er farin í tónleikaferð um landið til að hita upp fyrir ferð sína til Bandaríkjanna í byrjun mars. Sveitin spilar nú í fyrsta skipti með nýjum bassaleikara, Heimi Hjartarsyni, sem var áður í hljómsveitinni Nevolution frá Akureyri sem hefur tekið sér frí frá störfum.

Sign gerði nýverið útgáfusamning við þýska fyrirtækið Freibank og er komin langt með að semja efni á nýja plötu. Sveitinni hefur einnig verið boðið að vera á safnplötu tímaritsins Kerrang! sem verður gefin út í júní. Þar gera hinar ýmsu hljómsveitir sínar útgáfur af þekktum rokkslögurum.

Í Bandaríkjunum mun Sign spila á tvennum tónleikum í New York áður en hún spilar á CMW-tónlistarhátíðinni í Kanada. Í framhaldi af vesturförinni fer Sign til Bretlands þar sem hún hitar upp á mánaðarlöngum túr hjá hljómsveitinni Wildhearts. Í tilefni af því ætlar Sign að gefa út nýja útgáfu af smáskífunni So Pretty í öllum helstu vefverslunum og á niðurhali fyrir farsíma. Í tengslum við þessa tónleikaferð mun Sign einnig setja upp sína eigin vefbúð og selja stafrænar útgáfur af öllum plötum sínum.

TÓNLEIKARÖÐ Á ÍSLANDI

21. febrúar kl. 20.00: Yello í Reykjanesbæ
23. febrúar kl. 20.00: Félagsmiðstöðin Zelsíuz á Selfossi
24. febrúar kl. 17.00: Café Amsterdam
24. febrúar kl. 24.00: Café Amsterdam
3. mars: Rokk Súpan á Ísafirði
16. mars kl. 20.00: Sjallinn á Akureyri
Hljómsveitin Noise hitar upp á öllum tónleikunum.

Baggalútur á Bessastöðum

Drengirnir í Baggalúti troða upp á Bessastöðum í dag. Guðmundur Pálsson segir þetta mikinn heiður, enda séu þeir allir aðdáendur forsetans og konu hans.

BAGGALÚTUR Gamall draumur rætist í dag en þeir ætla að vera í sparifötum og nýrakaðir þegar þeir troða upp á Bessastöðum fyrsta sinni.

„Þetta er gamall draumur. Baggalútur er nú loksins að komast til æðstu metorða. Þetta er mikill heiður en allir erum við miklir aðdáendur forsetans og þá ekki síður konu hans," segir Guðmundur Pálsson, forsöngvari Baggalúts.

Hljómsveitin mun troða upp á Bessastöðum í dag í tilefni afhendingar Eyrarrósarinnar þar í dag. Tilnefnd til verðlauna eru Safnasafnið, Sumartónleikar í Skálholtskirkju og Strandagaldur. Verndari verðlaunanna, sem eru fyrir afburða menningarstarf, er einmitt Dorrit Moussaieff forsetafrú.

Guðmundur segir Baggalúta alla yfirlýsta aðdáendur Vigdísar Finnbogadóttur. Segir hana móður okkar allra, sameiningartákn og fjallkonu. Herra Ólafur sé meira svona öryggisventill.

„Enginn maður í sögunni hefur áður verið notaður sem öryggisventill. Og Dorrit, það er smá Vigdís í henni. Hún er meiri samkvæmisdama en Vigdís og jafn hugguleg. Það má ekki hverfa. Forsetinn má ekki hafa einhverja subbu sér við hlið eða vera subba. Það er á hreinu. En fyrst og fremst berum við ótakmarkaða virðingu fyrir embættinu sem slíku."

DORRIT Verndari Eyrarrósarinnar mun hlýða á þá Baggalúta sem bera ótakmarkaða virðingu fyrir henni og embættinu.

Ekki hefur enn verið ákveðið hvað verður spilað fyrir forsetann og þá sem verða viðstaddir hina virðulegu viðhöfn en það verður eitthvað hámenningarlegt. Og af slíku efni þykjast Baggalútar eiga nóg í fórum sínum.

„Þetta leggst mjög vel í okkur. Við erum mjög spenntir. Og ætlum allir að vera í sparifötum og nýrakaðir. Ekki havaii-skyrtur eða kobboj-galli. Þetta er gala-gigg."

jakob@frettabladid.is

Myspace til hjálpar

Ástralska poppstjarnan Kylie Minogue hefur fengið óvænta aðstoð af netinu fyrir sína næstu plötu. Kylie kynntist skoska lagahöfundinum Calvin Harris í gegnum Myspace-síðuna og fékk hann til að semja lög fyrir væntanlega plötu sína. „Hún hefur unnið nokkur lög með Calvin. Kylie heyrði það sem hann hafði gert og fannst það flott. Samstarf þeirra gengur vel," sagði talsmaður Kylie.

KYLIE MINOGUE Ástralska söngkonan kynntist Calvin Harris á Myspace.

Calvin Harris, sem er einnig plötusnúður og upptökustjóri, sló í gegn á netinu með fyrsta smáskífulagi sínu, Acceptable in the 80´s. Kemur það út á vegum Sony hinn 12. mars. Auk þess að starfa með Kylie er Harris á leiðinni í tónleikaferð um Bretland þar sem hann hitar upp fyrir hljómsveitina Faithless.

Kylie hefur unnið með ýmsum lagahöfundum í gegnum tíðina, þar á meðal Emilíönu Torrini, sem samdi fyrir hana lagið Slow ásamt upptökustjóranum Mr. Dan. Naut lagið mikilla vinsælda og var tilnefnt til Grammy-verðlaunanna árið 2005.

ÖSKUDAGSBÍÓ á öskudag í kringlunni kl. 300 kr.- kl. 14:30

SAMBÍÓIN





Háskólabíó

Háskólabíó					
LETTERS FROM IWO JIMA	kl. 6 - 9	B.i.16	BLOOD DIAMOND	kl. 6 - 9	B.i.16
PERFUME	kl. 6 - 9	B.i.12	BABEL	kl. 9:30	B.i.16
DREAMGIRLS	kl. 6 - 9	B.i.7	FORELDRAR	kl. 7:50	
			STRANGER THAN ...	kl. 5:50	Leyfð

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

HANNIBAL RISING	kl. 5:40 - 8 - 10:30	B.i.16	BLOOD DIAMOND	kl. 5 - 8 - 10:40	B.i.16
HANNIBAL RISING VIP	kl. 5:40 - 8 - 10:30		BABEL	kl. 8	B.i.16
ALPHA DOG	kl. 8 - 10:30	B.i.16	FORELDRAR	kl. 6	Leyfð
PERFUME	kl. 5 - 8 - 10:40	B.i.12	VEFURINN HEN... M/- Ísl tal	kl. 3:40 - 5:50	Leyfð
MAN OF THE YEAR	kl. 10:30	B.i.7	FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal.	kl. 3:40	Leyfð

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

GHOST RIDER	kl. 5:40 - 8 - 10:30	B.i.12	
HANNIBAL RISING	kl. 5:40 - 8 - 10:30	B.i.16	
ALPHA DOG	kl. 8 - 10:30	B.i.16	
CHARLOTTE´S WEB Enskt tal	kl. 5:50	Leyfð	DIGITAL
VEFURINN HENN...	kl. 2:30	Leyfð	
FRÁIR FÆTUR	kl. 2:30	Leyfð	
SKOLAÐ Í BURTU	kl. 2:30	Leyfð	

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

ALPHA DOG	kl. 8	B.i.16
ROCKY BALBOA	kl. 8 - 10:20	B.i.12
BLOOD DIAMOND	kl. 10:20	B.i.16

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

HANNIBAL RISING	kl 8 - 10:10	B.i.16
MAN OF THE YEAR	kl 8 - 10	B.i.7
VEFURINN HEN... M/- Ísl tal	kl. 6	Leyfð

ÖSKUDAGSBÍÓ á öskudag í kringlunni kl. 14:30 - 300 kr.-

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is

Íslensk tónlist á Amie Street

Fjölmargar íslenskar hljómsveitir og listamenn hafa undanfarið nýtt sér Amie Street, sem er tónlistarbúð á netinu þar sem hver sem er getur opnað sitt búðarhorn og selt sína tónlist.

„Þetta er frekar ungt fyrirtæki. Það var stofnað í júlí í fyrra en er orðið rosalega vinsælt," segir Ingi Björn Sigurðsson, sem hefur starfað við síðuna. „Síðan hefur líklega hundraðfaldað sig á þremur mánuðum og hefur vakið athygli á meðal fagaðila í tónlistarbransanum. Amie Street var til dæmis valið eitt af 25 efnilegustu ungu fyrirtækjunum hjá Businessweek og Myspace var að spá í að kaupa það. Það eru tuttugu þúsund meðlimir núna en þeir stefna að því að ná 200 þúsund í desember," segir hann.

Á meðal íslenskra hljómsveita sem hafa nýtt sér búðina eru Telepathetics, Tony The Pony, Morðingjarnir, Bob og Beatmakin Troopa og fer þeim fjölgandi með degi hverjum.

Sérstaða Amie Street er að verðið fer eftir eftirspurn. Öll lög byrja frítt og hækka síðan í verði eftir því sem oftar er náð er í þau, upp að 0,98 dollurum. Eftir því sem lögin verða vinsælli því verðmætari verða þau. Ólíkt mörgum öðrum tónlistarmiðlum þá er ekkert sérstakt áskriftargjald. Jafnframt er hægt að spila lögin í öllum tónlistarspilurum. Þeir sem kaupa lög á Amie Street geta mælt með þeim lögum sem þeir kaupa og mæli þeir með lögum sem verða vinsæl fá þeir umbun fyrir. Áhugasamir geta kíkt á síðuna amiestreet.com og forvitnast um þessa nýstárlegu tónlistarbúð. - fb

INGI BJÖRN SIGURÐSSON Ingi Björn starfar við heimasíðuna amiestreet.com.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

MORÐINGJARNIR Hljómsveitin Morðingjarnir er á meðal þeirra sem hafa nýtt sér heimasíðuna.

Hvað sem það kostar

Lífsbarátta sölumannsins Chris Gardner sem er að reyna að vinna sig upp úr eymd og fátækt er langt frá því að vera léttvægt grín. Mestur hluti kvikmyndarinnar Pursuit of Happyness fjallar um sífelld vonbrigði hans og strögl við að verða verðbréfasali. Konan (Thandie Newton) fer frá honum, hann missir húsnæðið og endar á vergangi með strákinn sinn (Jaden Smith) en samt gefst hann ekki upp.

Will Smith sýnir frábæran leik og litli strákurinn er mjög sjarmerandi en það er ekki nóg til að bera uppi alla myndina sem verður einhæf og langdregin fyrir vikið. Gardner er sýndur sem næsta gallalaus persóna á meðan fólkið í kringum hann er upp til hópa illa innrætt og fjandsamlegt. Þeir feðgar eru einir í heiminum með allan sinn vanda, meira að segja móðirin er svo veikgeðja að hún getur ekki hjálpað þeim. Fáar aukapersónur eru í myndinni og engin þeirra spennandi svo áhorfendur fylgjast nær einvörðungu með hugljúfu sambandi feðganna. Ekki aðeins eru persónurnar ósannfærandi og einfaldar heldur er gildismatið sem þessi mynd hampar fremur fyrirsjáanlegt – þetta er ameríski draumurinn með áherslu á einstaklingsframtakið. Áherslan er fyrst og fremst á hvernig peningarnir, verðbréfaviðskiptin, muni leysa vanda fjölskyldunnar, sagan endar þegar Gardner fær loksins vinnu og síðan birtist texti þess efnis að myndin sé byggð á sönnum atburðum og aðalpersónan sé nú milljóneri.

Myndin gerist 1981 og er skemmtilega unnið með þá sögufitund í útliti myndarinnar auk þess sem músíkin er nokkuð hressandi í þessum eymdaraðstæðum. Annars er þetta óttaleg froða.

Kristrún Heiða Hauksdóttir

KVIKMYNDIR

The Pursuit of Happyness

Leikstjóri: Gabriele Muccino

Aðalhlutverk: Will Smith, Jaden Smith, Thandie Newton og Brian Howe.

★★

Hugljúf en langdregin og einhæf froða.

Justin til bjargar

Popparinn Justin Timberlake ók rakleiðis til Hollywood þegar hann frétti af vandræðum Britney Spears til að hugga hana.

Justin og Britney voru kærustupar á sínum tíma og vildi Justin sýna henni stuðning sinn í verki. „Justin er líklega eina manneskjan sem Britney myndi hlusta á þessa dagana," sagði kunningi hennar. „Allir vonast til þess að hann geti komið henni aftur á beinu brautina."

Aðdáendur Britney óttast mjög um hana og telja hana ramba á barmi taugaáfalls vegna álagsins sem fylgir skilnaðinum við Kevin Federline. Hefur hann farið fram á forræði yfir sonum þeirra tveimur og segir hann Britney óhæfa móður. Britney, sem hefur drukkið stíft síðan hún skildi við Federline, rakaði af sér hárið fyrir skömmu og telja margir að með því hafi Britney í undirmeðvitundinni verið að hrópa á hjálp.

JUSTIN OG BRITNEY Justin og Britney á frumsýningu myndarinnar Crossroads árið 2002.

Vectavir krem er áhrifarikt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Otrivin nefúðinn og nefdropamir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

> Undanúrslit í handboltanum

Það verður bikarstemning á Ásvöllum í Hafnarfirði í kvöld þegar karla- og kvennalið félagsins spila þar hvort á eftir öðru í undanúrslitum SS-bikarsins. Fyrri leikur kvöldsins hefst klukkan 19.00 og er á milli Hauka og Vals í undanúrslitum kvenna. Valur er búið að vinna nauma sigra í báðum leikjunum, þar af 24-22 í Laugardalshöllinni fyrir ellefu dögum. Seinni leikurinn hefst kl. 21.00 og er á milli Hauka og Fram í undanúrslitum karla. Haukar hafa haft gott tak á Íslandsmeisturunum í vetur og eru búnir að vinna báða innbyrðisleikina. Leikir vetrarins gefa tilefni til að spennan verði í algleymingi í báðum leikjum. Haukarnir fóru með bæði liðin í bikarúrslitin fyrir ári síðan, karlarnir töpuðu þá fyrir Stjörnunni en Haukakonurnar lögðu Eyjastúlkur og unnu bikarinn í þriðja sinn.

sport

sport@frettabladid.is

HANDKNATTLEIKSKAPPINN ÞÓRIR ÓLAFSSON: FÆR EKKI NÝJAN SAMNING HJÁ TUS N-LUBBECKE

Vonast til að spila áfram erlendis

Framtíðin hjá Selfyssingnum Þóri Ólafssyni er óráðin en félag hans, Tus N-Lubbecke, hefur gefið það út að Þórir fái ekki nýjan samning við félagið en núverandi samningur rennur út næsta sumar. Þórir er á sínu öðru ári hjá félaginu og Lubbecke hyggst fá ungan og efnilega Þjóðverja til að fylla hans skarð.

„Það er ekkert í spilunum eins og er. Törnin er samt að byrja núna og vonandi fæ ég einhverja hringingu frá umboðsmanninum fljótlega. Ég fékk samning við Lubbecke á sínum tíma í apríl þannig að ég er alveg rólegur. Lið eru oft ekkert að ganga frá kaupum á nýjum mönnum fyrr en þau vita í hvaða deild þau verða næsta vetur og annað," sagði Þórir við Fréttablaðið í gær.

„Ég vil vera áfram úti og konan er sama sinnis. Þetta er mjög gaman og svo erum við komin í nám. Okkur er sama hvort það er í Þýskalandi eða einhvers staðar annars staðar. Ég hefði til að mynda alveg áhuga á að spila í Danmörku en fyrir mér skiptir mestu að komast til félags þar sem ég fæ mikið að spila," sagði Þórir en hann hefur verið að spila nánast annan hvorn leik hjá Lubbecke í vetur en liðið er í 15. sæti þýsku úrvalsdeildarinnar en 18 lið eru í deildinni.

„Mér hefur gengið þokkalega og ég tel mig hafa tekið framförum. Gerir maður það ekki alltaf þegar maður getur æft á fullu og gegn sterkari andstæðingum? Ég hef líka styrkt mig líkamlega og er að lyfta mikið meira en ég gerði heima," sagði Þórir sem var í íslenska landsliðinu undir stjórn Viggós Sigurðssonar en hlaut ekki náð fyrir augum Alfreðs Gíslasonar. Er hann ósáttur við það?

„Nei, ég get ekki sagt það. Það er mikið af góðum örvhentum leikmönnum úr að velja í dag. Það er samt spurning hvort maður höfði til næsta þjálfara. Maður verður að halda áfram ótrauður og bæta sig. Vonandi gerist það ef ég lendi hjá réttu liði þar sem ég fæ nóg að spila," sagði Þórir sem hefur heyrt lítillega frá einu dönsku liði. Hann útilokar ekki heldur að spila í næstefstu deild í Þýskalandi. Hann segist ekkert hafa heyrt frá íslenskum liðum og sé það í lagi þar sem hugurinn stefni ekki heim.

HÆTTULEGT Einn stuðningsmaður Man. Utd er hér fluttur meðvitundarlaus úr stúkunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Stuðningsmenn Man. Utd:

Hætt komnir í Frakklandi

FÓTBOLTI Það gekk mikið á innan sem utan vallar í leik Lille og Man. Utd í Frakklandi í gær.

Vandamál kom upp í stúkunni á 15. mínútu leiksins en þá varð mikill troðningur á áhorfendasvæði Man. Utd sem gerði það að verkum að fjöldi áhorfenda lenti í troðningi upp við grindverk við völlinn.

Stuðningsmenn United brugðust ókvæða við þessum vandræðum og linntu ekki látum fyrr en lögreglan hafði kastað táragassprengjum inn á áhorfendasvæði þeirra og tveir áhorfendur sem voru hætt komnir voru fluttir á brott.

Talið er að of mörgum áhorfendum hafi verið hleypt inn á svæðið og því hafi þessi hættulegi troðningur átt sér stað. Lille má búast við ákúrum vegna málsins.

- hbg

Bommel gaf Bayern von

Hollendingurinn Mark Van Bommel skoraði gríðarlega mikilvægt mark fyrir Bayern gegn Real Madrid undir lok leiks liðanna í gær. Man. Utd vann mikilvægan útisigur á Lille en Arsenal er í erfiðum málum eftir tap gegn PSV.

FÓTBOLTI Fyrstu fjórir leikirnir í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu fóru fram í gær. Real Madrid lagði Bayern Munchen á Spáni, 3-2, og Man. Utd vann góðan útisigur á Lille, 0-1. Celtic og AC Milan gerðu markalaust jafntefli í Glasgow wn PSV Eindhoven vann nokkuð óvæntan heimasigur á Arsenal, 1-0.

Mesta fjörið var í leik Real Madrid og Bayern Munchen á Santiago Bernabeau. Fyrri hálfleikur var sannkölluð flugeldasýning þar sem Real Madrid fór mikinn með David Beckham í broddi fylkingar. Real skoraði þrjú mörk gegn einu marki Bæjara í fyrri hálfleik og var í góðum málum.

Liðið gerði síðan þau afdrifaríku mistök að bakka allt of mikið í síðari hálfleik í stað þess að láta kné fylgja kviði. Mark hjá Bayern Munchen lá í loftinu allan síðari hálfleikinn og Þjóðverjarnir uppskáru sanngjarnt mark tveim mínútum fyrir leikslok er Vam Bommel skoraði með laglegu skoti.

Man. United hefndi sín á franska félaginu Lille í gær er það mætti á heimavöll franska félagsins. Aðeins eitt mark var skorað í leiknum og það skoraði velski vængmaðurinn Ryan Giggs með glæsilegu skoti beint úr aukaspyrnu. United þar af leiðandi í mjög góðum málum fyrir síðari leikinn í Manchester.

FÖGNUÐUR Mark Van Bommel fagnaði marki sínu gegn Real Madrid í gær gríðarlega enda setur það Bayern Munchen í fína stöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Arsenal reið ekki feitum hesti frá viðureign sinni við PSV í Hollandi þar sem heimamenn skoruðu eina mark leiksins. Seinni viðureignin verður áhugaverð þar sem það gæti reynst Arsenal dýrt að hafa ekki tekist að skora á útivelli.

Að lokum gerðu Celtic og AC Milan markalaust jafntefli í Glasgow og Ítalirnir því í fínum málum en þeir hafa vafalítið náð þeim úrslitum sem þeir ætluðu sér.

henry@frettabladid.is

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Meistaradeild Evrópu:

LILLE-MAN. UTD	0-1
0-1 Ryan Giggs (83.).	
CELTIC-AC MILAN	0-0
PSV-ARSENAL	1-0
1-0 Edison Mendez (61.)	
REAL MADRID-BAYERN MUNCHEN	3-2
1-0 Raúl (10.), 1-1 Lucio (23.), 2-1 Raúl (23.), 3-1 Ruud Van Nistelrooy (34.), 3-2 Mark Van Bommel (88.).	

SS-bikar kvenna:

ÍBV-GRÓTTA	28-29

Engar upplýsingar fengust um gang leiksins, engin skýrsla var föxuð og hvorugur þjálfari liðanna sá sér fært að svara í síma eftir leikinn.

Javier Mascherano:

Löglegur með Liverpool

FÓTBOLTI Argentínski knattspyrnukappinn Javier Mascherano hefur loksins fengið keppnisleyfi frá enska knattspyrnusambandinu og hann getur því byrjað að leika með Liverpool.

Mascherano gekk í raðir Liverpool frá West Ham í janúarglugganum en hefur orðið að bíða lengi eftir keppnisleyfi þar. Hann flaug beinustu leið til liðs við félaga sína hjá Liverpool og er löglegur í leiknum gegn Barcelona í kvöld þó ekki sé líklegt að hann spili.

- hbg

Slagur Barcelona og Liverpool í Meistaradeildinni:

Meistararnir mætast

FÓTBOLTI Knattspyrnuáhugamenn safnast örugglega fyrir framan skjáinn í kvöld þegar Evrópumeistarar tveggja síðustu ára, Barcelona og Liverpool, mætast á Nou Camp í fyrri leik liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu. Það eru búin að vera mikil læti utan vallar í herbúðum Barcelona og Liverpool á undanfarinni viku og fjölmiðlar hafa smjattað á fréttum af ósáttum og ólátum leikmanna liðanna.

Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, sá jákvæðu hliðina á því að tapa á móti Valencia um síðustu helgi. „Þessi leikur var góður fyrir leikinn á móti Liverpool. Hann minnir okkur á að við megum ekkert slaka á í þeim leik. Í hvert skipti sem við töpum þá þurfum við að svara með því að vinna næsta leik," sagði Rijkaard.

Barcelona þarf að skora mörk í kvöld en það hefur ekki tekist í þremur heimsóknum enska liðsins til þessa. Það má búast við að Liverpool spili varlega og reyni að sleppa með hagstæð úrslit heim til Englands, eða hvað? „Við erum ekki komnir til Barcelona til þess að gera 0-0 jafntefli. Við erum komnir til þess að vinna leikinn og vitum að það getur verið okkur mjög dýrmætt að taka með okkur mark heim til Liverpool. Við vitum vel að Barcelona getur spilað góðan fótbolta en við komum í leikinn fullir af sjálfstrausti og trú á eigin getu," sagði Rafel Benitez, stjóri Liverpool.



MEÐ Í ÖLLUM LEIKJUNUM Eiður Smári Guðjohnsen hefur spilað alla leiki Barcelona í Meistaradeildinni í vetur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Aðrir leikir kvöldsins eru heimsókn Chelsea til gamla félags stjórans Jose Mourinho, Porto, leikur Roma og Lyon á Ítalíu og viðureign Internazionale og Valencia CF á San Siro en þetta er tvö heitustu liðin í Evrópu í dag, Inter búið að vinna 16 deildarleiki í röð og Valencia nýbúið að vinna Evrópumeistara Barcelona 2-1. **- óój**

MAX

LágMAXverð

29.999 kr.

Fullt verð ~~39.999~~

Scandomestic SKS260
- 144sm kæliskápur
- Kælir 250 Lítrar
- Orkunýting A
- 5 Glerhillur
- Grænmetisskúffa
- Mál í sm (hxbxd) 144x55x57

19.999 kr.

Olympus MJU725SWG
- 7.1 MegaPixel Digital myndavél
- Vatnsheld og höggheld
- 3x Optical Zoom, 5x Digital Zoom
- 2,5" LCD skjár
- Hreyfimyndataka með hljóði
- USB tenging við tölvu
- 19,1mb innbyggt minni
- Tekur xD kort

7.1

VATNSHELD HÖGGHELD

Fullt verð ~~39.999~~

39.999 kr.

Whirlpool AKP233IX
- Bakarofn með blæstri
- Undir og yfirhiti
- Köld hurð
- Stáláferð
- Innbyggingarmál í sm (hxbxd) 56x60x55

Fullt verð ~~54.999~~

29.999 kr.

United UDR4837D
- Tvíátta þurrkari með barka
- Tekur 6kg í þurrkun
- 2 hitastig
- Krumpuvörn
- Rakaskynjari
- Orkunýting C

Fullt verð ~~39.999~~

999 kr.

Melissa 641031
- 750w brauðrist
- Fimm ristunarstig
- Afþýðing fyrir brauð
- Rúnnstykkjahitari

Fullt verð ~~2.499~~

999 kr.

Melissa 641031
- 1600w gufustraujárn
- Einfalt og gott
- Með ryðfríum stál botni

Fullt verð ~~2.999~~

3.999 kr.

Exido 246015
- 500w blandari - stál
- 2 hraðastillingar og púls
- Með glerkönnu
- Með öryggisrofa

Fullt verð ~~5.999~~

1.999 kr.

Melissa 631040
- Vandað fótanuddtæki
- Þrjár stillingar
- Loftbólur frá 58 stútum
- Notist með eða án vatns

Fullt verð ~~3.999~~

1.949 kr. DVD

Líf myndirnar allar
Hlátur innifalinn
- 3 DVD

Fullt verð ~~2.299~~

9.999 kr.

Fullt verð ~~12.999~~

PLAYSTATION 2
Playstation leikjavélin vinsæla, mest selda leikjavélin frá upphafi.



Al Pacio Collection
4 DVD myndir

3.999 kr.

Fullt verð ~~4.999~~

DVD

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

dagskrá

> DANNY DEVITO

Daniel Michael DeVito Jr. fæddist 17. nóvember 1944 í New Jersey. Hann gekk í einkaskóla og eftir útskrift þar fór hann að starfa á snyrtistofu sem systir hans rak. Hann ákvað að reyna fyrir sér sem leikari eftir að hafa orðið ástfanginn af leikkonu einni. Hans fyrsta hlutverk var í myndinni Dreams of Glass árið 1970. Í dag starfar hann sem leikari, leikstjóri og framleiðandi.

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ EUROVISION Í GÓÐRA VINA HÓPI

Sameinast yfir söngvakeppni

Einn stærsti kosturinn við Eurovision-keppninna í gegnum árin er að hún fær vini og vandamenn til að sameinast fyrir framan sjónvarpið og eiga góða kvöldstund saman. Síðastliðinn laugardag átti ég einmitt slíka kvöldstund þar sem gómsætur matur var borinn á borð fyrir gestina, sem allir voru vitaskuld í miklu Eurovision-stuði. Gaman var að fylgjast með viðbrögðum fjölskyldunnar við lögunum sem kepptu um gullna miðann til Helsinki. Margir voru hrifnir af lagi Eiríks Haukssonar en einhverjir héldu samt að hann hefði verið með hárkollu. Aðrir heilluðust af gleðinni í lagi Dr. Gunna sem minnti þá á framlög Dana til Eurovision og enn aðrir höfðu mikla trú á danslaginu Þú tryllir mig. Voru þeir aðdáendur þó eingöngu á meðal hinna allra yngstu. Ánægja var með alla umgjörðina í kringum lagið hans Jónsa en lagið sjálft þótti þó ekki nægilega gott, auk þess sem gert var grín að honum fyrir að þurfa alltaf að vera ber að ofan. Mörgum þótti aftur á móti Friðrik Ómar koma á óvart með sínu framlagi, þó svo að lagið væri algjör Eurovision-formúla. Ragnhildi Steinunni bar einnig á góma fyrir fönguleika sinn og það hversu örugg hún var sem kynnir keppninnar.

EIRÍKUR HAUKSSON Eiríkur Hauksson keppir fyrir Íslands hönd í Helsinki í maí.

Þegar úrslitin voru loks tilkynnt voru flestir sáttir við niðurstöðuna þó svo að SMS-in hefðu ekki endilega öll fallið í skaut Eiríks. Núna er undankeppnin í Helsinki eftir og þá verða enn fleiri Eurovision-partí haldin úti um allt land þar sem fjölskyldur munu sameinast á nýjan leik og segja sínar skoðanir. Í það skiptið verður þó aðeins eitt lag, Ég les í lófa þínum, í brennidepli. Eitt er víst, væntingarnar eiga ekki eftir að vera í neinum takti við lokaniðurstöðuna, en er það ekki bara órjúfanlegur hluti af Eurovision?

EKKI MISSA AF

▶ **19.00 Ísland í dag STÖÐ 2**

▶ **21.00 Smith SIRKUS**

▶ **21.10 Nip/Tuck STÖÐ 2**

▶ **22.10 Porto - Chelsea SÝN**

▶ **22.40 Fimmti bítillinn RÚV**

SJÓNVARPIÐ

17.05 Leiðarljós (Guiding Light)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Disneystundin
18.01 Suðandi stuð (2:21)
18.23 Sígildar teiknimyndir (22:42)
18.30 Herkúles (21:28)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Ljóta Betty (3:22) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaun á dögunum sem besta gamansyrpan og America Ferrera fékk verðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki í þeim flokki. Meðal leikenda eru America Ferrera, Alan Dale, Mark Indelicato, Tony Plana, Vanessa L. Williams, Eric Mabius, Ashley Jensen og Ana Ortiz.
20.55 Nægtaborð Nigellu (9:13)
21.25 Aukaleikarar (3:6) (Extras)
22.00 Tíufréttir
22.25 Íþróttakvöld
▶**22.40 Fimmti Bítillinn - Saga Petes Best** (Best of the Beatles - The Pete Best Story) Heimildamynd um Pete Best, fyrri trommuleikara Bítlanna.
23.40 Kastljós
00.10 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 White Chicks (Hvítar gellur)
08.00 A Cinderella Story
10.00 Beauty Shop
12.00 Be Cool (Vertu svalur)
14.00 White Chicks (Hvítar gellur)
16.00 A Cinderella Story
18.00 Beauty Shop (Hársnyrtistofan)
20.00 Be Cool Framhald hinnar geysivinsælu gáskafullu glæpamyndar Get Shorty.
22.00 The Stepford Wives
00.00 Fourplay (Ástin er óútreiknanleg)
02.00 Final Destination 2
04.00 The Stepford Wives

STÖÐ 2

07.20 Grallararnir (Tiny Toons)
07.40 Tasmanía (Taz-Mania)
08.00 Oprah
08.45 Í fínu formi 2005
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Related (13.18) (Systrabönd)
10.05 Ganga stjörnurnar aftur?
10.50 Whose Line Is it Anyway?
11.15 60 mínútur (60 Minutes)
12.00 Hádegisfréttir
12.40 Nágrannar (Neighbours)
13.05 Jane Hall´s Big Bad Bus Ride
14.00 Osbournes (2.10) (e)
14.25 American Idol (9.41)
15.50 Shoebox Zoo
16.13 Sabrina - Unglingsnornin
16.38 Stubbarnir
17.03 Könnuðurinn Dóra
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar (Neighbours)
18.18 Íþróttir og veður
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
▶**19.00 Ísland í dag**
19.40 Oprah
20.25 Extreme Makeover (8.23)
▶**21.10 Nip/Tuck** (8.15) (Klippt og skorið)
22.00 Medium (3.22) (Miðillinn) Dulmagnaður spennuþáttur þar sem Alison Dobois heldur áfram að aðstoða lögregluna við morðrannsóknir.
22.45 Grey´s Anatomy (12.22)
23.30 Kompás
00.05 Walkout (Stúdentauppreisnin)
01.55 The Closer (13.15) (Málalok)
02.40 Mr. 3000 (Herra 3000)
04.20 A Thing Called Love (3.6)
05.20 Fréttir og Ísland í dag
06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18.00 Insider (e)
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.30 Seinfeld
19.55 3. hæð til vinstri (20.30)
20.00 Entertainment Tonight
20.30 South Park
▶**21.00 Smith** Bobby virðist á yfirborðinu vera venjulegur maður. Hann er með góða vinnu, giftur og býr í fallegu húsi í rólegu úthverfi. En það sem fæstir vita er að Bobby er einnig þjófur. Og enginn venjulegur þjófur. Ránin hans eru þaulskipulögð og djörf. Hann er þó ekki einn í þessu því Bobby hefur góðan hóp með sér og ekkert verkefni er of stórt fyrir þau. En stóra spurningin er hversu lengi getur Bobby lifað þessu tvöfalda lífi án þess að það komist upp? Flottir þættir um flotta glæpamenn. Með aðalhlutverk fara Ray Liotta (Goodfellas), Virginia Madsen (Sideways) og Amy Smart (Starsky and Hutch.
22.50 Brat Camp USA Sage Walk skólinn er ekkert grín og má líkja skólanum við boot camp þar sem krakkarnir þurfa m.a. að ganga upp fjöll með þunga bakpoka og gera fleiri erfiðar æfingar.
23.40 Insider
00.05 Ali G (e)
00.35 The Loop (e)
01.00 Seinfeld
01.25 Entertainment Tonight (e)
01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
16.45 og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Melrose Place (e)
14.45 Vörutorg
15.45 Innlit / útlit (e)
16.45 Beverly Hills 90210
17.30 Rachael Ray
18.15 Melrose Place
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 The King of Queens (e)
20.00 Love, Inc. Gamanþáttur um stefnumótaþjónustu sem hjálpar lánlausum gaurum að fínpússa stefnumótatæknina fyrir stóru stundina. Þótt sérfræðingarnir viti hvað er best fyrir viðskiptavininn er ástarlíf þeirra sjálfra oft í mikilli flækju.
20.30 Out of Practice
21.00 America's Next Top Model - Lokaþáttur Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Það er komið að stóru stundinni og Tyra Banks krýnir sigurvegarann.
22.00 Jericho Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandarískum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkuárásir á bandarískar borgir. Íbúar Jericho fást við nýja ógn því svikari býr meðal þeirra. Jericho nær loks sambandi við umheiminn og nýjar spurningar vakna.
22.50 Everybody Loves Raymond
23.15 Jay Leno
00.05 Close to Home (e)
00.55 The Silvia Night Show - NÝTT (e) Frægasta frekjudós landsins snýr aftur í haust og heldur áfram að stuða áhorfendur með sínum óútreiknanlegu uppátækjum og dekurstælum.
01.55 Vörutorg
02.55 Beverly Hills 90210 (e)
03.40 Melrose Place (e)

SKJÁR SPORT

07.00 Ítölsku mörkin (e)
18.00 Palermo - Chievo (frá 17. feb)
19.55 Everton - Tottenham (beint) Á sama tíma er leikur Watford og Wigan í beinni á SkjáSporti 2.
22.10 Watford - Wigan (frá í kvöld)
00.10 Dagskrárlok

Tilboð dagsins!
Saltfiskur a la Catalonia
á aðeins
595 kr./500g
Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir
FISKISAGA Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is

Í KVÖLD

SÝN KL. 19.30

Barcelona - Liverpool

Meistaradeild Evrópu er hafin aftur með 16 liða úrslitum og nú taka leikar heldur betur að æsast. Í kvöld verða Sýn, Sýn Extra og Sýn Extra 2 með beinar útsendingar frá þremur leikjum. Stærsti leikur umferðarinnar verður á Sýn en þar taka Spánarmeistarnir í Barcelona á móti Liverpool. Þar mætast sigurvegarar tveggja síðustu ára í keppninni en Liverpool þarf að komast vel frá þessum leik á Nývangi til þess að eiga möguleika á því að slá ríkjandi meistara út úr keppninni.

▶VIÐ MÆLUM MEÐ UGLY BETTY RÚV KL. 20.10

Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaun á dögunum sem besta gamansyrpan og America Ferrera fékk verðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki í þeim flokki. Meðal leikenda eru America Ferrera, Alan Dale, Mark Indelicato, Tony Plana, Vanessa L. Williams, Eric Mabius, Ashley Jensen og Ana Ortiz.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.05 Morgunvaktin 08.00 Fréttir 09.00 Fréttir 09.05 Laufskálinn 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Pipar og salt
11.00 Fréttir
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Vítt og breitt
14.00 Fréttir
14.03 Útvarpssagan: Snorrabraut 7 (3:18)
14.30 Miðdegistónar
15.00 Fréttir
15.03 Þættir úr íslenskri leikritun: Breyttur heimur (6:12)
16.00 Fréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.00 Fréttir
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Vitinn
19.30 Laufskálinn
20.10 Heima er best
21.00 Út um græna grundu
22.00 Fréttir
22.15 Lestur Passíusálma (15:50)
22.23 Glæta
23.05 Fallegast á fóninn
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-ID** / Enginn viðbjóður

SÝN

07.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistaramörk)
15.50 Þýski handboltinn
16.20 Meistaradeild Evrópu - Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu.
18.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistaramörk)
18.30 Coca Cola mörkin
19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun Heimir Karls og Guðni Bergs hita upp fyrir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
19.30 Meistaradeild Evrópu (Barcelona - Liverpool) Bein útsending. Hér mætast sigurvegarar tveggja síðustu ára í keppninni.
21.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistaramörk) Farið ítarlega yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
▶22.10 Meistaradeild Evrópu (Porto - Chelsea) Jose Mourinho stjóri Chelsea er mikil hetja hjá Porto enda stýrði hann liðinu að Evrópumeisturum árið 2004. Leikurinn er í beinni á Sýn Extra klukkan 19.30.
00.00 Meistaradeild Evrópu (Inter - Valencia) Leikurinn er í beinni útsendingu á Sýn Extra 2 klukkan 19.30.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.10 Peter Pedal **6.35** Bamses Billedbog **7.00** Magnus og Myggen **7.15** Rubbadubbers **7.30** Genbrugsguld **8.00** Kaptajn og besætning byder velkommen **8.30** Smagsdommerne 9.10 Tvillingernes orkester **9.25** OBS **9.30** Læs for livet **10.00** DR Derude Svalbard **10.30** DR Explorer: Klimavidner i arktisk Canada **11.00** TV Avisen **11.10** Kontant **11.35** Grøn glæde **12.00** Hvad er det værd **12.25** Aftenshowet **13.20** Verdens sejeste dansker **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Det Vildeste Westen **15.15** SKUM TV **15.30** Pucca **15.35** Hannah Montana **16.00** Junior **16.30** Snip Snap Snude **16.50** Sallies historier **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** De moderne familier **19.00** For farlig til frihed **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** En sag for Frost **22.15** Onsdags Lotto **22.20** Forbrydelsen **23.20** Arbejdsliv - find et job! **23.50** Boogie Update

NRK 1

8.30 Ansikt til ansikt med villsvinet **9.00** Siste nytt **9.05** Muntlig spørretime **10.00** Siste nytt **10.05** Perspektiv: Kongsgården på Ladegaardsøen **10.30** Kong Harald fyller 70 år **10.32** Festen er snart i gang **11.00** Festgudstjeneste for H.M. Kong Harald **12.00** Siste nytt **12.05** Tilbakeblikk **13.00** Siste nytt **13.05** Konge for hele landet **14.00** Siste nytt **14.05** Konge for hele landet **14.30** Gavedryss i Slottsparken **15.00** Siste nytt **15.03** Gavedryss i Slottsparken **15.30** Fabrikken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Perspektiv: Da Oddvar Brå brakk staven **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Lisa Loop **17.10** Jenta i fjellene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Jubileumsmiddag på Akershus Slott **18.55** Kongen vår er 70 år **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis: Frihet har sin pris **22.00** Kveldsnytt **22.25** Lydverket **23.00** Pakten

SVT 1

8.30 Garage om film **9.00** Extra **9.25** Born Wild **9.30** Great thinkers of our time **10.00** Garage guld **10.30** UR-val **11.00** Rapport **11.05** Prins Joachims Schackenborg **13.10** Fönstret åt gården **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Krokodill **17.00** Fifi och blomsterfröna **17.10** Alice börjar skolan **17.20** Små spöken **17.30** Kolla Gud **17.45** Klister **18.00** Rea **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Växtzon 5 **20.00** Stockholm live **20.30** I morgon börjar VM **21.00** Sexy Beast **22.25** Rapport **22.35** Kulturnyheterna **22.45** Bingo Royale **23.30** Sändningar från SVT24

ÚTSALAN
ER Í FULLUM GANGI!
Mikið úrval af vörum á frábæru tilboði - kíkið við, sjáið og sannfærist!

hülsta
Svefnherbergið.
Sýningareintök af **Hülsta** rúmum, skápum og kommóðum á **50%** afslætti.
Þýska gæðavörumerkið **Hülsta** hefur verið að ryðja sér til rúms hér á Íslandi en svefnherbergishúsgögnin frá Hülsta eru í algjörum sérflokki. Það þarf að rýma fyrir nýjum vörum og því eru **Hülsta** rúm, skápar og kommóður á **50%** afslætti.

Stór og glæsileg verslun með fjölbreytt úrval af húsgögnum og smávöru fyrir heimilið að **Síðumúla 30**
heima
síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242

GAMLA MYNDIN

„Ég var rosalega grönn á þessum tíma, hef greinilega haft mikið að gera í barnauppeldi og vinnu. Mér sýnist mig vanta nokkur kíló. Ég held að hárgreiðslan hafi nú verið barn síns tíma, ég hef haldið mig í stutta hárinu undanfarin ár.“

Elín Hirst fréttastjóri. Myndin er tekin á upphafsárum Stöðvar 2, þegar Elín var þar varafréttastjóri.

Klerkur kannast ekki við klámbræður

Þýðandinn Gísli Ásgeirsson og karl faðir hans hafa grafið upp ansi merkileg ættartengsl bræðranna og Vestur-Íslendinganna Scott og Grant Hjorleifson en nafn þeirra hefur borið á góma í tengslum við klámráðstefnuna sem halda á hér um miðjan mars. Bræðurnir eru nefnilega komnir af skáldinu fræga, Bólu-Hjálmari, sem þýðir að sr. Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur er meðal ættmenna þeirra.

GÍSLI ÁSGEIRSSON Þýðandinn og faðir hans hafa komist að ættartengslum Bólu-Hjálmars og klámbræðranna Scott og Grant Hjorleifsona.

„Þetta var nú aðallega pabbi sem grúskaði í þessu,“ útskýrir Gísli og vill meina að séra Hjálmar eigi fátt sameiginlegt með þessum fjarskyldu frændum sínum – Hjálmar sé drengur góður, mikill íslenskumaður og gott skáld. „Ef Scott og Grant hafa einhvern tímann ort eitthvað þá er það bara klám. Og það er kannski ósanngjarnt að bendla Hjálmar við þessa menn en hann er bara frægasta skyldmennið í ættinni,“ segir Gísli. Gísli bendir jafnframt á að gaman sé að velta fyrir sér merkingu orðsins klám í íslenskri tungu. Klám sé eitthvað sem er bæði hrjúft, gróft og erfitt en til gamans má geta að vinsæl þrekraun fyrir göngufólk á hinni víðfrægu gönguleið, Laugaveginum, heitir einmitt Klámbrekka.

Sr. Hjálmar kom af fjöllum þegar Fréttablaðið bar þessi ættartengsl undir hann. „Ég á ættingja í Vesturheimi eins og flestir en kann engin deili á þessum mönnum,“ segir Hjálmar sem kvaðst hafa lítinn sem engan áhuga á umræðu um klámið og ráðstefnuna. „Ég kann ekki við þegar menn þykjast ekkert vera að velta sér upp úr klámi en eru samt sem áður að því.“

- fgg

HJÁLMAR JÓNSSON Kunni engin deili á þessum klámkóngum sem eru afkomendur Bólu-Hjálmars.



LÁRÉTT **2** kornstrá **6** mjöður **8** kvikmyndahús **9** matjurt **11** berist til **12** faðma **14** þrengsli **16** í röð **17** eldsneyti **18** hætta **20** komast **21** málmhúða.

LÓÐRÉTT **1** knattleiksknött **3** í röð **4** land **5** form **7** lántakandi **10** blund **13** afbrot **15** gón **16** leikföng **19** ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 hálm, **6** ól, **8** bíó, **9** kál, **11** bt, **12** knúsa, **14** þröng, **16** de, **17** kol, **18** ögn, **20** ná, **21** tína.

LÓÐRÉTT: 1 þokk, **3** áb, **4** líbanon, **5** mót, **7** lánþegi, **10** lúr, **13** sök, **15** gláp, **16** dót, **19** nn.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 10

1. Inga Sæland
2. Kristín Á. Guðmundsdóttir
3. Í Reykhólasveit

HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR: BLAÐAFULLTRÚI JUDE LAW SEGIR ÞAU GÓÐA VINI

Halla í heimspressunni

Breska götublaðið The Sun birti í gær frétt um rómantískt stefnumót breska leikarans Jude Law og íslensku leikkonunnar Höllu Vilhjálmsdóttur á föstudagskvöldið síðasta. „Seems like an Ice Girl, Jude,“ er fyrisögnin á frétt The Sun en Fréttablaðið greindi frá kynnum Höllu og Law á mánudaginn. Þar kom fram, rétt eins og í frétt The Sun í gær, að Halla og Law snæddu kvöldverð á Domo og skemmtu sér svo á Sirkus. Fréttin um Höllu og Law er fremst í svokölluðum Showbiz-dálki sem er með þeim mest lesna á vefsíðu blaðsins. Þar má einnig sjá myndasýningu með myndum af Höllu en The Sun segir íslensku leikkonuna vera menntaða frá breska leiklistarskólanum í Guildford.

HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR Fréttir um stefnumót leikkonunnar og Jude Law hafa farið eins og eldur í sinu um netið.

Fréttablaðið hafði samband við Gordon Smart, aðstoðarritstjóra afþreyingardeildar The Sun, sem upplýsti að blaðafulltrúi Jude Law hefði hringt og sagt Jude og Höllu ekki vera par. „Ég gat hins vegar ekki skilið hann betur en svo að þau væru góðir vinir,“ sagði Smart í samtali við Fréttablaðið. „Og ég er jafnframt viss um að blaðafulltrúinn hafi ekki talað við Law þar sem hann er floginn út til Los Angeles.“

Aðrir vefmiðlar tóku fréttina upp í gær og mátti sjá fyrirsagnir á borð við „Jude‘s New Love“ og „Ice queen raises Jude’s temperature?“ Sumir miðlanna eru reyndar ekki par hrifnir af Jude og framkomu hans gagnvart ástkonum sínum og óskar blaðamaður megastar.co.uk Höllu góðs gengis með kvennabósann. Á huldu hefur legið hvar og hvenær Halla og Jude Law hittust fyrst en samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins munu þau hafa kynnst á 101 Hótel á fimmtudaginn í síðustu viku.

„Ég myndi ekki telja að umfjöllun The Sun væri slæm fyrir Höllu og það er vel hægt að nýta sér svona hluti, ferlinum til framdráttar, þótt Halla eigi eflaust ekki eftir að gera það,“ segir Einar Bárðarson, sem er eldri en tvævetra í þessum bransa og hefur margoft þurft að koma skjólstæðingum sínum á framfæri við fjölmiðla. „Hugsanlega er þetta ekki frétt sem hann eða hún vill en þetta er ekki vont frá mínum sjónarhóli,“ bætir umboðsmaðurinn við. Hann segir ógjörning að fara leynt með svona stefnumót við jafn frægan mann og Law. „Og ef þú vilt það þá ferðu ekki á opinberan stað,“ segir Einar. Hann telur þó að Halla eigi eftir að takast á við þetta af stakri snilld. „Hún er dugleg og klár stelpa.“

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTT THE SUN Stefnumóti Höllu Vilhjálmsdóttur og Jude Law voru gerð góð skil.

EINAR BÁRÐARSON Er sannfærður um að Halla eigi ekki eftir að láta þetta litla fjölmiðlafár á sig fá.

JUDE LAW Fær sums staðar kaldar kveðjur frá blaðamönnum sem telja hann hinn mesta flagara.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Árshátíð stjórnmálafræðinema við Háskóla Íslands var haldin um helgina á Kaffi Reykjavík. Metmæting var meðal kennara, tólf þeirra sýndu sig, enda var ræðumaður sjálfur **Jón Baldvin Hannibalsson** sem kom ásamt spúsu sinni **Bryndísi Schram** – glæsilegri en nokkru sinni. Jón Baldvin hins vegar gerði bragð úr 11. boðorðinu, talaði mest um hvursu fánýt fræði stjórnmálafræðin eru og vék síðan með nokkrum skömmum að **Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni** sem var vitaskuld meðal gesta. Að lokinni ræðu Jóns, sem virkaði á mannskapinn eins og þegar ketti er strokið öfugt, reyndi **Ólafur Þ. Harðarson** að jafna leikinn og setja ofan í krataforingjann sinn sem brást hinn versti við og yfirgaf samkomuna í fússi. Skömmu síðar fór Bryndís og var henni ekki skemmt.

Það var ekki bara íslenska kvenþjóðin sem gladdist yfir dvöl leikarans **Jude Law** hér á landi í síðustu viku. Einn þeirra sem heilsaði upp á hann í koníaksstofunni á 101 hótel, þar sem Law gisti, var **Orri Hauksson**, stjórnarformaður Skjás eins og framkvæmdastjóri hjá Símanum. Afar vel fór á með þeim kumpánum Jude og Orra, svo vel að fólk á næstu borðum var handvisst um að þar færu aldavinir.

Litlar líkur eru taldar á því að **Eiríkur Hauksson** verði fulltrúi Íslands í árlegum Eurovisionþætti þar sem spekingar segja álit sitt á lögunum í keppninni. Ákvörðun um þetta verður væntanlega tekin í dag, en Eiríkur mun vera sannfærður um að það sé ekki við hæfi að hann segi álit sitt á öðrum lögum í keppninni, lögum sem kunna að enda ofar en hans eigið lag. Sænskir sjónvarpsmenn pressa þó stíft á Eirík og hafa látið hafa eftir sér að tilgangslaust sé að gera þáttinn án Eiríks Hauks-sonar. - jbg/hdm

Gísli Örn ráðinn í breska þjóðleikhúsið

„Það er mikill heiður að vera boðið að leika í þessu virta leikhúsi,“ segir Gísli Örn Garðarsson leikari, sem hefur verið ráðinn í burðarhlutverk í leikritinu Matter of Life and Death, sem sett verður á fjalirnar í breska þjóðleikhúsinu í maí.

Verkið byggist á samnefndri og víðfrægri bíómynd frá 1946 með David Niven í aðalhlutverki en sviðsuppfærslan er í höndum Tom Morris og Emmu Rice. Eins og þekkt er orðið vöktu Gísli Örn og Vesturport mikla athygli í Englandi með Rómeó og Júlíu og Woyzcek, auk þess sem hann lék í Hamskiptum Kafka þar ytra. „Ég býst við að þetta sé afleiðing af þeim sýningum og er enn eitt ævintýrið á ferlinum. Þetta er umfangsmikil sýning, sýnd á stærsta sviði leikhússins og með mörgum þekktum nöfnum úr bresku leikhúsi.“

Gísli heldur utan 18. mars en verkið verður frumsýnt 3. maí og er sýnt til 21. júní. Þótt hann hafi leikið á ensku oft áður segir Gísli það alltaf vera þröskuld að leika á annarri tungu en móðurmálinu. „Þetta er alltaf ákveðinn þröskuldur og maður þarf að undirbúa sig sérstaklega vel.“

Þrátt fyrir velgengnina á Englandi býst Gísli Örn þó ekki við að flytja þangað. „Það stendur ekki til í bráð að minnsta kosti. Ég hef samþykkt að taka þátt í nokkrum spennandi verkefnum hér heima næsta vetur.“

- bs

GÍSLI ÖRN Hefur áður leikið á Englandi í sýningunum Rómea og Júlía, Woyzcek og Hamskiptin.

CONCERT KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ THULE OG MASTERCARD

ENGIN HLJÓMSVEIT Í HEIMINUM HEFUR SELT EINS MIKIÐ AF MIÐUM Á ÍSLANDI OG DEEP PURPLE. NÚ SNÚA ÞEIR AFTUR MEÐ STÓRTÓNLEIKA Í HÖLLINNI

DEEP PURPLE

LAUGARDALSHÖLL 27. MAÍ 2007

MIÐASALA HEFST FIMMTUDAGINN 1. MARS
MASTERCARD FORSALA MIÐVIKUDAGINN 28. FEB.

THULE

SÉRSTAKIR GESTIR:

URIAH-HEEP

MasterCard

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/ klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

CONCERT

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

Ráðast gaddaskötur bara á merkilega menn?

Í síðustu viku kom upp sérkennileg deila á Morgunblaðinu sem þrír blaðamenn þar á bæ flæktust inn í. Upphafið má rekja til greinar sem einn þeirra skrifaði um lát fyrirsætunnar Önnu Nicole Smith og birtist undir fyrirsögninni Dauðinn og stúlkan. Þar er sagt að hún hafi ekki „unnið sér margt til frægðar“ en síðan tekið til við að telja upp einmitt það sem hún varð fræg fyrir; hún var valin leikfélagi ársins hjá Playboy, lék í kvikmyndum og síðan giftist hún 89 ára gömlum manni sem lést skömmu síðar en sonur hans hratt þá af stað miklum málaferlum um arfinn. Í greininni er tekið fram að kvikmyndirnar sem Anna Nicole lék í hafi verið „lélegar“, hún hafi verið „hæfileikalaus“ og klykkt út með að það sé „því hæpið að segja að hún hafi verið merkileg manneskja“ án þess að skilgreint sé hvað einkenni merkilega manneskju.

DAGINN eftir skrifaði annar blaðamaður Moggans pistil þar sem honum fannst kollegi sinn hafa sýnt látinni konu lítilsvirðingu og vitnaði í Biblíuna máli sínu til stuðnings. Þá hefði maður haldið að nóg væri að gert en þá barst fyrsta blaðamanni í Önnu-Nicole-fræðum liðsauki úr óvæntri átt. Víkverji tók nefnilega til við að býsnast yfir „áhug[a] íslensku þjóðarinnar á sviplegu andláti“ konunnar og kom því að svona í forbífartinn að hún „hlaut ekki heimsfrægð vegna starfs síns ... heldur vegna þess að hún gekk ung að eiga aldraðan auðkýfing sem andaðist skömmu síðar“.

ÞETTA er alrangt eins og upptalningin í fyrstu greininni sýnir. Anna Nicole sat reyndar ekki bara fyrir í Playboy, heldur var hún líka eitt sinn andlit tískufyrirtækisins Guess, rétt eins og sjálf Claudia Schiffer. Í samtíma okkar duga fyrirsætustörf, kvikmyndaleikur, áhugavert dómsmál og raunveruleikaþættir, eins og þeir sem gerðir voru um Önnu Nicole, til að verða frægur og halda frægðinni við. Með öðrum orðum þá var Anna Nicole Smith ekki fræg fyrir ekki neitt.

KANNSKI var upphaflegur tilgangur Víkverja og höfundar Dauðans og stúlkunnar sá að fjalla um áhuga fólks á láti Önnu Nicole en einhvers staðar bar þá af leið. Kappið við að gera lítið úr henni sjálfri skín fullsterkt í gegnum textann. Hvar héldu þessir menn sig eiginlega þegar fjölmiðlar fóru hamförum yfir láti Ástralans, hvað-hannnú-hét, sem var fyrir gaddaskötunni í fyrra?

www.toyota.is

FRIÐURINN ER INNI

Nýr og veglegri Corolla

Hljóðlátastur í sínum flokki

Hönnunin tryggir lágmarks veghljóð og loftmótsstöðu
Hljóðeinangrandi efni draga úr titringi og vélarhávaða
Enn fullkomnari vél
Framúrskarandi aksturseiginleikar
Hátt endursöluverð
Enn meiri þægindi
Glæsilegri
Meira innra rými
Stærri
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og reynsluekur nýjum Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Nýr Corolla er bíllinn sem þig langar í, bíllinn sem leyfir þér að vera eins og þú vilt, þar sem þú nýtur þín best.

Verð frá 1.999.000*. kr.

ÍSLENSKA SÍA.IS TOY 36235 02/07

*Corolla SD Terra

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 Reykjanesbær Sími: 420-6600	Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070